

**SKOÐUN** Vilja jafnræði í úthlutun fjár til vegamála, skrifar Ó. Ingi Tómasson. 14



**MENNING** Ljósið læðist inn á Vetrarhátíð með Mary Pinkoski. 20



**LÍFIÐ** Ungar myndlistarkonur setja upp sýningu með verkum um Möru. 30



**SPORT** Kraftlyftingamaður féll á lyfjaprófi en áfrýjar til íþróttadómstólsins. 26


ÓDÝRARI FARGJÖLD OG BREIÐARA BROS

wow air



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
4. febrúar 2015
29. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**MARKAÐURINN**



### Fer til Svíþjóðar

Stærsti munurinn á að vinna í banka og hjá tölvuleikjafyrirtæki er að bankinn starfar á innanlandsmarkaði en tölvuleikjafyrirtækin á alþjóðlegum markaði. Þetta segir Elísabet Grétarsdóttir sem hefur prófað hvort tveggja.

**FRÉTTIR**

**Eyðimerkurgöngu lýkur í Öskjuhlíð** Ásatrúarmenn hnýta nú lausa enda til að geta hafið byggingu langþráðs helgidóms safnaðarins við Fossvog. 2

**Föst heima** Fótbrotin og fjölfötluð kona er föst heima vegna skorts á aðstoð. 6

**Þjóðarmorð ekki sönnuð** Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur hafnað ásökunum Króata og Serba. 10





14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | | VSV | 18 |
| Akureyri | 1° | | VSV | 16 |
| Egilsstaðir | -1° | | VSV | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | V | 12 |
| Reykjavík | 3° | | VSV | 11 |

**Strekkingsvindur** en hvasst, jafnvel stormur með N- og SA-ströndinni og til fjalla N-lands. Dálítil úrkoma vestan til, frostlaust með ströndum landsins. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Reykjavík cocktail weekend| Fólk





# Forstjóri Kauphallar segir skorta gagnsæi

Forstjóri Kauphallar Íslands segir áhyggjuefni hve lítið gagnsæi er í kringum afgreiðslu beiðna um undanþágur frá gjaldeyrishöftum. Viðskiptaráð er sammála.

**EFNAHAGSMÁL** „Með hliðsjón af óumdeildum ávinningi gagnsæis er það áhyggjuefni hversu lítið gagnsæi er í kringum afgreiðslu beiðna um undanþágur frá gjaldeyrishöftum.“ Þetta segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, í grein í Markaðnum í dag.

Páll segir Seðlabankann telja gagnsæi takmörkunum háð vegna þagnarskyldu gagnvart umsækjendum en hafi reynt að koma til móts við kröfu um aukið gagnsæi með birtingu upplýsinga um almenna framkvæmd undanþágubeiðna.

„Umsækjendum er engu að síður nokkur vandi á höndum við mat á því hvort jafnræðis sé gætt í ákvörðunum bankans. Einfalt væri að draga úr tortryggni, til dæmis með því að bjóða upp á fljótvirka kæruleið eins og Viðskiptaráð Íslands hefur lagt til,“ segir Páll.

Viðskiptaráð sendi umboðsmanni Alþingis og Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, bréf í september með tillögum um umbætur á stjórnsýsluháttum Seðlabanka Íslands, þar á meðal tillögu um kæruleið þannig að unnt sé að láta reyna á bæði málsmeðferð og niðurstöðu ákvarðana.

„Það sem við höfum nefnt sem viðbótarvalkost er að fyrirtækjum verði gefinn kostur á flýtiafgreiðslu á undanþágubeiðnum í samhengi við það að það er mjög misjafnt hvað eru miklir hagsmunir undir þegar kemur að þessum undanþágubeiðnum. Og í þeim tilfellum þar sem þarf að fá svar fljótt í samhengi við þann gjörning sem um ræðir, þá sé fyrirtækinu gert kleift að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem fylgir slíkri flýtiafgreiðslu,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Eftir ábendingar ráðsins segir Frosti Seðlabankann hafa birt á heimasíðu sinni ítarlegri upplýsingar um eðli undanþáguferlisins, en ekki brugðist við að öðru leyti.

- jhh / sjá Markaðinn

> **Einfalt væri að draga úr tortryggni, til dæmis með því að bjóða upp á fljótvirka kæruleið.**
>
> *Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.*



**SPENNTUR** Ásgeir hlakkar til að túra með alt-J. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ásgeir fer til Ástralíu á ný:

## Fer í tónleikaferð með alt-J

**TÓNLIST** „Mér líst mjög vel á þetta og er mjög spenntur,“ segir tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti Einarsson. Hann er á leið í tónleikaferð með ensku indí-hljómsveitinni alt-J. Hún fékk Mercury-verðlaunin virtu árið 2012 fyrir sína fyrstu plötu, An Awesome Wave.

Ferðast verður um Ástralíu maí. „Þetta er líklega með stærstu tónleikum sem við höfum tekið, þetta eru allt tíu til fimmtán þúsund manna tónleikastaðir,“ segir Ásgeir.

- glp / sjá síðu 30



**LEIKUR Á TJÖRN** Caribe, þriggja ára, undirbýr skautaferð á Reykjavíkurtjörn. Hún er dóttir Natöshu og Jay Thompson González sem búa með Caribe og tveimur eldri dætrum sínum í seglskútu í gömlu höfninni í Reykjavík. „Við viljum njóta þess að vera hér um vetur og okkur finnst gaman að fara á skauta, við tökum með okkur skóflur og sköfum ofan af ísnum og reynum að fá Íslendingana til að skauta með okkur,“ segir Jay glaður í bragði. Þau hjón eiga von á barni í byrjun mars og dvelja hér fram í júnímánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Deilt um náttúrupassa:

## Ráðherra gerður afturrækur

**ALÞINGI** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, skapaði enn frekari óvissu um afdrif frumvarps um náttúrupassa undir lok fyrstu umræðu í gærkvöldi, þegar hún velti því upp hvort vísa ætti málinu til umhverfis- og samgöngunefndar en ekki atvinnuveganefndar.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Heitar umræður urðu um málið og lýstu flokksbróðir ráðherra, Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, og fleiri sig algjörlega andsnúna hugmyndinni. Að lokum lagði ráðherra til að málið færi til atvinnuveganefndar en til umsagnar í öðrum nefndum.

- kóp / sjá síðu 8


Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun





Heimilistæki
ht.is


Fjórar konur og einn karl í starfshópi ráðherra um jafna stöðu foreldra:

## Lög brotin við skipun starfshóps

**JAFNRÉTTI** „Þetta stenst ekki lög,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, spurð um skipan Ólafar Nordal innanríkisráðherra á starfshópi sem á að kanna hvernig megi jafna stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna.

Umræddur starfshópur er skipaður fimm konum og einum karli, og hlutfall kvenna er því 80% á móti 20% karla.

Í 15. grein jafnréttislaga, eða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, komi skýrt fram að það beri við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga að gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

„Það er áhyggjuefni að þetta skuli gerast trekk í trekk án þess að nokkuð réttlæti það,“ segir Kristín og vísar til þess að Þjóðleikhúsráð, sem skipað var fyrir skemmstu, uppfyllir ekki fyrrnefnd lög um jafna stöðu karla og kvenna. Fjórir karlar sitja í ráðinu en aðeins ein kona. Skipanin í Þjóðleikhúsráð er til skoðunar hjá Jafnréttisstofu og skýringa hefur verið leitað hjá hlutaðeigandi ráðuneyti. Það sama mun verða uppi á teningnum varðandi hóp innanríkisráðherra.

- shá / sjá síðu 4



> **Það er ekki hægt að sjá að það sé nokkur einasta ástæða fyrir því að fleiri lögfræðingar af karlkyni geti ekki haft þekkingu á þessum málaflokki.**
>
> *Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.*


Kvef og flensa?





www.gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



Bibbi, verður skálmöld í Evrópu?

**„Já, það var að minnsta kosti allt vitlaust hér í Bilbao.“**

Snæbjörn Ragnarsson (Bibbi) og félagar í Skálmöld eru lagðir af stað í tveggja vikna tónleikaferð um Suður-Evrópu. Fyrstu tónleikarnir voru í spænsku borginni Bilbao í gærkvöldi.

Háskólamenntun karlmanns var ekki talin réttlæta launamismunun:

# Launalækkun sögð faglegs eðlis

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samband íslenskra sveitarfélaga tekur undir með Kópavogsbæ sem lækkaði laun starfsmanns eftir niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála.

„Þessi niðurstaða er fengin eftir að hafa skoðað málið út frá þeim reglum sem gilda og kjarasamningsbundnum ákvæðum. Niðurstaðan er því faglegs eðlis,“ segir Halldór Halldórsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Önnur sveitarfélög hafa verið að nota þessa aðferð og hafa m.a. lækkað laun karlmanna með því til dæmis að segja upp akstursamningum til þess að jafna launakostnað,“ bætir Halldór við.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

Niðurstaða kærunefndarinnar var að háskólamenntun karlmanns skipti ekki máli í því starfi sem hann gegnir og launamunur hans og konu í sambærilegu starfi verði ekki útskýrður með tilvísun í háskólanám hans.

Kópavogsbær taldi að háskólamenntun karlsins gerði hann að verðmætari starfsmanni sem réttlætti hærri laun hans.

Kópavogsbær ákvað að una úrskurði kærunefndar jafnréttismála og setti karlmanninum laun á nýjan leik miðað við þær forsendur sem fram koma í úrskurði kærunefndarinnar. - ngy

Myndband birt á netinu:

# Brenndu fanga sinn lifandi

**SÝRLAND** Flugmaðurinn Mu'ath Al-Kasaesbeh frá Jórdaníu sem hefur verið í haldi Íslamska ríkisins frá því desember var í gær brenndur lifandi. Samtökin birtu myndband af morðinu á netinu, en olíu var hellt yfir hann og eldur borinn að.

Al-Kasaesbeh var handsamaður eftir að flugvél hans brotlenti í Sýrlandi en síðustu vikur hafa átt sér stað viðræður um lausn hans. ISIS vildu fá Sajida al-Rishaw úr fangelsi, en hún var dæmd fyrir hryðjuverk í Jórdaníu. - skó



**FYRIR DÓMI** Marion „Suge“ Knight var færður fyrir dóm í gær þar sem mál á hendur honum var tekið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rapp-útgefandinn Suge Knight var færður fyrir dómara:

# Sagðist saklaus og fékk brjóstverk

**BANDARÍKIN, AP Suge Knight, fyrrverandi útgefandi rapptónlistar í Bandaríkjunum, lýsti sig saklausan af ákæru um morð og morðtilraun þegar mál á hendur honum var tekið fyrir í Kaliforníu í gær. Að því loknu kvartaði Knight undan verkjum fyrir brjósti og var í skyndingu fluttur á sjúkrahús.**

**Frekari upplýsingar um líðan Suge Knight lágu ekki fyrir í gær, að sögn Johns Gardner, lögreglumanns í skerfaraumdæmi Los Angeles.**

**Knight er gefið að sök að hafa orðið valdur að dauða manns þegar hann í síðustu viku bakkaði pallbíl sínum viljandi á tvo menn. Að atvikinu loknu sögðu vitni hann hafa flúið af vettvangi á bíl sínum.** - óká

Yfir 800 míkrógrömm:

# Gasmengun eykst á ný

**UMHVERFI** Talsverð gasmengun mældist í hádeginu í gær á norðausturhorni landsins. Styrkur brennisteinsdíoxíðs var um 830 míkrógrömm á hvern rúmmetra á Vopnafirði. Þá mældust um 450 míkrógrömm við grunnskólann í Reykjahlíð í Mývatnssveit og rúm 370 míkrógrömm í Kelduhverfi.

Í leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun eru 800 míkrógrömm á rúmmetra sögð óholl fyrir viðkvæma og einkenni frá öndunarfærum líkleg. Þá ber að forðast áreynslu utandyra. Í dag, miðvikudag, berst mengun einkum austur frá eldstöðvunum að því er Veðurstofa Íslands greinir frá. - kbg

Réttur staðgöngumæðra:

# Hefur rétt til að hætta við

**STJÓRNMÁL** Frumvarp til laga sem leyfir staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Íslandi verður lagt fram á Alþingi síðar í mánuðinum. Alþingi samþykkti þingsályktun um staðgöngumæðrun í janúar 2012 og var um haustið skipuðum starfshópi falinn undirbúningur frumvarps um staðgöngumæðrun.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi að Dögg Pálsdóttir, lektor við lögfræðideild HR, sem fer fyrir hópnum segi í frumvarpinu lagða áherslu á réttindi staðgöngumóðurinnar. Þau séu tekin fram yfir rétt væntanlegra foreldra. Þannig er staðgöngumóðir skráð sem móðir barnsins sem hún elur, en gefur svo frá sér. - kbg

# Eyðimerkurgöngunni lýkur loks í Öskjuhlíð

Ásatrúarmenn eru nú að hnýta lausa enda til að geta hafið byggingu langþráðs helgidóms safnaðarins við Fossvog. Liðsmönnum Ásatrúarfélagsins fjölgaði um 750 prósent frá 1998 til 2014. Allsherjargoðinn telur þá þróun munu halda áfram.

**TRÚ** „Þetta hefur verið mikil eyðimerkurganga,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði um langa bið Ásatrúarfélagsins eftir að fá að reisa hof sem senn mun verða að veruleika.

Hofið verður undir Öskjuhlíðinni skammt austan við veitingastaðinn Nauthól. Hilmar segir ásatrúarmenn ekki ætla að steypa sér í skuldir og að byggt verði í tveimur áföngum; fyrst rísi hofið sjálft ásamt tengibyggingu yfir í safnaðarheimili sem þeir sjái fyrir sér að byggja eftir um áratug.

Hilmar segir að nú verði hafist handa við að flytja til gróður á lóðinni. „Við tökum það sem er lífvænlegt og færum það í reitinn okkar uppi í Heiðmörk. Síðan byrjum við að fleyga okkur ofan í klöppina,“ segir hann.

Að sögn Hilmars teygir byggingarsagan sig aftur til ársins 2003. Fyrst var Ásatrúarfélaginu ætluð lóð í svokallaðri Leynimýri, í hlíðinni sunnan undir Perlunni. „Við vorum færð þaðan því við vorum í aðflugslínu,“ útskýrir hann.

Aðspurður segir Hilmar nú flest formsatriði varðandi hofið í höfn. „Þetta er allt að smella. Ég býst við að hofið verði tilbúið haustið 2016,“ segir allsherjargoðinn sem reiknar með að þá verði flutt úr núverandi félagsheimili Ásatrúarfélagsins í Síðumúla.

Mikil fjölgun hefur verið í Ásatrúarfélaginu síðustu árin. Tæplega 2.400 manns eru nú skráðir í félagið sem taldi 280 liðsmenn árið 1998.

„Stærsta breytingin varð árið 2000 og síðan hefur þetta verið upp á við,“ segir Hilmar, sem kveðst ekki eiga von á öðru en að sú þróun haldi áfram þegar söfnuðurinn hefur loks byggt hofið. „Það mun að minnsta ekki draga úr fjölguninni.“

Hofið verður helgidómur ásatrúarmanna. „Þar fara fram allar athafnir á vegum félagsins fyrir þá sem þess óska,“ segir Hilmar. Mikil fjölgun hafi verið á brúðkaupum að vetrarlagi og hofið geri félagið óháðara árstímum.



**HOFIÐ** „Margir sáu sjálfsagt fyrir sér að farið yrði í einhverja víkingaleikmynd. Ég er mjög ánægður með að það var meiri áhugi á að fara í áttina að tímaleysi náttúrunnar,“ segir arkitektinn Magnús Jensson um hugmyndafræðina að baki hofinu. MYND/MAGNÚS JENSSON.



> **Við erum feikilega stolt af þessu svæði sem við berum mikla virðingu fyrir.**
>
> *Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði*



**STAÐURINN** Hér má sjá staðsetningu hofsins við göngustíginn rétt austan við Háskólann í Reykjavík.

„Svo getum við kannski opnað fyrir gestum og gangandi meira en verið hefur.“

Ásatrúarmenn eru afar ánægðir með staðsetningu hofsins í Fossvogi. „Við höfum verið með helgihald á þessum stað og fólk er orðið mjög vant honum og við erum feikilega stolt af þessu svæði sem við berum mikla virðingu fyrir. Við erum að byggja inn í landslagið en ekki á móti því,“ segir allsherjargoðinn. gar@frettabladid.is






Íslenska gámafélagið og Ölfus mættust í Héraðsdómi Suðurlands fyrir helgi:

# Ölfus þarf ekki að afhenda gögn

**ÖLFUS** Kröfu Íslenska gámafélagsins um að fá afhent gögn vegna útboðs um sorphirðu í Ölfusi í lok árs 2013 var hafnað í Héraðsdómi Suðurlands fyrir helgi.

Taldi dómurinn ekki geta tekið afstöðu þar sem einkamál hefði verið höfðað í Héraðsdómi Reykjavíkur milli beggja aðila og Gámaþjónustunnar. Bendir dómurinn á að þegar mál hafi verið þingfest verði dóms ekki krafist um þær kröfur sem eru gerðar í því í öðru máli. Það er álit dómsins að raunverulega sé um að tefla sama sakarefni í báðum málum og því ekki hægt að taka efnislega afstöðu í málinu að þessu sinni.

Forsaga málsins er sú að árið 2013 fór fram útboð á sorphirðu sveitarfélagsins. Þrjú fyrirtæki skiluðu tilboðum í sorphirðuna og átti Gámaþjónustan lægsta tilboðið. Gámaþjónustan fékk þar af leiðandi verkið til ársins 2019.

Íslenska gámafélagið óskaði eftir því að fá afhent gögn um tilboð Gámaþjónustunnar til að glöggva sig á tilboðinu. Sveitarfélagið neitaði að afhenda þau gögn. Íslenska gámafélagið skaut málinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og vildi fá afhent téð gögn. Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélaginu bæri að afhenda gögnin.

Enn neitaði sveitarfélagið að veita fyrirtæki í samkeppni við Gámaþjónustuna upplýsingar um tilboðsgerð hennar. Því hefur verið höfðað mál til þess að fá úr þessu skorið fyrir dómstólum.

Lögfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka iðnaðarins hafa sagt það mikilvægt að upplýsingar sem þessar skuli ekki afhentar samkeppnisaðila. Það myndi grafa undan fyrirkomulagi útboða hins opinbera. - sa



**ÖLFUS** Íslenska gámafélagið hefur í um eitt ár reynt að fá afhent gögn um útboð Ölfuss á sorphirðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS FÆRIR ÞÉR ERLENDA SÉRFRÆÐINGA





## POSITIVE PSYCHOLOGY AND STRENGTH-BASED DEVELOPMENT IN ORGANIZATIONS

*Kennari: Lisa Vivoll Straume, PhD in positive psychology. Straume leads several organizational and leadership development programs in international companies. Within the academic field, she teaches courses in applied positive psychology at different universities.*

**Snemmskráning til og með 9. febrúar**



## ISTQB AGILE TESTER

*Kennari: Eric RIOU du COSQUER, International Software Quality Expert with 14 years of involvement in IT projects, as a developer, tester and test manager.*

**Hefst 17. febrúar**



## VALUATION AND FINANCIAL MODELING

*Kennari: Bruce Watson, an economist who specializes in quantitative finance and finance education. Watson teaches finance and economics at Harvard Extension School and Boston University.*

**Snemmskráning til og með 18. febrúar**

## BEHAVIORAL FINANCE: THE ROLE OF GREED AND FEAR IN FINANCIAL MARKETS

*Kennari: Bruce Watson, an economist who specializes in quantitative finance and finance education. Watson teaches finance and economics at Harvard Extension School and Boston University.*

**Snemmskráning til og með 19. febrúar**



## ANALYTICS WITH UNSTRUCTURED DATA / BIG DATA THE FASCINATING WORLD OF TEXTUAL DISAMBIGUATION

*Kennari: Bill Inmon, the "father of data warehouse" has over 35 years of experience in database technology and data warehouse design. Inmon is known globally for his seminars on developing data warehouses and information architectures.*

**Snemmskráning til og með 23. febrúar**



## MASTERING THE COMPLEX SALE SKILLS AND DISCIPLINES FOR WINNING HIGH-STAKES SALES IN A COMPLEX AND EVOLVING MARKET

*Kennari: David Madsen, VP Global Business Development. Madsen has an exceptional track record in hiring, training and coaching award-winning sales and sales management teams with emphasis on market strategy, new product introduction, and field deployment.*

**Snemmskráning til og með 2. mars**



## BUILDING MORE EFFECTIVE TEAMS

*Kennari: Jennifer Stine, an independent consultant, innovator and a teacher at Harvard Extension School. Stine is an expert in the development of world-class executive and professional programs, with over a decade of leadership experience at Harvard and MIT.*

**Snemmskráning til og með 31. mars**



## COMPREHENSIVE TRAINING IN CLINICAL HYPNOSIS AND STRATEGIC PSYCHOTHERAPY

*Kennari: Michael D. Yapko, Ph.D., is a clinical psychologist and marriage and family therapist. Yapko is internationally recognized for his work in clinical applications of hypnosis, treating depression, and developing strategic, outcome-focused psychotherapies.*

**Hefst 7. maí**



## A HEALTH COACHING FRAMEWORK AS A TOOL FOR TRANSFORMING HEALTHCARE PRACTICE

*Kennari: Karen Lawson, M.D. is board-certified in family medicine and integrative/holistic medicine and a teaching faculty at the University of Minnesota Center for Spirituality and Healing.*

**Snemmskráning til og með 1. maí**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444

endurmenntun.is

## SVONA ERUM VIÐ



**11.611** **tonn af köfnunarefni**

**voru notuð árið 2013 sem tilbúinn áburður. Aldamótaárið 2000 voru tonnin 12.681.**

Níu bílstjórar lögðu niður störf í gær vegna meintra samningsbrota Strætó bs. við þá:

# Leigubílstjórar sem aka fötluðum óánægðir

**SAMGÖNGUR** Níu leigubílstjórar sem ekið hafa fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra á vegum Strætó bs. tilkynntu í gær að þeir myndu ekki fara fleiri ferðir þann daginn.

Enginn bílstjóranna vildi koma fram undir nafni, en einn úr hópi þeirra sagði í samtali við Fréttablaðið að gríðarleg óánægja væri meðal þeirra í garð Strætó bs. Hann bætti við að ekki hefði verið staðið við gerða samninga. Þá hefði Strætó bs. dregið 25 til 30 prósent af launum hans með því að draga frá tíma á milli ferða. Bílstjórar fengju því ekki greitt á milli ferða, en væri þó skylt að vera til taks með skömmum fyrirvara ef þeir væru kallaðir í verkefni á vegum Ferðaþjónustu fatlaðra.

Framkvæmdastjóri Strætó, Jóhannes Svavar Rúnarsson, kveðst vita af óánægju bílstjóra en segist ekki vita hvers vegna þeir hafi tekið þá ákvörðun að aka ekki fleiri ferðir. Hann kveðst þó hafa vitað af umkvörtunum hóps bílstjóra vegna greiðslna fyrir síðasta mánuð, en segir um leið að Strætó hafi staðið við alla samninga. - ngy



**STRÆTÓ** Mikið hefur verið deilt á Ferðaþjónustu fatlaðra upp á síðkastið vegna brotalama í þjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SAMDRÁTTUR** Útflutningur 2014 til Kína er töluvert minni en 2013.

Flutt út fyrir sjö milljarða:

## Útflutningur til Kína minnkar

**VIÐSKIPTI** Útflutningur Íslendinga til Kína dróst saman um þriðjung á síðasta ári, sama ár og fríverslunarsamningur milli ríkjanna tók gildi. Aðallega er um að ræða samdrátt í útflutningi á sjávarafurðum til Kína. Íslendingar fluttu út vörur til Kína fyrir 7.020 milljónir á árinu 2013 samkvæmt talnaefni á vef Hagstofunnar, en fyrir samtals 4.803 milljarða króna árið 2014. Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína tók gildi 1. júlí í fyrra. Þennan mikla samdrátt í útflutningi á milli áranna 2013 og 2014 má fyrst og fremst rekja til samdráttar í útflutningi á nokkrum sjávarafurðum fyrir Kínamarkaðinn samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu. - kbg

Krefst átta milljóna króna:

## Vill bætur frá Vodafone

**DÓMSMÁL** Vodafone á Íslandi hefur verið stefnt fyrir dóm vegna innbrots tölvuhakkara inn á heimasíðu félagsins í lok nóvember 2013. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Vodafone sendi til Kauphallar Íslands í gær. Stefnandi krefst skaða- og miskabóta að fjárhæð 8,4 milljónir króna.

Í tilkynningunni segir að í ljósi málavaxta telji félagið verulegan vafa leika á hvort skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi. En verði félagið dæmt bótaskylt muni bæturnar hafa óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins. - jhh

# Lögbrot við skipun nefndar

Starfshópur innanríkisráðherra um hvernig jafna megi stöðu foreldra með sameiginlega forsjá barna er skipaður fjórum konum og einum karli. Klárt lögbrot, segir jafnréttisstýra sem ætlar að krefja ráðuneytið skýringa.

**JAFNRÉTTI** „Þetta stenst ekki lög,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, spurð um skipan Ólafar Nordal innanríkisráðherra á starfshópi sem á að kanna hvernig megi jafna stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna.

Umræddur starfshópur er skipaður fimm konum og einum karli, og hlutfall kvenna er því 80% á móti 20% karla.

Kristín segir að í 15. grein jafnréttislaga, eða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, komi skýrt fram að það beri við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga að gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Í lagatextanum segir orðrétt að „markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.“

„Það er ekki hægt að sjá að það sé nokkur einasta hlutlæg ástæða fyrir því að fleiri lögfræðingar af karlkyni geti ekki haft þekkingu á þessum málaflokki. Það ber að undirstrika það að þegar tilnefnt er í starfshóp, og útkoman verður þessi, þá ber ráðherra að rétta af kynjahallann. Í þessu tilviki hefði hún getað gert það sjálf með því að tilnefna karlmann, eða í versta falli beðið einhvern tilnefningaraðilann um að breyta sinni skipan. Að auki stendur í lögunum að við tilnefningar skal tilnefna bæði karl og konu til að ráðherra hafi svigrúm til að skipa rétt,“ segir Kristín og bætir við að um sé að ræða annað tilvikið á stuttum tíma þar sem jafnréttislög eru brotin með þessum hætti.

Þar vísar Kristín til þess að Þjóðleikhúsráð uppfyllir ekki fyrrnefnd lög um jafna stöðu karla og kvenna. Fjórir karlar sitja í ráðinu en aðeins ein kona. Skipanin í Þjóðleikhúsráð er til skoðunar hjá Jafnréttisstofu og skýringa hefur verið leitað hjá hlutaðeigandi ráðuneyti. Það sama mun verða uppi á teningnum varðandi hóp innanríkisráðherra.

„Það er áhyggjuefni að þetta skuli gerast trekk í trekk án þess að nokkuð réttlæti það. Lögin segja að upp geti komið sú staða, þegar málið er mjög sérhæft, að skipun sé með þessum hætti. Það á einfaldlega ekki við í þessum tveimur dæmum,“ segir Kristín og aftekur um leið að það skipti máli þó um starfshóp sé að ræða – en ekki nefnd, ráð eða stjórn eins og segir í lagatextanum. „Þetta er ekkert annað en nefnd; annað væri orðhengilsháttur.“ svavar@frettabladid.is



**AÐ LEIK** Hópurinn á að kanna hvernig má jafna rétt foreldra, en skipan hans brýtur jafnréttislög. Myndin tengist efni fréttarinnar ekkert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### EINN KARL MEÐ FIMM KVENNA HÓPI

**Starfshóp um hvernig jafna megi stöðu foreldra með sameiginlega forsjá barna skipa:**

- **Þórhildur Líndal**, forstöðumaður Rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumál og jafnframt formaður, tilnefnd af innanríkisráðherra,
- **Guðríður Bolladóttir**, lögfræðingur í velferðarráðuneytinu, tilnefnd af félags- og húsnæðismálaráðherra,
- **Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir**, sviðsstjóri hjá Þjóðskrá Íslands, tilnefnd af Þjóðskrá Íslands.
- **Pálmi Þór Másson**, deildarstjóri hjá lögfræðideild Kópavogsbæjar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- **Rakel Þráinsdóttir**, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Suðurnesjum, tilnefnd af Sýslumannafélagi Íslands,
- Með starfshópnum starfar **Svanhildur Þorbjörnsdóttir**, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu.



**Það ber að undirstrika það að þegar tilnefnt er í starfshóp, og útkoman verður þessi, þá ber ráðherra að rétta af kynjahallann.**

*Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu*

Staðnað menntakerfi?
Mættu á málfund Viðreisnar
í dag kl. 17-19
Háskóla Íslands, Lögbergi 101
og í beinni útsendingu á vidreisnin.is
Frummælendur:
Ólafur Stefánsson
handboltagoðsögn
Sigvaldi F. Jónsson
frá Nóbel námsbúðum
Saga Guðmundsdóttir
hagfræðinemi
FINNDU OKKUR Á FACEBOOK
Umræður eftir framsögur

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 12° | Friedrichshafen | -2° | New York | 4° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | -1° | Orlando | 22° |
| Basel | 4° | Kaupmannahöfn | -1° | Ósló | -8° |
| Berlín | 0° | Las Palmas | 19° | París | 4° |
| Billund | -2° | London | 4° | San Francisco | 14° |
| Frankfurt | -1° | Mallorca | 8° | Stokkhólmur | 0° |




**Á MORGUN** Strekkingur eða hvasst N-lands og við SA-ströndina.




**FÖSTUDAGUR** Strekkingur eða hvasst víða um land.

**VINDASAMT** verður á landinu næstu daga. Það hlýnar á landinu í dag og verður víða frostlaust með ströndum og hiti yfir frostmarki um mest allt land á morgun. Dálítil úrkoma verður vestanlands í dag og á morgun en á föstudag kólnar með snjókomu.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

HOLME GAARD | ROSENDAHL COPENHAGEN | WMF | GEORG JENSEN | ROYAL COPENHAGEN | Villeroy & Boch 1748













# Höfum opnað nýja og stórglæsilega verslun á fyrstu hæð Kringlunnar fyrir aftan Kaffitár.

## Glæsileg opnunartilboð

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

KRINGLUNNI | S.5681400

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi?
**2.** Hvaða erlenda fréttastofa fékk leyfi til að senda út morgunþátt við gosstöðvarnar í Holuhrauni?
**3.** Hversu mikið hefur stuðningur Pírata aukist frá kosningum?

**SVÖR:**
**1.** Robert Barber. **2.** Bandaríska fréttastofan ABC. **3.** Meira en tvöfaldast, úr 5 prósentum í tæp 12 prósent.

Meirihluti landsmanna á móti því að draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka samkvæmt könnun:

# Fylgjendum aðildar að ESB fjölgar

**EVRÓPUMÁL:** 53 prósent landsmanna eru andvíg því að aðildarumsókn Íslands að ESB verði dregin til baka samkvæmt könnun Capacent Gallup fyrir Já Ísland. Aldrei hafa fleiri verið hlynntir því að Ísland verði aðili að sambandinu, eða 46,2 prósent.

1.450 manns voru í úrtaki Capacent Gallup og svöruðu 60 prósent. Þegar spurt var hvernig fólk myndi greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að sambandinu kom í ljós að naumur meirihluti er andvígur aðild.



**JÓN STEINAR VALDIMARSSON**

„Þá hefur verið hæg en örugg þróun undanfarin misseri þar sem þeim sem styðja aðild fjölgar og að sama skapi fækkar þeim sem eru á móti. Þannig að munurinn er orðinn mjög lítill,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, formaður Já Ísland.

Nýverið boðaði utanríkisráðherra að ný þingsályktunartillaga verði lögð fram á næstu dögum um að aðildarumsókn Íslands frá árinu 2009 verði dregin til baka. „Og þá kemur í ljós að af þeim sem taka afstöðu, sem eru um 89 prósent aðspurðra, eru 60 prósent sem vilja ekki að umsóknin verði dregin til baka. Þannig að þetta tvennt teiknar mjög til þess að það sé í andstöðu við vilja meirihluta þjóðarinnar að draga umsóknina til baka,“ segir Jón Steindór. - hmp, ngy

### ➜ Vilja draga til baka

Eftir birtingu könnunar Capacent Gallup um hug landsmanna til aðildarumsóknar að ESB sendi framkvæmdastjórn Heimssýnar frá sér tilkynningu þar sem áréttað er mikilvægi þess að umsókn Íslands um aðild að ESB verði dregin til baka. „Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur þá skýru stefnu að Ísland eigi að standa utan ESB,“ segir þar.

Lyfjaauglýsing




Afslátturinn gildir í febrúar.

Lyfjaval APÓTEK
Mjódd Álftamýri
Bílaapótek Hæðasmára
Lyfjaval.is • sími 577 1160

# Föst heima og fær ekki meiri aðstoð

Fjölfötluð kona fótbrotnaði illa og er föst heima þar sem enga aukaaðstoð er að fá. Móðir hennar segir vanta úrræði í kerfinu bregði eitthvað út af en hún þarf að vera með henni heima allan daginn og hjálpa henni við allar daglegar athafnir.



**FASTAR HEIMA** Meðan Hrafnhildur er fótbrotin komast þær mæðgur lítið sem ekkert út yfir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VELFERÐARMÁL** „Það vantar úrræði ef eitthvað bregður út af. Þannig að hún geti haldið sinni rútínu,“ segir Arndís Einarsdóttir, móðir Hrafnhildar Sigurvinsdóttur. Hrafnhildur sem er 22 ára gömul er hreyfihömluð með töluverða þroskahömlun, mikla hvatvísi og mjög skert sársaukaskyn. Á föstudaginn í síðustu viku datt hún á heimili sínu og fótbrotnaði illa. Þar sem Hrafnhildur er með viðkvæm bein og brotnar auðveldlega þarf að passa sérstaklega vel upp á hana og eftir fótbrotið má hún ekki stíga í fótinn í sex vikur.

Hrafnhildur fer í dagvistun á hverjum degi þar sem hún er frá klukkan hálf níu á morgnana til fjögur á daginn auk þess sem hún er í skammtímavistun á Holtavegi aðra hverja viku. Vegna fótbrotsins kemst hún ekki í dagvistunina þar sem starfsmenn geta ekki tryggt öryggi hennar vegna manneklu.

„Hún getur ekkert gert sjálf, það þarf að hjálpa henni með allt af því hún má ekki stíga í fótinn,“ segir Arndís móðir hennar þegar blaðamann ber að garði á heimili þeirra. Fjölskyldan býr í kjallaraíbúð þar sem eru tröppur og því erfitt að koma Hrafnhildi í hjólastólnum upp og niður tröppurnar. Þær mæðgur þurfa því að vera meira og minna heima allan sólarhringinn og fá enga auka aðstoð vegna aðstæðnanna. „Það myndi til dæmis hjálpa mikið ef það kæmi einhver hér á morgnana og hjálpaði mér með hana fram úr þar sem maðurinn minn fer snemma í vinnuna,“ segir hún. Móðir Hrafnhildar þarf að lyfta henni í hjólastólinn og hjálpa henni við allar daglegar athafnir yfir daginn. Það þarf talsvert átak við að koma Hrafnhildi í stólinn því hún er með lága vöðvaspennu.

Hrafnhildur virðist ekki kippa sér mikið upp við ástandið og situr skælbrosandi uppi í sófa með löppina upp í loft og dregur fram spilabunka þegar blaðamaður heilsar henni. Hjólastóllinn hennar er við hliðina á sófanum og þar situr kötturinn Lilla og heldur henni félagsskap.

Arndís hafði samband við félagsþjónustuna þegar Hrafnhildur brotnaði en fékk þau svör að það yrði skoðað hvort væri hægt að finna einhver úrræði og var boðin hjálp við heimilisþrif en það er ekki það sem hún þarf á að halda. „Þannig að við erum bara fastar hér.“

Hrafnhildur er sem áður segir með viðkvæm bein og hefur brotnað oft áður. Móðir hennar hætti að vinna fyrir fjórum árum þar sem það reyndist erfitt að samræma umönnun Hrafnhildar og vinnu.

„Ef það er ekki frí, ekki starfsdagur og hún er algjörlega hress þá rúllar þetta en það eru ekki margar vikur á ári,“ segir Arndís. „Það var alltaf eitthvað að koma upp á og þá þurfti ég að rjúka úr vinnu. Síðan þegar hún var í framhaldsskóla þá voru fríin svo löng og erfitt að dekka þau. Það eru fáir sem vilja hafa fólk í vinnu sem þarf alltaf að vera fara frá,“ segir hún og tekur fram að hún viti að þetta sé eins hjá foreldrum margra annarra fatlaðra barna sem hafi þurft að hætta að vinna.

Hrafnhildur hefur lengi beðið eftir búsetuúrræði en ekki fengið. „Hún var efst á lista sumarið 2013 en fékk ekki úthlutað og það hefur ekkert gerst síðan þá. Hrafnhildur er búin að vera í skammtímavistun aðra hverja viku í níu ár. Það hentar henni ekki lengur þar sem hún er orðin fullorðin kona og þarf sitt eigið heimili og rútínu sem er eins viku frá viku.“

viktoria@frettabladid.is



Sími 519 7550

TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR OG 60+

▶ TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR OG 60+
Námskeið sérsniðið fyrir byrjendur og litt vana tölvunotendur. Hæg yfirferð með reglulegum upprifjunum og endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að skrifa texta í Word ritvinnsluforritinu, setja hann snyrtilega upp og prenta, nýta sér internetið og meðhöndla tölvupóst. Einnig er kennt á ýmsa samskiptamiðla eins og Facebook.

VIÐFANGSEFNI
- Windows – Grunnatriði tölvunnar
- Æfingar í að skrifa texta í tölvu og prenta út (ritvinnsla í Word)
- Internetið til gagns og gamans. Upplýsingaleit og vinnsla á internetinu
- Tölvupóstur. Æfingar í að senda og taka á móti tölvupósti (viðhengi o.fl.)
- Facebook og Skype fyrir þá sem vilja og hafa áhuga

Námskeið 1. Hefst: 5. feb. • Lýkur: 26. feb. • Kennt: þri. og fim. (sjö skipti) kl. 13–16. Námskeið 2. Hefst: 4. mars. • Lýkur: 25. mars. • Kennt: mán. og mið. (sjö skipti) kl. 13–16. Verð: 34.900 kr. Kennsluhefti á íslensku innifalið.

▶ STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG TÖLVAN 60+
Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar. Yfirfærsla mynda í heimilistölvuna, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar, myndir prentaðar og sendar í tölvupósti.

Hefst: 16. feb. • Lýkur: 25. feb. • Kennt: mán. og mið. (fjögur skipti) kl. 13–16. Verð: 22.900 kr. Kennsluhefti á íslensku innifalið.

Skeifunni 11B • Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 150398

PROMENNT

Fíkniefnadeild lögreglunnar í víðtækum aðgerðum á höfuðborgarsvæðinu:

# Tugir húsleita lögreglunnar

**LÖGREGLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu framkvæmdi í síðasta mánuði á annan tug húsleita í óskyldum fíkniefnamálum í Kópavogi og Breiðholti. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að lagt hafi verið hald á talsvert magn af kannabisefnum, en einnig amfetamín, MDMA og stera.

Aðgerðirnar eru liður í að hamla gegn sölu, dreifingu og framleiðslu fíkniefna. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir mannréttindalögfræðingur talaði um aðgerðir lögreglu í þættinum Á Sprengisandi á Bylgjunni síðasta sunnudag og sagði almenning þurfa að velta fyrir sér rétti sínum gagnvart lögreglunni.

„Þegar lögregla mætir og biður um að fá að leita að fíkniefnum eftir ábendingu frá manneskju, er það lögmæt leið eða ekki?“ spyr Þórhildur Sunna og segir skorta ytra eftirlit með lögreglu. „Það vantar heildstæða hugsun og stefnumótun um það hvernig við ætlum að standa vörð um okkar réttindi,“ bendir hún á og segir að fólk viti að lögreglan má ekki biðja einstaklinga um að fá að leita á þeim eða heimilum þess nema að vel athuguðu máli. - kbg



**FÍKNIEFNAMÁLIN TEKIN FÖSTUM TÖKUM** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur gert á annan tug húsleita og lagt hald á kannabisefni, amfetamín, MDMA og stera. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,4** til **4,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **87** til **104**.

**PEUGEOT 2008 KOSTAR FRÁ KR. 3.130.000 - TIL AFGREIÐSLU STRAX**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

# TRAUSTIR, NOTAÐIR GÆÐABÍLAR
## Á HAGSTÆÐU VERÐI



**Audi Q7** S-line TDI 233 hö
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 203.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.290.000**



**VW Passat** Comfortl. Eco.
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 83.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.390.000**



**VW Tiguan** Track&Style
2.0 TDI. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 44.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.290.000**



**Skoda Octavia** Ambiente
1.6 TDI. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 62.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.890.000**



**Skoda Rapid** Amb. 1.2 TSI
105 hö. Árgerð 2012, besín
Ekinn 35.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.690.000**



**Skoda Citigo** Active
60 hö. Árgerð 2013, bensín
Ekinn 69.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.430.000**



**MM Pajero** Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 98.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 6.590.000**



**Audi A4** 2.0 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 48.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.890.000**



**VW Golf** TDI Trendl.
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 125.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.990.000**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR** heklanotadirbilar.is
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16




### Undirskriftasöfnun ÖBÍ vegna samnings SÞ um réttindi fatlaðra:

# Stjórnvöld innleiði samning SÞ

**SAMFÉLAG** Undirskriftasöfnun stendur nú yfir á vef Öryrkjabandalags Íslands, ÖBÍ, þar sem skorað er á stjórnvöld að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna, SÞ, um réttindi fatlaðs fólks. Ísland tók þátt í undirritun samningsins árið 2007.

Nú hefur 151 land innleitt samninginn. Fjögur Evrópulönd eiga eftir að innleiða hann, Ísland, Finnland, Írland og Holland. Samningurinn er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og tækifæri til jafns við aðra í lífinu.



ELLEN CALMON

Ellen Calmon, formaður ÖBÍ, getur þess að fyrrverandi ráðherra innanríkismála, Hanna Birna Kristjánsdóttir, hafi síðastliðið haust sagt að hún ætlaði að leggja fram frumvarp á vorþingi 2015 um lögfestingu samningsins. „Lögfesting felur í sér frekari réttarvernd einstaklinga en innleiðing getur falið í sér lögfestingu. Það að samningurinn hafi hvorki verið lögfestur né innleiddur þýðir að erfiðara verður fyrir fólk að sækja rétt sinn til dómstóla á grundvelli samningsins.“

Ellen segir innleiðingarferli, sem innanríkisráðuneytið hefur umsjón með, hafið. Nú vonist hún til að samningurinn verði lögfestur sem fyrst. **- ibs**



**SÆTIR GAGNRÝNI** Iðnaðarráðherra hefur staðið í ströngu vegna frumvarps um náttúrupassa. Hér spjallar hún við Sigríði Andersen, einn þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem lýst hefur yfir efasemdum um frumvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Óvissa um afdrif náttúrupassans

Þingmenn tókust á um það í hvaða nefnd ætti að vísa frumvarpi um náttúrupassa. Óvissa ríkir um afdrif þess og er andstaða við það í öllum flokkum. Mögulegt er að málið liggi í nefnd fram á haust. Ráðherra er opinn fyrir breytingum.

**ALÞINGI** Fyrstu umræðu um frumvarp Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lauk í gær, en eftir er að kjósa um til hvaða nefndar málinu verður vísað. Mikil andstaða er við frumvarpið, í öllum flokkum, og þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við sögðu allsendis óvíst hvort málið kæmist úr nefnd á yfirstandandi þingi.

Ráðherra segist ekki hafa kannað hvort nægilegur stuðningur sé fyrir því að frumvarpið verði að lögum.

„Ég hef ekki farið í hausatalningu. Ég geri mér algjörlega grein fyrir því að þetta er mál sem menn þurfa að skoða betur,“ segir Ragnheiður Elín og vísar til þess að málið gæti breyst í meðförum þingnefndar. Hún segir margar gagnlegar athugasemdir hafa komið fram, en er ekki tilbúin til að segja að einstök atriði hafi komið fram sem hún vilji sjá til breytingar á frumvarpinu, þótt ýmislegt megi skoða.

„Ef menn telja þörf á því að skýra hlutina betur hvað varðar almannaréttinn, já. Ef menn telja einfaldara fyrirkomulag í boði varðandi það hvernig á að nálgast Íslendinga annars vegar og erlenda ferðamenn, já, þá er ég tilbúin að skoða það.“

Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, voru sammála um að afdrif málsins réðust af vinnu þingnefndar. Mögulega tækist nefndinni að finna sáttaleið sem væri blanda af fleiri hugmyndum um gjaldtöku, en allt eins víst væri að málið yrði látið liggja í nefnd fram á haust.

Málið var afgreitt úr þingflokkum stjórnarflokkanna og gerði þingflokkur Framsóknarflokksins formlega fyrirvara. Heimildir Fréttablaðsins herma að nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi einnig gert fyrirvara við stuðning, þó ekki hafi þeir verið formlegir.

Andstaða gagnvart frumvarpinu er ekki skipulögð og fráleitt ríkir samstaða um hvað gæti komið í staðinn fyrir náttúrupassann. Því er líklegast að blönduð leið verði fyrir valinu. Ragnheiður Elín virðist raunar opin fyrir slíku.

„Ég heyrði í gær [fyrradag] í formanni Ferðamálasamtaka Íslands sem var að tala um hvort hugsanlega væri hægt að fara af stað með einhvern valkvæðan passa meðan fólk væri að venjast tilhugsuninni. Alla svona hluti er ég tilbúin að skoða, að sjálfsögðu.“

Fyrsta umræða um málið tók þrjá daga og reikna má með að einhverjir dagar fari í aðra og þriðju umræðu. Til þess ber að taka að aðeins eru eftir 40 þingdagar samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Það gæti rennt stoðum undir þá spá margra heimildarmanna Fréttablaðsins að málið komi kannski ekki úr nefnd fram að þingfrestun í vor.

kolbeinn@frettabladid.is

## Upphlaup á Alþingi

„Það togast á í mér þau sjónarmið hvort þetta eigi að fara til atvinnuveganefndar eins og menn hafa gert ráð fyrir eða til umhverfisnefndar.“ Þessi orð iðnaðarráðherra á síðustu mínútum fyrstu umræðunnar lýsa því vel hve mikil óvissa ríkir um afdrif málsins. Allir höfðu gert ráð fyrir því að málinu yrði vísað til atvinnuveganefndar og ummæli ráðherra hleyptu illu blóði í þingmenn.

Eftir ýmis brigslyrði, ósk um að hlé yrði gert á fundi og tillögu Róberts Marshall, þingmanns Bjartrar framtíðar, um að málinu yrði vísað til umhverfisnefndar, kom ráðherra í pontu og lagði til að málinu yrði eftir allt saman vísað til atvinnuveganefndar, en ekki til umhverfis- og samgöngunefndar og efnahags- og skattanefndar. Fljótlega eftir það lauk umræðunni, en eftir er að kjósa á milli tillagnanna tveggja.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 15-0107



# BARNATRYGGING SJÓVÁR

## - fyrir það dýrmætasta sem við eigum

Barnatrygging Sjóvár er sniðin að hagsmunum barna og fjölskyldna þeirra. Barnatrygging er í senn sjúkdóma-, örorku- og slysatrygging fyrir barnið auk þess sem hún bætir fjölskyldunni upp tekjumissi og ófyrirséðan kostnað vegna veikinda. Sem foreldri eða náinn ættingi getur þú tryggt unga fjölskyldumeðlimi og sýnt fyrirhyggju sem mun borga sig ef eitthvað hendir barnið.

**Barnatrygging kostar aðeins 1.079 kr. á mánuði.**
**Einfalt er að kaupa trygginguna á sjova.is.**

SJÓVÁ

Genuine Parts®



20% AFSLÁTTUR BREMSUVÖRUR OG BREMSUVINNA VIÐ HEKLUBÍLA

BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!

Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is

HEKLA


Starfsfólk á Litla-Hrauni og Sogni nýtur þjónustu HSU:

# Dregið hefur úr fjarvistum í kjölfar þjónustusamninga

**HEILBRIGÐISMÁL** Gengið hefur verið frá þjónustusamningi um trúnaðarlæknis- og heilbrigðisþjónustu gagnvart heilsuvernd starfsmanna Litla-Hrauns og Sogns og aðgengi þeirra að heilbrigðisstarfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU).

Rúmlega 60 manns starfa á Litla-Hrauni og Sogni.

Reynslan hefur sýnt að fjarvista- og veikindadögum hefur fækkað til muna við þetta og minnkandi starfsmannavelta er hjá þeim fyrirtækjum sem eru með svona þjónustusamning. - kbg



**LITLA-HRAUN** Starfsmenn fá aðhald með nýjum samningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ALÞJÓÐADÓMSTÓLLINN** Dómarar dómstólsins við upphaf dómsuppkvaðningar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Áform um þjóðarmorð ekki sönnuð

Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur hafnað gagnkvæmum ásökunum Króata og Serba um þjóðarmorð árið 1991. Þó hafi sambærilegir glæpir verið framdir.

**HOLLAND** Hvorki Serbar né Króatar geta talist sekir um þjóðarmorð í bænum Vukovar og víðar í Króatíu árið 1991. Þetta er niðurstaða Alþjóðadómstólsins í Haag, sem hefur haft málið til meðferðar síðan 1999.

Dómstóllinn segir engar sannanir hafa fundist fyrir því að Serbar eða Króatar hafi haft áform um að fremja þjóðarmorð. Engu að síður hafi alvarlegir glæpir verið framdir á báða bóga í borgarastríðinu í Króatíu á árunum 1991 til 1995, þegar Júgóslavía var að liðast í sundur. Þeir glæpir séu í reynd sambærilegir við þjóðarmorð, en teljist ekki vera þjóðarmorð nema sérstakur ásetningur um það hafi verið fyrir hendi.

„Það sem yfirleitt eru kallaðar þjóðarhreinsanir teljast ekki vera þjóðarmorð,“ sagði Peter Tomka, forseti dómstólsins, þegar hann las upp niðurstöðuna í gær. „Athafnir þjóðarhreinsunar geta verið partur af áætlun um þjóðarmorð, en einungis ef fyrir hendi er ásetningur um útrýmingu hópsins.“

Stríðsátök hófust í Króatíu vorið 1991, nokkrum vikum áður en Króatar lýstu yfir stofnun sjálfstæðs ríkis og þar með aðskilnaði frá Júgóslavíu. Serbneskir íbúar Króatíu voru ekki sáttir, fóru í stríð og fengu hjálp frá serbneska hernum. Borgarastyrjöldinni lauk ekki fyrr en árið 1995 og hafði þá kostað allt að 20 þúsund manns lífið. Hundruð þúsunda hröktust að heiman.

Dómstóllinn hvatti stjórnvöld í bæði Króatíu og Serbíu til þess að starfa náið saman, meðal annars að því að bjóða fórnarlömbum átakanna viðeigandi skaðabætur.

Stjórnvöld beggja ríkjanna lýstu yfir vonbrigðum með niðurstöðu dómstólsins, en samskipti Serbíu og Króatíu hafa skánað mjög síðustu árin.

Breska útvarpið BBC hefur það eftir Ivica Dacic, utanríkisráðherra Serbíu, að þessi dómsúrskurður sé afar mikilvægur fyrir samskipti ríkjanna: „Með þessu lýkur sennilega ferli sem staðið hefur yfir í 15 til 20 ár, og um leið lýkur baráttunni um að sanna hver sé versti glæpamaðurinn.“

Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur áður dæmt í máli tengdu borgarastyrjöldinni í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Árið 2007 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Serbía hafi ekki framið þjóðarmorð þegar átta þúsund menn voru myrtir í Srebrenica í Bosníu. Í þeim úrskurði voru serbnesk stjórnvöld hins vegar sögð hafa brotið alþjóðalög með því að hindra ekki fjöldamorðin.

gudsteinn@frettabladid.is

## ➜ Þjóðarmorð

**Samkvæmt alþjóðasamningi gegn þjóðarmorðum frá árinu 1948 er þjóðarmorð skilgreint þannig, að í því felist athæfi sem framið er með ásetningi um að eyða, að hluta eða í heild, þjóðernis- eða trúarhópi með því að:**

- Drepa einstaklinga sem tilheyra hópnum;
- Valda einstaklingum, sem tilheyra hópnum, alvarlegu líkamlegu eða andlegu tjóni;
- Vísvitandi skapa hópnum lífsskilyrði, sem eiga að hafa í för með sér útrýmingu hans að hluta eða í heild;
- Grípa til aðgerða sem ætlað er að koma í veg fyrir fæðingar innan hópsins;
- Flytja börn, sem tilheyra hópnum, með nauðung yfir í annan hóp.


NÝ SÝNING EFTIR HUND Í ÓSKILUM




Öldin okkar

21. öldin á hundavaði í tali og tónum

AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR

| | | |
|---|---|---|
| Lau 7/2 kl. 20 UPPSELT | Fös 20/2 kl. 20 örfá sæti | Fös 27/2 kl. 20 örfá sæti |
| Sun 8/2 kl. 20 örfá sæti | Lau 21/2 kl. 17 Aukasýn. | Lau 28/2 kl. 20 |
| Lau 14/2 kl. 20 Aukasýn. | Lau 21/2 kl. 20 örfá sæti | Sun 1/3 kl. 20 |

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

Borgarleikhúsið

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Innköllun á fæðubótarefni:

## Inniheldur slímlosandi lyf




**VERSLUN** Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá Yggdrasil heildsölu um innköllun á fæðubótarefni í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Fæðubótarefnið inniheldur N-Acetyl Cysteine (NAC) sem skilgreint er sem lyf á Íslandi og er slímlosandi. Fæðubótarefnið kallast Now Ocu Support. - kbg

Svarar spurningum gesta:

## Ráðherra ræðir öryggismál


ÓLÖF NORDAL

**STJÓRNMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra ræðir löggæslu og öryggismál í alþjóðasamhengi á á opnum fundi Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál, í hádeginu á morgun. Fundað er í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

Í tilkynningu er umfjöllunarefnið sagt rætt „í ljósi aukinnar umræðu um öryggi almennra borgara í Evrópu“.

Að framsögu lokinni svara ráðherra og Björn Bjarnason, formaður Varðbergs, spurningum. - ngy

Nýlunda í Bústaðakirkju:

## Bíómessa í kirkjunni


ÁRNI SVANUR DANÍELSSON

**SAMFÉLAG** Í dag hefst Bíó- og Biblíuvika í Bústaðakirkju og stendur til 8. febrúar næstkomandi. Þrjár kvikmyndir sem allar tengjast Jesúsögunni verða sýndar í kirkjunni og dagskránni lýkur með bíómessu þar sem fjallað verður um Guð á hvíta tjaldinu í máli og myndum. Sr. Árni Svanur Daníelsson mun þjóna fyrir altari. „Hið íslenska Biblíufélag á 200 ára afmæli, og er elsta félag Íslands og okkur finnst tilvalið að fagna því með því að hafa bíóhelgi í kirkjunni. Við ætlum að horfa á þrjár kvikmyndir og enda dagskrána á bíómessu á sunnudaginn.“

Myndirnar þrjár eru: Jesús frá Montreal, barnamyndin um Járnrisann og Gestaboð Babettu. - kbg




Umhverfisstofnun hefur fyrir sitt leyti gefið leyfi fyrir virkjun fyrir Læknishúsið á Hesteyri:

# Bæjarlækurinn kemur í stað dísilvélarinnar

**UMHVERFISMÁL** Eigendur Læknishússins á Hesteyri hyggjast virkja ána á staðnum til að knýja allt að 30 kílóvatta rafal.

Hesteyri er í Hornstrandafriðlandi. Hornstrandanefnd, Umhverfisstofnun og nú síðast skipulagsnefnd Ísafjarðar hafa heimilað virkjunarframkvæmdina fyrir sitt leyti. Skipulagsnefndin bendir á að fá þurfi leyfi landeigandans.

„Að mati Umhverfisstofnunar þá kemur framkvæmdin eins og henni er lýst ekki til með að hafa neikvæð áhrif á verndargildi Hornstrandafriðlandsins og að auki er það jákvætt að með framkvæmdinni þá mun jarðefnaeldsneyti verða skipt út fyrir orku framleidda með vatnsafli,“ segir Umhverfisstofnun.

Fram kemur að 300 metra vatnslögn að stöðvarhúsi og 800 metra rafstrengur þaðan að Læknishúsinu verði grafinn í jörð með handafli. Sjálft rafstöðvarhúsið verði hulið grasi og steini og eigi ekki að sjást frá gönguleið. - gar


**LÆKNISHÚSIÐ** Á sumrin er rekin ferða- og gistiþjónusta í Læknishúsinu á Hesteyri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ég nota SagaPro

Hjálmar Sveinsson, verkefnastjóri

„Nú vakna ég úthvíldur“




Sama góða varan í nýjum umbúðum

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

# Himinn og haf er á milli deilenda

**Verkalýðsfélag Akraness segir grunnlaun byrjenda í stóriðju Norðuráls til skammar. Farið er fram á ríflega fimmtungshækkun þeirra. Ríkissáttasemjari miðlar málum.**

**KJARAMÁL** Biðstaða er í launadeilu starfsmanna við Norðurál. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir deilunni mjög fljótt hafa verið vísað til Ríkissáttasemjara. Næsti sáttafundur er boðaður níunda þessa mánaðar. „Það er alveg ljóst að enn er himinn og haf á milli deiluaðila,“ segir hann.

Á vef verkalýðsfélagsins hefur verið greint frá því að Norðurál hafi hafnað nær öllum kröfum starfsmanna, en boðið 2,5 prósenta launahækkun, auk 75 þúsund króna eingreiðslu og tengingu við hækkanir sem um kann að semjast á almennum vinnumarkaði. Kröfur starfsmanna hljóða hins vegar meðal annars upp á 20,9 prósenta hækkun byrjunarlauna, úr 206 þúsund krónum í 249 þúsund og að tekið verði upp vaktakerfi sem byggist á þrískiptum átta tíma vöktum, á sömu launum og starfsmenn fá nú greidd fyrir 12 tíma vaktir.



VILHJÁLMUR BIRGISSON

„Það er ekki mikil hreyfing á þessu en við erum alltaf vongóðir á meðan menn tala enn þá saman,“ segir Vilhjálmur. Einhugur sé um baráttumálin meðal starfsmanna.



**HJÁ NORÐURÁLI** Svona renna álkubbarnir úr mótunum hjá Norðuráli. Starfsemi álvera er viðkvæm með framleiðsluferli sem þolir illa truflanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Grundvallaratriði er að fyrirtæki í þessum geira hafa hagnast mjög vel og Norðurál, eitt glæsilegasta fyrirtæki á Íslandi, hefur hagnast nær öll ár frá byrjun. Og í því viljum við fá hlutdeild, því að allir græða ef þeir sem starfa í þessum fyrirtækjum fá góð laun. Sveitarfélögin fá hærri útsvarstekjur, ríkið meiri skatttekjur og verslun og þjónusta blómstrar á þeim svæðum sem slíkar verksmiðjur starfa,“ segir Vilhjálmur. Því skipti miklu máli að ná sem mestu út úr þessum fyrirtækjum. „Og það er hlutverk okkar í verkalýðsfélögunum að gera það.“

Hvað varðar aðgerðir til að þrýsta á um lausn deilunnar segir Vilhjálmur eðli starfseminnar hjá Norðuráli setja vinnustöðvunum ákveðin takmörk. Ál er brætt í kerum sem þola ekki að vera stöðvuð í lengri tíma en fáeinar klukkustundir því þá storknar í þeim málmurinn og þarf að endurnýja kerin með ærnum tilkostnaði. Hinn 1. apríl geti starfsmenn hins vegar kosið um aðgerðir. „Og að sjálfsögðu munum við beita hverjum þeim tækjum og tólum sem við höfum til að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á launum þeirra sem þarna starfa.“

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, sem fer fyrir samninganefnd fyrirtækisins segir best fara á því að halda samningaviðræðum við samningaborðið, en ekki í fjölmiðlum. Málið sé í eðlilegum farvegi hjá Ríkissáttasemjara.

olikr@frettabladid.is

## Öryggisíbúðir Eirar til leigu
## Mosfellsbæ og Reykjavík.







Vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Mosfellsbæ og Reykjavík.

**Eirborgir**, Fróðengi 1—11, Grafarvogi, Reykjavík.

**Eirarhús**, Hlíðarhúsum 3—5, Grafarvogi, Reykjavík.

**Eirhamrar**, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mötuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í næsta nágrenni.

**Nánari upplýsingar í síma 522 5700 virka daga milli kl. 8 og 16**

Eir, hjúkrunarheimili og öryggisíbúðir,
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700
milli 8:00 og 16:00 virka daga.

# LIFI SAMKEPPNIN!

**Plötusala Múrbúðarinnar er á Kletthálsi 7 Reykjavík og að Fuglavík 18 í Reykjanesbæ**






- Furukrossviður
- Birkikrossviður
- Mótakrossviður
- Gólfplötur - rakavarðar spónaplötur með nót
- Veggplötur með nót
- Skrúfur og festingavörur
- Sökkuldúkur



FSC PEFC WELDE THE WOOD COMPANY

International Plywood BV   SPANOGROUP Wood Based Solutions

| Ruspert skrúfupakki 4,5x50 200 stk kr. **1.095** | Vinkill 90x90 kr. **110** | Þakásanker 170x32mm kr. **95** | Gataplata 100x300mm kr. **295** | Bjálkaskór frá kr. **190** |
|---|---|---|---|---|

GAH ALBERTS Ideen für Haus und Garten – Þýskar gæðavörur



Súluskór kr. **1.095**

## Mikið úrval af skrúfum og festingavörum

| Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A4 | A2 | Rafgalv | Ruspert | Gipsskrúfur | Kopar |



Chemfix teinalím 345 ml **2.295,-**

Deka festifrauð 750 ml **985 kr.**

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Þekkingarfyrirtæki þrífast ekki í höftum:

# Fjölbreytni frekar en verbúðarlífið

Merkilegt var að hlusta á svör forsætisráðherra á Alþingi við fyrirspurn formanns Samfylkingarinnar um gjaldeyrishöft og aðstæður þekkingarfyrirtækja hér á landi. Fyrirspurnin kom í kjölfar fregna af því að rótin að sölu fyrirtækisins Promens (sem einu sinni hét Sæplast og er með heilmikla starfsemi á Dalvík) úr landi og flutningur höfuðstöðva þess hafi verið þær skorður sem viðvarandi gjaldeyrishöft setja starfseminni hér.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Það sem eftir situr úr dálítið þvældu svari ráðherrans er að fyrirtæki geti vel starfað innan gjaldeyrishafta, að rætur óánægju Promens tengist einhverju óskilgreindu gróðabralli og að þeir sem þrýsti á um afnám hafta skipi sér í lið með þeim sem ekki vilji gæta hagsmuna lands og þjóðar í ferlinu. Í lið með óvininum.

Hafi ætlunin verið að senda þessi skilaboð þá eru þau furðuleg og um leið umhugsunarvert hvernig menn skipa sér í lið varðandi hagsmuni lands og þjóðar. Sumir virðast nefnilega telja að hér eigi grunnur efnahagslífsins að vera sjávarútvegur og stóriðja, mögulega með stuðningi ferðaþjónustu. Meðfram megi svo áfram styrkja bændur til þeirra starfa.

Verbúðin og láglaunalandið Ísland hugnast þeim sem í slíku umhverfi geta áfram skarað eld að eigin köku. Umhverfi þar sem örmyntin skerðir sjálfkrafa kjör fólks og mylur áfram undir atvinnuvegi sem lifa á útflutningi vöru og þjónustu án þess að þau þurfi að hafa of mikið fyrir tilveru sinni.

Þótt framtíðarsýn sem þessi henti einhverjum hagsmunum er langsótt að telja hana besta fyrir land og þjóð.

Hér á landi hefur sannað sig hvers slags verðmæti geta orðið til í þekkingariðnaði og þar eru vaxtarmöguleikar ekki takmarkaðir við auðlindir sem geta tæmst eða raskast vegna utanaðkomandi áfalla. Í þekkingariðnaði verða til góð störf fyrir vel menntað fólk. Og þess vegna hlýtur að vera áhyggjuefni þegar slík fyrirtæki flýja land og að hér hafi verið settar upp hömlur sem koma í veg fyrir að slíkt fyrirtæki geti vaxið og sótt á önnur mið, landi og þjóð til enn frekari stuðnings.

Má landið við því að missa frá sér fyrirtæki á borð við Marel, Össur, CCP og Creditinfo? Hafi ráðamenn áhyggjur af þessari stöðu var það ekki að heyra á svari forsætisráðherra á Alþingi.

Í frétt Fréttablaðsins í gær kemur hins vegar fram að þeir séu sem betur fer til sem vilji láta sig málið varða. Til dæmis hafi Samtök iðnaðarins óskað eftir fundi með forystumönnum ríkisstjórnarinnar vegna þess. Þá hefur líka verið haft eftir framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins að afnám gjaldeyrishafta sé lykilatriði í því að bæta hag íslenskra fyrirtækja.

Væri ekki nær að ná samstöðu um að vinna landi og þjóð gagn og láta af sérhagsmunagæslu? Standi valið um verbúðina Ísland eða Ísland með fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi hlýtur að vera ljóst hvoru ætti að vinna að. Geri aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru seinni leiðina fremur færa, þá hlýtur að vera þess virði að láta á það reyna.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Barnsmissir

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahússprestur og Steinunn Sigurþórsdóttir fjalla um barnsmissi á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar, fimmtudagskvöldið 5. febrúar kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.
Tekið verður við skráningum í stuðningshóp vegna barnsmissis.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verðteygjanleg umræða

Umræður á Alþingi geta tekið á sig skemmtilegar og óvæntar myndir. Í umræðum um náttúrupassa í gær diskúteruðu Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, og Björt Ólafsdóttir, Bjartri framtíð, hvað það væri sem fyrst og fremst réði því hvert fólk ferðaðist. Verð á flugi og gistingu, sagði Pétur, en Björt hélt náttúru og umhverfi skipta meiru máli en Pétur vildi vera láta. Verðteygni voru þau þó sammála um að yrði að hafa í huga í umræðunni. Sáttaflötur, þó teygjanlegur sé, hefur því myndast.



### Minniháttar meirihluti

Samkvæmt skoðanakönnun vill meirihluti sjálfstæðismanna draga umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka. Benedikt Jóhannesson, margboðaður stofnandi Viðreisnarflokksins, gefur lítið fyrir þessa niðurstöðu og bendir á að flokkurinn hafi dregist saman í fylgi, úr 35-40 prósentum í um 25 prósent. Meirihluti þess mengis sé því snautlegri en fyrri mengja, má skilja á Benedikt.



### Einstaklingsbundinn svimi

Umræðan um náttúrupassa er ekki síst áhugaverð fyrir þá sök að þeir sem kenndir hafa verið við vinstrið í stjórnmálum gagnrýna margir hverjir ráðherra Sjálfstæðisflokksins frá hægri, ef svo má segja. Þannig mátti heyra þingmenn Vinstri grænna kvarta yfir því að frumvarpið fæli í sér ríkisafskipti í stórum stíl og skerðingu á frelsi einstaklingsins. Steingrímur J. Sigfússon gekk svo langt að segjast fá svima yfir þeim hugmyndum um skerðingu á einstaklingsbundnum ferðarétti sem hann teldi frumvarpið fela í sér.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hafnfirðingar krefjast úrbóta

SAMGÖNGUR



**Ó. Ingi Tómasson**
bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs

Í umræðunni um rammaáætlun er talað um verndar-, bið- og nýtingarflokka. Þegar vegaætlun er rædd mætti ef til vill setja vegi landsins í bið- og framkvæmdaflokka. Þá má segja að höfuðborgarsvæðið og þá sér í lagi Hafnarfjörður sé í biðflokki vegaáætlunar og hafi verið þar mjög lengi. Það sem lendir í framkvæmdaflokki eru vegir og jarðgöng þar sem ákveðnustu og háværustu þingmennirnir búa. Það lítur þannig út fyrir mér að þegar kemur að vegaáætlun þá berjast þingmenn landsbyggðarinnar fyrir fé í sitt kjördæmi en þingmenn höfuðborgarsvæðisins kjósa að sitja hjá. Þetta er það sem gjarnan er nefnd landsbyggðarpólitík.

**Hverfum haldið í gíslingu**

Síðustu stórframkvæmdir í vegamálum í Hafnarfirði voru í kringum árið 2002 þegar Reykjanesbraut var færð austur fyrir kirkjugarðinn (um 2-3 km). Frá þeim tíma hefur farþegum sem fara í gegnum Leifsstöð fjölgað gríðarlega og eru nú rúmlega tvær milljónir á ári og aka þeir flestir í gegnum Hafnarfjörð. Íbúar bæjarins eru ríflega 27.000 eða um 8% þjóðarinnar, fjármagn til vegamála er í engu samræmi við íbúafjöldann og niðurstaðan er að íbúar eiga í miklum vandræðum með að komast út úr hverfunum, hægt hefur verulega á uppbyggingu iðnaðar og þjónustu þar sem aðgengi að fyrirtækjum er algjörlega óásættanlegt. Niðurstaða þess fyrir Hafnarfjörð að vera í biðflokki vegaáætlunar svo árum og áratugum skiptir er að íbúum og fyrirtækjum er haldið í gíslingu inni í hverfunum.

**Jafnræðis gætt**

Krafa okkar Hafnfirðinga er sú að jafnræðis sé gætt í úthlutun fjármagns til vegamála. Ég hef skilning á að stundum þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að leysa bráðan vanda en ég á bágt með að trúa því að slík tilvik séu að mestu bundin við landsbyggðina. Það er krafa okkar Hafnfirðinga að samgöngumál í og við Hafnarfjörð verði sett í forgang. Dæmi um framkvæmdir og samgöngubætur sem lofað hefur verið er Reykjanesbraut frá kirkjugarði suður fyrir Straum, Krísuvíkurvegur með mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut, ofanbyggðavegur og lausn á vanda þeirra sem þurfa að komast út úr Setbergshverfinu svo eitthvað sé nefnt. Að lokum geri ég þá kröfu til þingmanna kjördæmisins að þeir stundi landsbyggðarpólitík þegar kemur að úthlutun fjármuna til vegaframkvæmda.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Grágásarlög og aðgerð gegn fátækt fyrir 900 árum

SAMFÉLAG



**Ólafur Ólafsson**
fv. landlæknir

Fyrstu skráð lög sem til eru fyrir Ísland eru Grágásarlög (Hafliðaskrá, Vígslóði) frá 1118 e. Kr. Í lögunum eru skráðar skyldur hreppstjóra og hreppsþings að framfæra ómaga og veita þurfamönnum sveitarstyrk, þ.e. að sinna fátækum. Hreppstjórar voru þó ekki einráðir í þessum efnum. Eftirlitið var falið hreppsdómi er í sátu 6 innanhreppsmenn, 3 fyrir sækjendur og 3 fyrir verjendur. Það var fylgst með þeim er ráða. Svipað eftirlit borgaranna komst ekki á hér á landi fyrr en með stjórnsýslulögum á 20. öldinni.

Ekki hafa fundist skráð lög um að hið opinbera ætti að sinna fátækum í öðrum löndum á þeim tíma, heldur var kirkjunni falið hlutverkið. Um 500 árum síðar eða 1601 voru skráð svipuð lög á Englandi. (Tillögur til sveitarstjórnarlaga, nefnd skipuð með konungsbréfi 1901. Gutenberg 1905).

Ljóst er að við Íslendingar vorum í fararbroddi annarra þjóða í Evrópu við slíkar aðgerðir. Orsakir þessara aðgerða má eflaust rekja til góðra samfélagstengsla og ábyrgðar ráðandi manna. Jafnframt að draga úr fátækt. Vissulega hefur margt mistekist í aðstoðinni við fátæka síðar meir en lögin voru skráð og samþykkt. Nú er spurt. Hver er orsök þess að nú er hafin aðför að launalægsta fólkinu, öryrkjum og eldri borgurum og ekki staðið við leiðréttinguna er lofað var fyrir kosningar 2013? Ég nefni einnig hækkun virðisaukaskatts á matvæli sem kemur verst niður á framangreindum hópum.

**➜ Hvað hefur breyst? Skortir þá er stjórna samfélagsleg tengsl, samfélagsábyrgð og virðingu fyrir fólki sem tíðkaðist meðal almennings hér á landi jafnvel fyrir 900 árum?**

### Stéttaskipting

Stuðlar hátt matarverð og íbúðarverð að stéttaskiptingu? Fregnir berast um að öryrkjar flytjist til minni kaupstaða á landsbyggðinni en versli lítið í kaupfélaginu. Kaupi fiskinn af sjómönnum og kjöt af bændum. Fólkið er ráðgott.

Í nýlegri grein í Læknablaðinu (próf. L. Steingrímsdóttur o.fl.) kemur í ljós að þeir efnaminni neyta minna hollustufæðis (grænmetis, ávaxta og grófs brauðs) en marktækt meira sykraða fæðu en efnað fólk enda dýr fæða. Tæp 60% öryrkja eiga erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman og 55% atvinnulausra. Slíkur munur hollustu og næringargilda í fæðuneyslu eftir efnahag hefur ekki komið fram áður í könnunum á Íslandi. Hátt matarverð getur stuðlað að stéttaskiptingu eins og komið hefur fram í mörgum erlendum fræðigreinum. Jafnræði þegnanna til heilbrigðs lífs var veigamikill þáttur í fyrri heilbrigðisáætlunum heilbrigðisyfirvalda.

Í heild búa nú fleiri börn við lélegt og dýrt húsnæði en félagar þeirra á Norðurlöndum (Save the children 2014)

Hvað hefur breyst? Skortir þá er stjórna samfélagsleg tengsl, samfélagsábyrgð og virðingu fyrir fólki sem tíðkaðist meðal almennings hér á landi jafnvel fyrir 900 árum?

# Aldraðir hafa verið hlunnfarnir

KJÖR ALDRAÐRA



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík

Eldri borgarar hafa orðið fyrir barðinu á kjaragliðnun. Með kjaragliðnun er átt við það, þegar lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkar minna en kaup láglaunafólks. Það verður þá gliðnun milli kjara lífeyrisþega og kjara láglaunafólks. Þessi gliðnun varð mjög mikil á krepputímanum (2009-2013), þar eð lífeyrir aldraðra og öryrkja var þá frystur langtímum saman á meðan kaup láglaunafólks hækkaði. Á tímabilinu 2009-2015 hækkuðu lágmarkslaun verkafólks um 47% en á sama tíma hækkaði lífeyrir aldraðra einhleypinga frá almannatryggingum um 25%, miðað við þá sem eingöngu höfðu tekjur frá Tryggingastofnun (engar greiðslur úr lífeyrissjóði eða aðrar tekjur). Þetta var mikil kjaragliðnun. Frambjóðendur beggja stjórnarflokkanna lofuðu því fyrir kosningar 2013, að þessi kjaragliðnun yrði leiðrétt að fullu með hækkun lífeyris aldraðra og öryrkja eftir kosningar. En það er ekki farið að efna þetta kosningaloforð enn þá enda þótt kjörtímabilið sé nú nálega hálfnað.

Það þarf að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja um rúmlega 20% til þess að leiðrétta framangreinda kjaragliðnun. Það kostar 17 milljarða kr. eins og ég hefi áður tekið fram. Þá er aðeins miðað við það hvað lífeyrir þyrfti að vera hár í dag, ef hann væri hækkaður í dag eins og lágmarkslaun hækkuðu á tímabilinu 2009-2015. En ef athugað er einnig hvað lífeyrir aldraðra og öryrkja hefði hækkað mikið á hverju ári krepputímans, ef hækkun lífeyris hefði á hverju ári fylgt hækkun lágmarkslauna, væri reikningurinn til ríkisstjórnarinnar miklu hærri. Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja, sem tók gildi á árinu 2009 nemur nú 12,6 milljörðum kr. Alls skuldar ríkið því lífeyrisþegum hátt í 30 milljarða vegna kjaraskerðingar undanfarinna ára og skýlausra loforða stjórnarflokkanna um að bæta öldruðum og öryrkjum þessar skerðingar.

### Verða loforðin svikin?

Þess verður ekki vart enn, að ríkisstjórnin ætli að efna stærsta kosningaloforðið við aldraða og öryrkja.

**➜ Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja, sem tók gildi á árinu 2009 nemur nú 12,6 milljörðum kr.**

Ríkisstjórnin virðist ekki ætla að bæta kjör lífeyrisþega á þennan hátt enda þótt þau séu óviðunandi. Ríkisstjórnin hefur aðeins gert tvennt í málefnum aldraðra: Aukið frítekjumark aldraðra vegna atvinnutekna og hætt að reikna lífeyrissjóðsgreiðslur með tekjum við útreikning grunnlífeyris. Þetta er rýrt í roðinu og gagnast aðeins þeim, sem vel eru settir. Þriðja atriði kjaraleiðréttingar lífeyrisþega, lækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar, kom sjálfvirkt í framkvæmd, með því að lögin um skerðingu tekjutryggingar voru tímabundin. Þau runnu út um áramótin 2013/2014. Ef ríkisstjórnin tekur sig á og hækkar lífeyri aldraðra og öryrkja um 20%, þ.e. efnir kosningaloforð sitt, mun það skipta sköpum fyrir lífeyrisþega. Lífeyrir einhleypra eldri borgara, sem aðeins hafa tekjur frá TR, mun þá hækka um 45 þús. kr. á mánuði. Það mundi gera líf þessara lífeyrisþega bærilegra.




„Ég hafði komið víða við í vinnu. Síðasta starfið fyrir námið hjá NTV var kokkastarf. Eftir Kerfisstjórabrautina fékk ég frábært starf hjá Isavia."
Guðni Thorarensen
Kerfisstjóri hjá Isavia

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

KERFISSTJÓRABRAUT
NÝR STARFSVETTVANGUR Á EINU ÁRI!

Helstu upplýsingar:
Lengd: 371 stundir
Verð: 583.000.-

Morgunnám
Hefst: 10. mars
Lýkur: 24. nóvember
Dagar: þri & fim: 8.30 - 12.30
fös: 13.00 - 17.00

Kvöld- og helgarnám
Hefst: 28. janúar
Lýkur: 23. nóvember
Dagar: mán & mið: 18 - 22
lau: 8.30 - 12.30

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Námið samanstendur af 3 námskeiðum:
- Tölvuviðgerðir
- Win 7/8 & Netvork+
- MCSA Netstjórnun

Gefinn er 10% afsláttur af öllum pakkanum. Þrjú alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Solutions Associate"

STAÐREYNDIN ER
að ekkert nám NTV skilar eins mörgum nemendum út í atvinnulífið eins og Kerfisstjórabrautin.
Þess vegna hentar þetta nám þeim vel sem vilja skipta um starfsvettvang.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
– VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
ntv


# Bók bókanna

TRÚMÁL



**Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir**
dr. theol., sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar

BIBLÍA er bókin bókanna. Á orði Drottins er allt mitt traust. BIBLÍA. Biblía. Þessi litli söngur hefur verið sunginn í kristilegu barnastarfi um áratuga skeið. Í einfaldleika sínum undirstrikar hann mikilvægi Biblíunnar sem trúarrit kristni en fyrsta heildarþýðing á ritum Biblíunnar, Guðbrandsbiblía, kom út á íslensku árið 1584. Hið íslenska biblíufélag sem hefur það að markmiði að vinna að útgáfu og útbreiðslu Biblíunnar hefur verið starfandi í 200 ár en það var stofnað 10. júlí árið 1815. Ýmsir viðburðir í tilefni afmælisins hafa verið skipulagðir á vegum biblíufélagsins til að minnast þessara merku tímamóta.

Það var á fermingarári mínu sem ég eignaðist mínu fyrstu Biblíu. Ég man enn tilfinninguna þegar ég opnaði fermingargjöfina frá föðurömmu minni og sá rauða fallega bók með gylltu sniði. Biblían var mér þó ekki ókunn. Á yngri árum hafði ég sjálf lesið Barnabiblíur og heillast af hinum ýmsu frásögnum þótt skilningur á þeim hafi vafalítið verið takmarkaður. Ég hafði líka flett Biblíu móður minnar með mikilli lotningu; svarta bókin sem lá á náttborði hennar og ég fann hve skipti hana miklu máli. Ég gleymi seint þeirri tilfinningu þegar ég handlék mína eigin Biblíu í fyrsta sinn. Fremst hafði verið skrautskrifaður texti sem hafði að geyma kveðju frá ömmu minni og það vers úr Biblíunni sem hún hafði einna mestar mætur á úr Filippíbréfinu en þar segir: Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflyndi ykkar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú (Fil. 4.4-7). Síðan hafa liðið mörg ár og Biblíuna nota ég daglega – bæði í mínu einkalífi og þjónustu sem prestur á sjúkrahúsi. Iðulega er ég beðin um að hafa kveðjustundir við dánarbeð þar sem huggunarorð úr Biblíunni fá að hljóma og farið er með bænavers sem margir hafa lært í bernsku.

**➜ Kveðjan frá ömmu minni hefur fylgt mér og mér þykir ótrúlega vænt um hana. Ég hefði seint gert mér í hugarlund hve sú speki sem Biblían hefur að geyma hefur mótað mig og mín lífsgildi …**

Kveðjan frá ömmu minni hefur fylgt mér og mér þykir ótrúlega vænt um hana. Ég hefði seint gert mér í hugarlund hve sú speki sem Biblían hefur að geyma hefur mótað mig og mín lífsgildi og þá sérstaklega orð og athafnir Jesú Krists.



## Aldarafmæli

### Lárus Sigfússon
**frá Kolbeinsá í Hrútafirði**

Á morgun, 5. febrúar, verður Lárus Sigfússon 100 ára. Hann býður ættingjum og vinum til samsætis að Hvassaleiti 56-58, í sal á jarðhæð, kl. 17 til 19 á afmælisdaginn.

---

✝



Elskuleg amma okkar, langamma, langalangamma og systir,

**GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR**
**Melhaga 18, Reykjavík,**

andaðist þann 22. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 6. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Stefán G. Einarsson** **Eydís Eyjólfsdóttir**
**Ari Einarsson** **Ása Guðmundsdóttir**
**Andri Freyr Stefánsson** **Ásthildur Ósk Brynjarsdóttir**
**Júlía Sif Andradóttir**
**Tristan Einarsson**
**Einar Þór Stefánsson**
**Guðrún Mjöll Stefánsdóttir** **Sindri Þrastarson**
**Lovísa Íris Stefánsdóttir**
**Tómas Elí Stefánsson**
**Fríða Kristín Aradóttir**
**Guðrún Aradóttir**
**Brynhildur Aradóttir**
**Gunnhildur Aradóttir**
**Ágústa Stefánsdóttir Gary**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT VIKTORÍA MAGNÚSDÓTTIR**
**Ytri-Reistará,**

lést 27 janúar. Útför hennar fer fram frá Möðruvallaklausturskirkju laugardaginn 7. febrúar kl. 13.30.

**Lovísa Kristjánsdóttir** **Björn Einarsson**
**Magnús Kristjánsson**
**Hans Kristjánsson**
**Ástríður Kristjánsdóttir**
**Hólmfríður B. Kristjánsdóttir** **Eggert Birgisson**
**Margrét Ósk Buhl Björnsdóttir, Einar Bergur Björnsson, Kristján Breki Björnsson, Sunneva Dögg Ragnarsdóttir, Kristján Birgir Eggertsson**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**AÐALSTEINS FINNBOGASONAR**
**stýrimanns.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Sólvangs á 4. hæð fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Hulda G. Sigurðardóttir**
**Hafsteinn Aðalsteinsson** **Birna Þórhallsdóttir**
**Finnbogi Aðalsteinsson** **Elsa Jónsdóttir**
**Sigurður Aðalsteinsson** **Margrét H. Guðmundsdóttir**
**Guðrún H. Aðalsteinsdóttir** **Karl Jónsson**
**Ólöf Aðalsteinsdóttir** **Rafn A. Sigurðarson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Okkar yndislegi eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og frændi,

**HERMANN NÍELSSON**
***Túngötu 12, Ísafirði,***

lést 21. janúar. Haldin verður minningarathöfn í Bústaðakirkju fimmtudaginn 5. febrúar kl. 16.00. Útför hans fer svo fram frá Ísafjarðarkirkju 14. febrúar kl. 15.00.

**Kristín Theodóra Nielsen**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**Níels Hermannsson** **Christine Carr**
**Rafn Hermannsson** **Herdís Kristinsdóttir**
**Nína Dagrún Hermannsdóttir**
**Sigríður Níelsdóttir** **Gísli Vigfússon**
**Guðmundur Grétar Níelsson** **Guðrún Eyjólfsdóttir**
**Kristinn Jóhann Níelsson** **Harpa Jónsdóttir**
**María Níelsdóttir** **Rúnar Már Jónatansson**
**Margrét Kjartansdóttir**
**barnabörn og systkinabörn.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 4. FEBRÚAR 1987

## Skrautbúinn skemmtikraftur deyr

Á þessum degi árið 1987 andaðist hinn bandaríski, skrautbúni skemmtikraftur, Liberace. Hann var vel þekktur í Bandaríkjunum fyrir píanóleik, glæfralega búninga og samkynhneigð. Hann þótti mikill karakter og skemmtilegt að rifja upp sum af afrekum hans.

Honum er til að mynda eignaður heiðurinn af því að koma Barbru Streisand á kortið. Dýrkun hans á móður sinni var vel þekkt og árið 1953 var hann útnefndur píanóleikarinn sem gat spilað hraðast í heiminum, en hann gat spilað sex þúsund nótur á tveimur mínútum.

Hann kom ætíð fram í gullbrydduðum jakka og sem dæmi um rokkstjörnur sem tóku Liberace sér til fyrirmyndar voru Little Richard, James Brown og Elton John. Liberace átti íburðarmikið hús í Las Vegas þar sem sundlaugin var meðal annars löguð eins og flygill.

Liberace lést 67 ára gamall af völdum alnæmis. Hann hafði misst mörg kíló fyrir dauða sinn sem umboðsmaður hans til margra ára útskýrði með því að Liberace væri á melónukúr. Eftir dauða hans var stofnað Liberace-safn, þar sem búningar hans, bílar, skartgripir og ótrúlega skreytt píanó eru til sýnis.



**LIBERACE** Tónlistarmaðurinn þótti mikill karakter og var skrautlegur skemmtikraftur.
NORDICPHOTOS/GETTY

---

✝



Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,

**MARGRÉT ÁSGEIRSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Eiðismýri 30,**

Seltjarnarnesi, andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund að kvöldi 26. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 5. febrúar nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Inga Hersteinsdóttir**
**Ástríður Pálsdóttir**
**Anna Margrét Korneliusdóttir** **Kolbeinn Páll Erlingsson**
**Hersteinn Pálsson** **Elínborg Hákonardóttir**
**Páll Ragnar Pálsson** **Ragnhildur Kristjánsdóttir**
**Sigmundur Korneliusson**
**og barnabarnabörn.**

---

✝



Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**ARINBJÖRG CLAUSEN KRISTINSDÓTTIR**

lést miðvikudaginn 28. janúar í faðmi fjölskyldunnar sinnar á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 6. febrúar kl. 14.00.

**Röðull Bragason**
**Stella María**
**Röðull Kolbeinn**
**Kristinn Darri**
**Stella Clausen**
**systkini, tengdabörn og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LILJA ÁGÚSTA JÓNSDÓTTIR**

lést fimmtudaginn 29. janúar á dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 6. febrúar kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Hjördís Vilhjálmsdóttir** **Pétur Guðráð Pétursson**
**Jóhannes Vilhjálmsson** **Halldóra Kristjánsdóttir**
**Lilja Vilhjálmsdóttir** **Júlíus Magnússon**
**Magnea Vilhjálmsdóttir** **Magnús Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR SVEINBJÖRNSDÓTTIR**
**hjúkrunarkona**
**frá Lækjarbug á Mýrum,**
**Skeiðarvogi 159, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 28. janúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

**Lilja Eiríksdóttir** **Bragi Líndal Ólafsson**
**Steingrímur Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar kæra systir og frænka,

**ELÍN BJÖRNSDÓTTIR**
**Sléttahrauni 21, Hafnarfirði,**

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, 4. febrúar, og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Ólöf Þóra Hafliðadóttir**
**Þorleifur Björnsson**
**Ragna Björg Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir**
**Sturlaugur Björnsson**
**Guðbjörg Björnsdóttir**
**Björn Grétar Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**ÞÓRDÍS K. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**endurskoðandi,**
**Dúfnahólum 2,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 29. janúar síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju 6. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Inga K. Guðmundsdóttir** **Bjarni Guðmundsson**
**Pálmar Guðmundsson** **Erla Rannveig Gunnlaugsdóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUNNAR ÞÓR JACOBSEN**
**kerfisfræðingur,**
**Gvendargeisla 4, Reykjavík,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu 25. janúar. Útför fer fram frá Guðríðarkirkju föstudaginn 6. febrúar kl. 13.00.

**Erna Arnardóttir**
**Edith Gunnarsdóttir**
**Gunnar Örn Gunnarsson** **Heiðrún Lúðvíksdóttir**
**Tanja, Erika, Birta Sif, Gabríel Frosti og Benedikt Jökull**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**LILJA ÁRNA SIGURÐARDÓTTIR**
**Köldukinn 3, Hafnarfirði,**

lést að Sólvangi miðvikudaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. febrúar kl. 13.00.

**Sigurður Hákon Kristjánsson**
**Oddur Björn Sveinsson**
**Halldór Árni Sveinsson**
**Kristján S. Sigurðsson**
**María Sigurðardóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. febrúar 2015 | 5. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is


FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## SYNDIR Á MÓTI STRAUMNUM

- Elísabet Grétarsdóttir verður markaðsstjóri hjá alþjóðlegum tölvuleikjaframleiðanda.
- Hún segir leikjaheiminn vera orðinn stærri en Hollywood.
- Vill að börn byrji að læra að forrita sex ára.

SÍÐA 6

## Tekjur vaxa um 30 prósent

Tekjur af Sónar Reykjavík hafa aukist um þrjátíu prósent á ári frá því að hátíðin var fyrst haldin árið 2012. Gera má ráð fyrir að heildartekjur af sölu aðgöngumiða nemi um 62 milljónum í ár. En tekjurnar koma víða að. Sónarhátíðin verður haldin í þriðja sinn í Reykjavík dagana 12.-14. febrúar. Sömu helgi fer hátíðin fram í Stokkhólmi í annað sinn og verður svo haldin í Kaupmannahöfn í mars.



➜ SÍÐA 2

## Nefndin á lokaspretti

Nefnd sem vinnur að breytingum á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands áformar að skila Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, tillögunum áður en febrúar er á enda. Í þingmálaskrá kemur fram að Bjarni hyggst leggja fram frumvarp um málið á Alþingi ekki síðar en 26. mars. Þráinn Eggertsson, hagfræðingur og formaður nefndarinnar, segir að nefndin sé ekki komin að endanlegri niðurstöðu. Hugmyndir verði kynntar fulltrúum stjórnmálaflokkanna og aðilum atvinnulífsins áður en þær verði kynntar formlega.

➜ SÍÐA 4

## PayRoll verði fyrsti kostur

„Markmiðið er bara að þetta sé fyrsti kostur allra sem eru að leita sér að launaþjónustu. Við erum að koma að útreikningi launa og líka að greiða laun. Það er líka ráðgjöf varðandi vinnutengda samninga, ef fólk vantar ráðgjöf við að búa til samninga, ráðningarsamninga og starfslokasamninga og svoleiðis,“ segir Elísabet Ósk Guðjónsdóttir, sem er nýr framkvæmdastjóri PayRoll. Þegar Sóley er ekki að vinna kýs hún að hreyfa sig og ferðast sem mest erlendis.



➜ SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN** @stjornarmadur

**Stjórnarmaðurinn hefur fengið að reyna gjaldeyrishöftin á eigin skinni. Hann vill að ákvarðanir um undanþágur séu birtar opinberlega.**

➜ SÍÐA 12



# Glötuð tækifæri – framtíðin hverfur úr landi

Skjóðan

**ÞRIÐJA STÆRSTA FYRIRTÆKI** landsins er á förum. Promens, alþjóðlegt fyrirtæki í plastiðnaði sem á rætur að rekja til Sæplasts á Dalvík, neyðist til að flytja frá Íslandi til að geta áfram keppt á alþjóðlegum markaði. Promens er ekki einsdæmi. Fleiri alþjóðleg fyrirtæki eiga í vaxandi erfiðleikum með að keppa á alþjóðamörkuðum úr höftum á Íslandi. Úr þessum hópi má nefna CCP, Marel og Össur, fyrir utan öll sprotafyrirtækin sem ekki komast á legg og hin, sem neyðast til að selja sig til útlanda til að dafna.



**SEÐLABANKINN** hefur að einhverju marki veitt þessum alþjóðlegu fyrirtækjum undanþágur frá hinum ströngu gjaldeyrishöftum en það dugar ekki til. Fjárfestar forðast fyrirtæki innan haftamúra. Kornið sem fyllti mælinn hjá Promens var synjun á undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að flytja nokkra tugi milljóna evra úr landi til fjárfestingar í vexti fyrirtækisins.

**FORSÆTISRÁÐHERRA** gerir lítið úr þessari ástæðu og heldur því fram að Promens hefði rétt eins getað tekið lán erlendis eins og að flytja fjármuni héðan. Þetta er skætingur hjá ráðherranum. Eitt meginverkefni hans og ríkisstjórnarinnar allrar er að aflétta gjaldeyrishöftunum en ekki réttlæta þau eða gera lítið úr.

**TIL ÞESS AÐ AFLÉTTA** gjaldeyrishöftum þarf að ganga frá þrotabúum gömlu bankanna. Heppilegast er að það gerist með samningum við fulltrúa kröfuhafa en slitastjórnirnar virðast ekki á þeim buxunum að ljúka slitum. Þær eru með viðskiptaáætlun fram til ársins 2019 sem bendir til þess að þær ætli sér að sitja við glóðirnar og skara eld að eigin köku í alla vega 11 ár frá hruni.

**Á MEÐAN TAPAR** þjóðarbúið milljarðatugum vegna þeirrar fjárfestingar, sem ekki verður, og hinnar, sem hverfur úr landi, vegna þess að gjaldeyrishöftin fella Ísland úr leik. Það er langsótt að raunverulegir erlendir fjárfestar hafi áhuga á að kaupa Íslandsbanka eins og fregnir berast reglulega um frá slitastjórn Glitnis.

**ÞVÍ MÁ EKKI DRAGAST** að grípa til þeirra aðgerða sem þarft til að aflétta höftunum. Það þarf að gera upp slitabúin. Það þarf að tryggja að mögulegt fall krónunnar setji hagkerfið ekki á hliðina með stökkbreytingu á verðtryggðum lánum fyrirtækja og heimila, sem ekki þola annað áfall á borð við það sem varð árið 2008.

**LYKILATRIÐI** við afnám hafta er jafnframt að stjórnvöld verði búin að marka stöðugleikastefnu í efnahags- og peningamálum til framtíðar. Stöðugleiki í peningamálum verður aldrei tryggður með krónunni eins og forystumenn ríkisstjórnarinnar reyna þó að telja sjálfum sér og öðrum trú um.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10 Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**2 Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2 STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

NÝHERJI
18,7% frá áramótum

NÝHERJI
23% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

BANK NORDIC
-2,9% frá áramótum

REGINN
-0,6% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 101,0 | -2,9% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 237,00 | 0,0% | -0,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 38,45 | 9,9% | 2,0% |
| Hagar | 42,00 | 3,8% | 0,2% |
| HB Grandi | 39,80 | 17,8% | 2,3% |
| Icelandair Group | 23,00 | 7,5% | 0,0% |
| Marel | 145,00 | 5,1% | 1,8% |
| N1 | 24,00 | 3,4% | 1,9% |
| Nýherji | 6,15 | 18,7% | 23,0% |
| Reginn | 14,40 | 6,3% | -0,6% |
| Sjóvá | 12,00 | 0,4% | 1,7% |
| Tryggingamiðstöðin | 27,80 | 5,7% | 0,4% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,28 | 2,5% | 0,3% |
| Össur | 410,00 | 13,6% | 3,3% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.393,19 | 6,3% | 0,7% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,50 | 12,8% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**FIMMTUDAGUR 5. FEBRÚAR**
**Marel – Kynning á ársreikningi**
**Össur - Birting ársreiknings**
**Icelandair - Birting ársreiknings**

**FÖSTUDAGUR 6. FEBRÚAR**
**Lánamál ríkisins – Útboð ríkisbréfa**
**FÍ Fasteignafélag – Birting ársreiknings**

**MÁNUDAGUR 9. FEBRÚAR**
**Lánamál ríkisins – Mánaðarlegar markaðsupplýsingar**

**ÞRIÐJUDAGUR 10. FEBRÚAR**
**Fasteignaskrá – Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðahúsnæði**
**VÍB - Skuldabréfamarkaðuirnn**

**MIÐVIKUDAGUR 11. FEBRÚAR**
**Hagstofa Íslands – Efnahagslegar skammtímatölur í febrúar**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is
Póstdreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

# Velta af Sónar vex um þrjátíu prósent á ári

***Tekjur af Sónar Reykjavík hafa aukist um þrjátíu prósent á ári frá því að hún var fyrst haldin árið 2012. Gera má ráð fyrir að heildartekjur af sölu aðgöngumiða nemi um 62 milljónum í ár.***

Sónarhátíðin verður haldin í þriðja sinn í Reykjavík dagana 12.-14. febrúar. Sömu helgi fer hátíðin fram í Stokkhólmi í annað sinn og verður svo haldin í Kaupmannahöfn í mars.

Björn Steinbekk, framkvæmdastjóri Sónar Reykjavík, segist bjartsýnn á að miðar á hátíðina hér heima seljist upp, en 3.300 miðar eru í boði. „Við seldum 2.600 miða fyrsta árið, seldum upp í fyrra og það stefnir allt í að það verði uppselt núna,“ segir Björn. Þriggja daga miði kostar 18.900 og það þýðir að tekjur af sölu aðgöngumiða einni saman nemi um 62 milljónum.

En tekjupóstarnir eru fleiri og Björn segir erfitt að gera sér grein fyrir því hver heildarveltan verði núna. Hann segir að tekjur séu að aukast um þrjátíu prósent á milli ára. „Það er miðasala, tekjur frá samstarfsaðilum, styrkur og þar fram eftir götunum,“ segir Björn. Fjöldi erlendra gesta aukist líka með ári hverju. „Við seldum 700 erlendum gestum fyrsta árið, um ellefu hundruð í fyrra og það stefnir í að það fari upp í fimmtán hundruð núna,“ segir Björn.



**HELDUR TÓNLEIKA** Sjö hundruð erlendir gestir keyptu miða á Sónar fyrsta árið en Björn Steinbekk býst við því að þeir verði 1.500 í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björn segir að hugmyndin að Sónar hafi upprunalega komið frá Icelandair. „Þeir báðu mig um að finna einhvers konar viðburð sem væri hægt að setja upp yfir vetrartímann. Einhvern sem myndi ná til erlendra gesta í febrúar. Hugmyndin var einhvers konar dj-hátíð. Niðurstaðan varð sú að við fengum Sónar sem er náttúrlega 22 ára gamalt brand frá Barcelona og er ein stærsta elektróníska hátíðin á hverju ári,“ segir Björn. Hugmyndin að hátíðinni hafi því orðið til að frumkvæði Icelandair og verið unnin í samvinnu við þá. „Við vinnum með þeim og seljum ferðapakka með þeim og við markaðssetjum Reykjavík með þeim. Þetta er stigvaxandi milli ára.

Hann segir að það hafi tekið Iceland Airwaves 7-8 ár ár að komast í sama erlenda gestafjölda og Sónar er að fara upp í á þriðja árinu. „Það er aðallega, myndi ég segja, vegna innkomu samfélagsmiðla, notkunar á þeim og hvað Ísland hefur unnið sér inn í ferðaþjónustu og markaðssetningu á síðustu árum,“ segir Björn.

jonhakon@frettabladid.is

Sænska fyrirtækið Klarna sérhæfir sig í greiðsluþjónustu og áhættustýringu fyrir rafræn viðskipti:

# Nethegðun kemur upp um þig

Hvenær einstaklingur kaupir vöru á netinu eða hversu hratt hann slær inn upplýsingar getur gefið glögga mynd af kaupandanum. Þessu hefur fyrirtækið Klarna komist að í rannsóknum sínum en fyrirtækið var stofnað árið 2005 í Svíþjóð og sérhæfir sig í greiðsluþjónustu og áhættustýringu fyrir rafræn viðskipti. Þá hefur fyrirtækið rannsakað hegðun kaupenda á netinu og unnið áhættulíkön fyrir netverslun.



**KRISTOFFER CASSELL**

„Markmið Klarna er að gera netverslun einfaldari og öruggari. Söfnun upplýsinga hefur enga þýðingu í sjálfu sér heldur hvernig þær eru nýttar eins og við erum að gera til að einfalda netverslun fyrir milljónir viðskiptavina,“ segir Kristoffer Cassel, framkvæmdastjóri hjá Klarna.

Kristoffer heldur erindi á ráðstefnu sem Creditinfo stendur fyrir og ber yfirskriftina „Leiðin að upplýstum ákvörðunum“ en hún fer fram í Hörpu í dag. Þar verður fjallað um hvernig fyrirtæki geta nýtt sér gögn til þess að lágmarka afskriftir og auka viðskipti með því að umbuna fjárhagslega ábyrgum viðskiptavinum.

Klarna sinnir greiðsluþjónustu fyrir 50 þúsund netverslanir í Evrópu, en notendur þjónustunnar eru um 35 milljónir.

- jhh




Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við út á hvað starfið gengur.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf fyrir stór og smá fyrirtæki í smásölu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt smásölufyrirtækjum þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

**Rúnar Björgvinsson** hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í smásölu. Rúnar er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

Deloitte sýknað af kröfum Toyota:

## Fallist á rök Deloitte

„Við teljum að niðurstaða dómsins sé í samræmi við málflutning okkar, þ.e. að sérfræðingar Deloitte ollu Toyota ekki tjóni vegna starfa sinna,“ segir Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte. Héraðsdómur Reykjaness sýknaði á föstudag Deloitte í skaðabótamáli sem Toyota á Íslandi höfðaði á hendur fyrirtækinu. Toyota taldi að Deloitte hefði valdið fyrirtækinu tjóni vegna ráðgjafar við samruna Bergeyjar og P. Samúelssonar. -jhh

Norski markaðsmaðurinn Arne Hjeltnes segir að Íslendingar og Norðmenn geti lært mikið hverjir af öðrum í markaðssetningu:

## Telur Íslendinga svalari en Norðmenn

„Ég ætla að ræða aðeins um það hvaða möguleikar eru fyrir hendi, bæði fyrir Íslendinga og Norðmenn. Og ég ætla að reyna að varpa ljósi á hvað er líkt með Íslendingum og Norðmönnum og svo hvað er ólíkt,“ segir Arne Hjeltnes.

Arne, sem er Norðmaður, heldur erindi á morgunverðarfundi Norsk-íslenska viðskiptaráðsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um markaðssetningu sjávarafurða og íslensk hugvits á Grand hóteli í fyrramálið. „Við getum lært ýmislegt af ykkur og vonandi getið þið lært mikið af okkur,“ segir Arne í samtali við Markaðinn. Hann segist að mestu leyti ætla að fjalla um aðferðafræði og hvað náttúran hefur gefið Íslendingum og Norðmönnum til að markaðssetja landið. „Þetta verður svolítið sagnfræðilegt líka vegna þess að ég ætla að tala um útflutning frá Norðurlöndunum á fyrri árum,“ segir Arne sem ætlar að beina augum sínum að sjávarútvegi, ferðamálum og mat. „Ég hef séð hversu miklum árangri Íslendingar hafa náð við að markaðssetja lambakjöt í Bandaríkjunum,“ segir Arne.

Hann segir að Íslendingum hafi að mörgu leyti tekist vel upp í markaðssetningu. „Ykkur hefur tekist að skapa persónulegt viðmót í markaðssetningu, til dæmis í ferðaiðnaðinum,“ segir hann. Íslendingar séu álitnir svalir, villtir og persónulegir í viðmóti.



**MARKAÐSMAÐUR** Arne Hjeltnes heldur fyrirlestur á fimmtudagsmorgun.

# Kynna nýjar tillögur að breytingum á Seðlabanka fyrir næstu mánaðamót

***Nefnd um heildarendurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands áformar að skila tillögum fyrir mánaðamót. Bjarni Benediktsson gerir svo ráð fyrir að leggja fram frumvarp fyrir lok mars. AGS vill ekki stórbreytingar.***

**STJÓRNSÝSLA**

**Jón Hákon Halldórsson** | jonhakon@frettabladid.is

Nefnd sem vinnur að breytingum á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands áformar að skila Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, tillögunum áður en febrúar er á enda.

Í þingmálaskrá kemur fram að Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hyggst leggja fram frumvarp um málið á Alþingi ekki síðar en 26. mars.

Þráinn Eggertsson, hagfræðingur og formaður nefndarinnar, segir að nefndin sé ekki komin að endanlegri niðurstöðu. Hugmyndir verði kynntar fulltrúum stjórnmálaflokkanna og aðila atvinnulífsins áður en þær verði kynntar formlega.

Þegar ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók við völdum árið 2009 voru gerðar breytingar á lögum um Seðlabankann. Seðlabankastjórum var fækkað úr þremur í einn. Peningastefnunefnd var stofnuð sem hefur það hlutverk að taka ákvörðun um vexti bankans.

Í maí í fyrra skipaði Bjarni Benediktsson nefnd sérfræðinga um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. Í nefndina voru skipuð, auk Þráins, þau Ólöf Nordal lögfræðingur sem nú er innanríkisráðherra og Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. Upphaflega var áætlað að nefndin skilaði frumvarpi til nýrra laga fyrir síðustu áramót, en það varð ekki að veruleika. Þegar Bjarni skipaði nefndina sagði hann hugsanlegt að fjölga seðlabankastjórum aftur úr einum í þrjá. Í skýrslu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frá því 19. desember síðastliðinn, kemur fram að það sé mikilvægt að varðveita sjálfstæði og trúverðugleika Seðlabankans. „Ný löggjöf um heildarskipulag Seðlabankans ætti að byggja á þeim umbótum sem voru gerðar árið 2009, með peningastefnunefnd og gegnsæjum og áreiðanlegum ákvörðunum. Fjárhagslega traustur, sjálfstæður og áreiðanlegur seðlabanki gerir stefnumótun betri. Það leiðir til efnahagslegs stöðugleika og vaxtar,“ segir í skýrslunni.

Þráinn Eggertsson segir að enda þótt nefndin hafi lagt mikla vinnu í mótun tillagna þá sé enn eftir að velja á milli valkosta sem séu fyrir hendi. Hann segir að nefndin hafi talað við starfsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem komu í desember. Það verði rætt við þá aftur í febrúar og grein gerð fyrir hugmyndum nefndarinnar.

Þá starfar nefndin einnig með nefnd þingmanna sem skipuð er einum þingmanni úr hverjum þingflokki. „Þeir eru samstarfsaðilar og svo hefur verið samstarf við seðlabankann sjálfan,“ segir Þráinn.

Már Guðmundsson var endurskipaður seðlabankastjóri þann 15. ágúst síðastliðinn.

Í skipunarbréfi sem Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sendi Má í maí kom fram að tillögur nefndar um endurskoðun á lögum um bankann gætu leitt til breytinga á stjórnskipulagi sem myndu hafa áhrif á störf Más hjá bankanum.



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson hefur sagt að óvíst sé hvort hann muni sækja um stöðu seðlabankastjóra að nýju, verði starfið auglýst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Már brást við þessum orðum með því að upplýsa að hann hafi í nokkur ár haft hug á að skoða möguleikann á að hverfa á ný til starfa erlendis.

„Ég taldi ekki heppilegt að gera það nú í ljósi ástandsins og verkefnastöðunnar í Seðlabankanum auk fjölskylduaðstæðna. Þetta mun breytast á næstu misserum. Það er því óvíst að ég myndi sækjast eftir endurráðningu komi til slíks ferlis vegna breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands á næstu misserum,“ sagði Már.

> Það er því óvíst að ég myndi sækjast eftir endurráðningu.






BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.
BMW X5
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
M PR 3132
AKTU ALVÖRU JEPPA
Á HVAÐA VEGI SEM ER.
NÝR BMW X5 25d DÍSIL xDRIVE – VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.
Þriðja kynslóðin af BMW X5 er með eina sparneytnustu dísilvélina í sínum flokki og fullkomið xDrive fjórhjóladrif. Verið velkomin í reynsluakstur og upplifið einstaka aksturseiginleika.
Hluti af staðalbúnaði meðal annars:
• Steptronic 8 gíra sjálfskipting
• 18" álfelgur
• Lykillaus gangsetning
• Rafdrifinn afturhleri
• Rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann
• Rafdrifið stýrishjól
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Bakkmyndavél
• Bluetooth fyrir síma og tónlist með raddstýringu
• 6,5" litaskjár á mælaborði
BL ehf.
Sævarhöfða 2 – 115 Reykjavík
Sími: 525 8000 – www.bmw.is
B|L
ENNEMM / SÍA / NM67177

# Leikjaheimurinn stærri en Hollywood

***Elísabet Grétarsdóttir hafði unnið sem markaðsstjóri Arion banka í tvö ár þegar henni bauðst starf hjá dótturfyrirtæki EA Games. Hún segist hafa gaman af að ögra sjálfri sér og að tækifærin gefist þegar á móti blási.***

**VIÐTAL**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Elísabet Grétarsdóttir, markaðsstóri Arion banka, flytur til Svíþjóðar um næstu mánaðamót til að taka við stöðu hjá EA Games sem markaðsstjóri Battlefield-leiksins vinsæla. Það er DICE-stúdíóið í Stokkhólmi, dótturfyrirtæki EA Games, sem framleiðir leikinn. Elísabet var áður markaðsstjóri EVE Online og þekkir því vel til markaðssetningar á tölvuleikjum.

Elísabet segir að aðdragandinn að þessu nýja starfi hafi verið stuttur en eigi sér lengri sögu.

### Lítill heimur

„Leikjaiðnaðurinn á Norðurlöndunum er þannig að þetta eru nokkur stór fyrirtæki og samgangur á milli. Maður kannast við fólkið sem er að vinna þarna að verkefnum,“ segir Elísabet. Áherslur hjá DICE hafi þróast og séu nú í samræmi við sérþekkingu hennar. „Þar af leiðandi leituðu þau til mín enda könnuðust þau við mig,“ segir Elísabet.

Sérþekking Elísabetar felst ekki síst í því að vinna með lausnir til þess að viðhalda sambandi við viðskiptavininn. Hún segir að viðskiptalíkön tölvuleikjafyrirtækjanna séu að breytast þannig að þau snúist ekki lengur um eina sölu, heldur einnig um það að viðhalda viðskiptavininum í lengri tíma.

***Er þá módelið sem þessi leikur, Battlefield, byggist á eitthvað svipað og hjá Eve Online?*** „Nei, Eve Online er áskriftarmódel þannig að það snýst um það að viðhalda sambandi við viðskiptavininn. Og fá hann til að kaupa einn mánuð í viðbót, eða þrjá mánuði og svo framvegis. Elísabet bendir á að Battlefield sé „console“-leikur sem þýðir að hann er spilaður á leikjatölvum á borð við Xbox og Playstation, en sé einnig fáanlegur fyrir PC-tölvur. „Í þeim heimi hefur þetta alltaf snúist um að selja viðskiptavininum leikjatölvu og í kjölfarið nýjustu leikina, koll af kolli. Kerfið snerist um dreifingu í gegnum verslanir, en hefur færst mikið inn á netið eins og í Playstation Store þar sem þú getur halað leikinn niður,“ segir Elísabet. Battlefield hafi samt reitt sig meira á einstaka sölu fremur en áskrift eins og EVE. Í Nú sé staðan sú að margir „console“-leikir hafi verið að þróast yfir í svona „hybrid-módel“ þar sem hægt sé að kaupa hluti inni í leiknum eða áskrift inni í leiknum. „Slík viðskiptamódel hafa farið að vega þyngra og þyngra. Þannig að það er í raun sú þekking sem er verið að sækja í,“ segir Elísabet.

### Fyrstu persónu skotleikur

Elísabet segir að Battlefield sé fyrstu persónu skotleikur og helsti kostur hans sé að fólk geti komið saman á netinu og margir spilað hann saman í einu. „Þetta er mjög þekkt vörumerki og mikill fjöldi fólks sem spilar hann að staðaldri,“ segir Elísabet.

Hún segir að það sé mjög áhugavert að skoða hegðun fólksins sem spilar leikinn. „Leikjahönnuðir skoða oft mynstur innan leiksins, hvað er að gerast hjá leikmönnum. Það sem mér finnst áhugaverðast að skoða er hegðun fólksins sem heldur um stýripinnann. Samtölin og undirbúningurinn fyrir leikinn,“ segir Elísabet. Hún bendir á að hún hafi heyrt af íslenskri konu sem hafi fengið bónorð í gegnum leikinn þegar sú kona og kærastinn hennar voru að spila leikinn á sama tíma. Leikurinn sé spennandi en hann sé líka vettvangur fyrir frekari samskipti og honum fylgi oft áhugaverðar upplýsingar.

***Er þetta sérheimur?*** „Já og nei. Ég veit ekki hvort það er eitthvað rétt að kalla þetta sérheim frekar en Facebook. Þetta er bara vettvangur fyrir mannlega hegðun. Og af einhverjum enn áhugaverðari ástæðum þá sækja karlmenn frekar í þetta samskiptaform,“ segir Elísabet og bætir við að karlmenn séu enn í meirihluta á meðal spilara Battlefield en á meðal spilara Eve.

***Hvernig er nýja starfið þitt svipað starfinu hjá CCP, er þetta sambærilegt?*** „Það er erfitt að segja fyrir um það núna. Þú kannski spyrð mig að þessu eftir ár. En fyrirfram myndi ég segja nei,“ segir Elísabet. Hún hafi byrjað að vinna hjá CCP árið 2007 og undir lokin hafi hún verið komin í mikið stjórnendastarf og starfið verið farið að snúast mikið um rekstur á stórri markaðsdeild. „Markaðsdeildin hjá CCP, þegar hún var hvað stærst, samanstóð af 42 starfsmönnum á níu starfsstöðvum í heiminum. Þar voru töluð sautján tungumál. Þannig að ég hef mikla stjórnendareynslu,“ segir Elísabet. Nýja starfið snúist miklu frekar um þróun á viðskiptalíkani.

***Hefur markaðsdeildin hjá CCP minnkað með árunum?***

„Já, CCP hefur allt minnkað. Ég hætti 2012 og tók þá ákvörðun að fara að vinna í banka. En CCP hefur verið að einfalda reksturinn og starfseiningum þeirra í heiminum hefur fækkað,“ segir Elísabet. Um leið hafi markaðsdeildin orðið mun einfaldari í rekstri.

### Góð reynsla hjá CCP

Elísabet byrjaði árið 2007 hjá CCP þegar 100 starfsmenn unnu hjá fyrirtækinu og það átti eftir að stækka. „Þetta var algjört ævintýri og mér finnst þátttaka mín í því hafa hraðað minni reynslu sem stjórnanda og sem fagmanni. Reynsla kemur ekki auðveldlega. Maður lærir yfirleitt mest af erfiðu hlutunum og er reynslurríkari fyrir vikið og ég hef þroskast hratt. Ég á mjög jákvæðar minningar frá CCP þó að það hafi ekki alltaf verið auðvelt. En það á heldur ekkert alltaf að vera auðvelt,“ segir Elísabet. Hún segir að fyrirtækið hafi enn verið Startup-fyrirtæki þegar hún byrjaði þar og hún hafi fylgt því í gegnum mikinn vöxt. Fyrirtækið hefur svo minnkað aftur og farið úr 650 starfsmönnum niður í rúmlega 300.

***Hvernig hefur þér fundist að fylgjast með CCP eftir að þú fórst?*** „Það hefur verið erfitt að sjá uppsagnirnar. Þau eru að taka heilbrigðar en erfiðar ákvarðanir. Ég finn til með þeim út af mannlega þættinum. En faglega myndi ég segja að fyrirtækið væri að gera mjög góða hluti og taka mikilvægar ákvarðanir. Og ég sé ekki betur en að það séu góð teikn og jákvæðir hlutir að gerast,“ segir Elísabet.

### Áskriftarlíkön á undanhaldi

Elísabet segir að undanfarið hafi fyrirtækið verið að vinna mjög mikið með fyrirkomulag þar sem neytendur spili ókeypis til að byrja með en borgi svo fyrir aukahluti. Áskriftarleikir séu á undanhaldi. „En málið er að það er eðli viðskiptalíkana í þessum geira að þau taka reglulegum breytingum,“ segir Elísabet. Það sé því erfitt að spá um það hvernig viðskiptalíkönin muni þróast. Battlefield er hannaður þannig að hver leikur er seldur í plasthulstri út úr búð en svo geta spilarar keypt ákveðna hluti og þjónustu inni í leiknum.




**MARKAÐSSTJÓRINN** Elísabet hefur mikla reynslu af markaðsmálum, bæði úr tölvufyrirtækjum og bankaheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

***Það er ákveðin gróska í tölvuleikjaiðnaðinum hér heima, hefurðu fylgst með henni?*** „Ég hef fylgst eitthvað með henni. En ég hef verið að fylgjast líka töluvert mikið með nýsköpunarheiminum hérna heima, í gegnum Startup Reykjavík hjá Arion banka. Það er einhver gróska en því miður ekki nærri því eins mikil og í nágrannalöndum okkar,“ segir Elísabet. Hún nefnir Helsinki í Finnlandi sem dæmi um stað þar sem er mikil gróska í tölvuleikjagerð.

Elísabet segir að það séu margir Íslendingar sem væru hæfir til þess að vinna að tölvuleikjaþróun, en það þurfi að samþætta betur greinarnar þarna að baki, hönnun, forritun og fleiri greinar. „Þú þarft að fá fólk til að umgangast og vinna mjög þétt saman í háskólaumhverfi og þetta þarf að gerast svolítið náttúrulega. Maður á ekki að þvinga þetta,“ segir hún. Það þurfi líka að byrja fyrr á forritunarkennslu og þar hafi fyrirtækið Skema unnið gott starf. „Auðvitað á bara að byrja að kenna krökkum að forrita strax sex ára. Byrja bara skemmtilega á einföldum, litlum viðfangsefnum. Og við þurfum fleira fólk sem hefur skilning á þessum hlutum og getur skapað,“ segir hún.

***Heldurðu að fjárfestar taki leikjageirann alvarlega?*** „Já, það held ég alveg örugglega. Þetta er orðinn svo stór bransi í dag. Þetta er orðið stærra en Hollywood. Og þú sérð það að fólk um fertugt í dag er fyrsta kynslóðin sem ólst upp við það að spila tölvuleiki og það heldur áfram að spila tölvuleiki,“ segir Elísabet. Fjárfestar taki því tölvuleiki alvarlega en það þýði ekki að þeir gleypi við hvaða hugmynd sem er. Viðskiptalíkönin séu ekki einföld. „Það er því eðlilegt að menn vilji kynna sér málin vel áður en þeir fara að fjárfesta í einhverju. Ekkert er einfalt né auðvelt, hvorki í þessum bransa né öðru,“ segir Elísabet. Hún segist jafnframt telja að þetta sé atvinnugrein sem muni geta skipt sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf. Það sé hægt að búa til mikið virði úr hugviti og eftirspurnin eftir því sé að aukast. „Það væri sorglegt að nýta ekki þau tækifæri sem eru að skapast,“ segir Elísabet.

***Sérð þú einhver fyrirtæki núna sem gætu átt svipaða möguleika á alþjóðamarkaði og CCP?*** „Það er erfitt að segja til um það núna. Ef maður gæti sagt fyrir um það núna þá myndi maður ekki segja neinum frá því heldur bara fjárfesta í þeim. En það eru margir áhugaverðir aðilar hér. Ég hlakka til að fylgjast með því hvað er að gerast hjá Sólfari. Hvað verður til hjá þeim,“ segir Elísabet. Það sé víða mikil gróska í gangi en erfitt að sjá núna hver þróunin verði.

***Þú ákvaðst árið 2012 að söðla um og fara úr tölvuleikjaiðnaðinum í banka, af hverju?*** „Ég var búin að vinna í sjö ár hjá CCP og man svo vel eftir því að mér fannst ég vera búin að upplifa svo margt og mér var farið að líða svolítið eins og gömlum skipper,“ segir Elísabet. Vandamál sem öðrum hafi þótt nýstárleg hafi verið orðin að daglegu brauði og hún hafi verið hætt að finna áskoranir í starfinu. „Ég hugsaði með mér, ég er 33ja ára og ég er farin að hljóma eins og ég sé 75 ára,“ segir hún. Við þessa tilhugsun hafi henni fundist eins og hún væri hætt að læra og hætt að ögra sér. „Þá ákvað ég að fara að gera eitthvað annað,“ segir Elísabet.

Elísabet segir að á þeim tíma sem hún fór til bankans hafi CCP verið eitt heitasta fyrirtæki landsins. „Og ég hugsa með mér, að þegar ég fór að vinna hjá CCP þá fór ég að synda á móti straumnum því þá fóru allir vinir mínir að vinna í bönkunum og það þótti mjög flott. Þá voru margir sem ráku upp stór augu yfir því að ég var að fara að vinna í tölvuleikjafyrirtæki sem þeir höfðu aldrei heyrt um,“ segir hún. Árið 2012 hafi CCP svo verið mjög þekkt og vinsælt fyrirtæki og þá hafi hún aftur viljað synda á móti straumnum og fara í banka.

Elísabet bendir á að stærstu tækifærin gefist yfirleitt ekki þegar rekstur fyrirtækjanna gangi sem best. „Vegna þess að þegar fyrirtæki ganga vel þá er yfirleitt ekki þörf fyrir að breyta neinu. Áhugaverðu hlutirnir gerast í krísum. Þá þarf að gera breytingar og gera tilraunir. Og skoða hlutina upp á nýtt. Ef fólk er að hugsa um ferilinn sinn þá eru yfirleitt tækifæri þar til að stökkva inn og láta að sér kveða,“ segir Elísabet.

### Lítill munur á CCP og bankanum

Elísabet segir að það hafi komið sér svolítið á óvart hvað það hafi verið lítil breyting að fara frá CCP yfir í bankann. „Vegna þess að öll stór fyrirtæki eru að fást við svipuð vandamál. Mest allt sem þú gerir snýst á einn eða annan hátt um hugbúnaðarþróun. Það er eðli reksturs í dag. Þetta snýst um samskipti við viðskiptavininn, núverandi eða tilvonandi,“ segir hún. Hún segir að þegar öllu sé á botninn hvolft snúist starfið um að hafa gott samstarfsfólk í kringum sig. En hún bendir líka á að að stærsti munurinn á bankanum og CCP sé að þegar hún er að vinna í bankanum þá sé hún að vinna á innanlandsmarkaði en þegar hún var að vinna hjá CCP var hún á alheimsmarkaði.

## SEX MILLJARÐA KRÓNA FÉLAG

Það voru fjórir félagar í Svíþjóð sem stofnuðu DICE, Digital Illusions CE, árið 2012. Þeir byrjuðu á því að hanna leik fyrir Amiga-tölvur, en árið 2002 varð leikurinn Battlefield til. DICE var skráð í sænsku kauphöllina árið 1998 og árið 2004 var markaðsverðmæti félagsins komið upp í 55 milljónir Bandaríkjadala. Það ár tilkynnti tölvuleikjaframleiðandinn Electronic Arts fyrirætlanir um að kaupa öll útistandandi hlutabréf í DICE. Stjórnendur DICE mæltu með því að hluthafar í félaginu samþykktu tilboðið. Þann 31. mars 2005 átti Electronics Arts 62 prósent af öllu félaginu og í byrjun október 2006 var DICE að fullu í eigu Electronic Arts. Heildareignir félagsins nema um 5,9 milljörðum íslenskra króna og starfsmannafjöldinn er 560.




**FLYTIME.IS**

**Á vefsíðunni flytime.is er að finna allar upplýsingar um komu- og brottfarartíma á Keflavíkurflugvelli.**



White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Hreinsandi
fyrir alla muni

Húsgagnahreinsun fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



Þjáist þú af aumum og stirðum liðum ?

20% afsláttur

Náttúrulegt „smurefni" fyrir liðina

NUTRILENK ACTIVE Chondro

www.gengurvel.is

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.


# PROCTO-EZE

# NÝJUNG VIÐ GYLLINÆÐ

**LYFIS KYNNIR** *Procto-eze krem og Procto-eze hreinsir fyrir gyllinæð. Procto-eze kremið er ætlað við ertingu og óþægindum vegna gyllinæðar og hreinsirinn hreinsar, róar og frískar óþægindasvæðið. Procto-eze fæst í apótekum.*

Gyllinæð eru bólgnar og þrútnar æðar í eða við endaþarmsopið og kemur fyrir hjá um 50% einstaklinga einhvern tíma ævinnar. Blæðing úr endaþarmi ásamt kláða og sársauka eru helstu einkenni gyllinæðar og er hún algengust hjá eldra fólki og konum á meðgöngu.

„Procto-eze kremið var sérstaklega þróað sem mjúkt og létt krem sem húðin dregur hratt í sig" segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Kremið veitir góða vörn með því að búa til vatns-fitufilmu yfir erta svæðið. Vörnin dregur úr kláða og sviða og meðferðarsvæðið verður mýkra og rakara, sem kemur í veg fyrir að húðin springi og valdi óþægindum.

„Vörurnar eru í íslenskum umbúðum og fylgja góðar leiðbeiningar á íslensku", segir Hákon.

## PROCTO-EZE KREM
### HEFUR EFTIRFARANDI KOSTI

- **Stjaka fylgir með – auðvelt í notkun**
- **Inniheldur ekki stera**
- **Byggir á náttúrulegum innihaldsefnum**
- **Þoldist vel í 12 vikna klínískri rannsókn**
- **Má nota á meðgöngu**




PROCTO-EZE

PROCTO-EZE HREINSIR

## ÞRÍÞÆTT VERKUN

- **VÖRN**
- **RAKAGEFANDI**
- **GRÆÐANDI**

**FYRIR HÁMARKS ÁRANGUR ER MÆLT MEÐ NOTKUN Á PROCTO-EZE HREINSI SAMHLIÐA PROCTO-EZE KREMI**

**Procto-eze hreinsir er hreinsifroða sem ætluð er til að viðhalda hreinlæti og draga úr óþægindum tengdum gyllinæð. Froðan hreinsar, róar og frískar óþægindasvæðið. Hún hentar vel til að nota í sturtu og kemur í stað sápu sem oft ertir viðkvæmt svæðið.**


Sólhattur

Engifer, Túrmerik og Bromelain blanda

natures aid
Sérfræðingar í heilsu síðan 1981

Styrking fyrir ónæmiskerfið

Natures Aid
mæla með þessum vítamínum og bætiefnum fyrir
KVEF OG FLENSU

EchinEeze Echinacea
Ginger, Turmeric & Bromelain
Immune Support+
Vitamin C 1000mg

www.gengurvel.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# SAGAN LEYNIST Í LANDSLAGINU

**FERÐIR** *Myndskreytirinn Ingólfur Björgvinsson hefur teiknað ófá sögukort bæði íslensk og erlend. Hann segir sjónræna upplifun alltaf hafa skipt sig miklu máli á ferðalögum enda tekur hann skissubókina alltaf með.*

Það er svo gríðarlega mikil saga falin í landinu sem er ekki sýnileg. Þegar ferðast er um Miðjarðarhafslöndin til dæmis er við hvert fótmál áþreifanlegir hlutir eins og byggingar, brýr og turnar. Hér er ekki neitt, bara einhver gamall og fróður sem bendir á þúfu og segir „hér stóð Gunnar“,“ segir Ingólfur Björgvinsson myndskreytir.

Ingólfur hefur teiknað ófá íslensk sögukort, en einnig sögukort fyrir Suðureyjar og Orkneyjar við Skotland, Noreg og Ungverjaland. Aðspurður hvort hann horfi öðruvísi í kringum sig á ferðalögum eftir slíka vinnu segist hann alltaf hafa heillast af söguslóðum. Snæfellsnes sé í uppáhaldi, Dalirnir og Breiðafjörður.

„Ég hef alltaf haft sérstaka tilfinningu fyrir sögustöðum og áhuga á sögunni í landinu. Ég var rétt um tvítugt þegar ég fór fyrst hringinn um Snæfellsnesið og sá einhverjar minjar frá 18. öld. Þær kveiktu í ímyndunaraflinu og mig langaði til að myndgera þær til að festa mér betur þessa sjónrænu upplifun. Ég hef alltaf verið meira fyrir hana en stafi í bók,“ segir hann enda taki hann teikniblokkina ávallt með á ferðalögum.

„Ég teikna frekar ferðasöguna þó ég skrifi líka eitthvað niður. Ég hef mjög gaman af að ganga um gamlar borgir. Þá les ég mér til um söguna og skoða mig um. Ég bjó mörg ár í Barselóna og uppgötvaði einn daginn að kunningi minn átti heima við hliðina á húsinu þar sem Kólumbus bjó. Tröppur og götur í Barselóna voru lagðar á sama tíma og Snorri Sturluson sat hér og skrifaði. Hér er nánast allt horfið nema skinnhandritin sem tengja okkur við söguna, eins og náttúran hafi náð að útmá öll spor mannsins. Það er bæði eftirsjá að því en líka ákveðinn sjarmi fyrir myndskreyti. Maður getur leyft sér að skálda í eyðurnar sem er heillandi, þó auðvitað reyni maður að hafa hlutina eins rétta og hægt er.“

Það kemur því ekki á óvart þegar Ingólfur er spurður hvert fjölskyldan haldi helst í frí að borgarferðir og sögufrægir staðir verði frekar fyrir valinu en sólarstrendur. En hvert er ferðinni heitið í sumar?

„Annaðhvort til Grænlands eða suður til Miðjarðarhafsins. Vonandi get ég farið á báða staði, á erfitt með að gera upp á milli. Báðir staðir eru mjög spennandi en ég hef aldrei komið til Grænlands.“



**SAGAN KVEIKIR Í ÍMYNDUNARAFLINU** Ingólfur Björgvinsson er meira fyrir sjónræna upplifun en stafi í bók og skissar á ferðalögum. MYND/VALLI









# REYKJAVÍK COCKTAIL WEEKEND

MIÐVIKUDAGUR **4. FEBRÚAR 2015**


# Fræðir Íslendinga um viskí

Ian Millar, sendiherra Glenfiddich-viskíframleiðandans, verður með master class-fyrirlestur á laugardaginn í tilefni Reykjavík Cocktail Weekend. Þar fræðir hann áhugasama um leyndardóma vískís og leyfir þeim að smakka á mismunandi gerðum. Hann hlakkar til að kynnast barmenningu Íslendinga og ætlar að nýta tímann vel þá fáu tíma sem hann dvelur í borginni.

Ég hlakka mikið til að hitta íslenska viskíunnendur en ég hef aldrei haldið viskísmökkun á Íslandi áður. Ég hef heyrt að Íslendingar búi til sitt eigið viskí og ég er spenntur fyrir því að hitta fólkið að baki þeirri framleiðslu," segir Ian Miller sem kemur til landsins um miðjan dag á föstudag og ætlar strax um kvöldið að kynna sér þá barmenningu sem Reykjavík hefur upp á að bjóða.

Millar er fæddur og uppalinn í hálöndum Skotlands. Hann tók sinn fyrsta viskísopa átján ára gamall og heillaðist um leið. Rúmlega tvítugur hóf hann störf í viskíbransanum og hefur hann starfað við hann í 41 ár. „Ég gerðist verkfræðingur því ég vissi að þannig gæti ég fengið gott starf innan viskígeirans," segir Millar sem hefur unnið á öllum sviðum viskíframleiðslunnar í þessa fjóra áratugi og þekkir því bransann út og inn. Síðustu sextán árin hefur hann starfað hjá Glenfiddich og síðustu árin hefur hann sem sendiherra fyrirtækisins unnið að því að bera hróður merkisins víða um heim.

Glenfiddich er gamalgróið fyrirtæki. Það var stofnað árið 1887 í Skotlandi af William Grant og er enn í dag í eigu afkomenda hans. Glenfiddich er mest selda singlemalt viskí heims og hefur einnig hlotið hvað flest alþjóðleg verðlaun. Glenfiddich þýðir dalur hjartardýranna á gelísku og er það ástæðan fyrir myndinni af hjartardýrinu sem ávallt prýðir flöskur fyrirtækisins.

> **Það voru írskir munkar sem þróuðu viskíið, þetta vatn lífsins, og komu með það til Skotlands.**

### Góðar minningar frá Íslandi

Ian Millar hefur einu sinni áður stigið á íslenska grund. „Ég kom til Reykjavíkur í júlí 2013 með eiginkonu minni þegar við vorum á ferð með skemmtiferðaskipi. „Við áttum yndislega stund og gengum í góðu veðri upp að Hallgrímskirkju, fórum upp í lyftunni og horfðum yfir borgina. Veðrið var svo gott að við gátum setið úti og drukkið bjór í sólinni. Ég býst við að hitinn verði eitthvað minni í þetta sinnið," segir hann glettinn. Heimsókn Millars verður ekki miklu lengri í þetta sinn þar sem hann flýgur heim á sunnudag en hann ætlar að nýta tímann vel. „Ég ætla að reyna að sjá sem mest af Reykjavík, skoða bari sem sérhæfa sig í viskíi ef einhverjir slíkir fyrirfinnast og eyða sem mestum tíma með viðskiptavinum okkar." Á laugardaginn stendur svo fyrir dyrum master class á vegum Vífilfells á Center Hótel Plaza klukkan 17.

### Fer með fólk í viskíferðalag

Inntur eftir því hvort master classinn sé fyrir byrjendur eða lengra komna svarar Millar að allir geti haft gaman af. „Ég mæli þó ekki með því að fólk mæti sem aldrei hefur smakkað viskí áður. Viskí er ekki allra, það hefur sérstakt og erfitt bragð sem sérstaklega ungt fólk á erfitt með að njóta," segir hann.



„Best að njóta viskís með góðum vinum. Þetta snýst ekki um að drekka flöskuna heldur njóta hvers sopa hægt og rólega," segir Ian Millar sem á að baki 41 ár í viskíbransanum..

Millar fer um víðan völl í viskíkynningu sinni. Hann mun tæpa á mörgu og svara spurningum viðstaddra. „Ég vil þó ekki drepa niður stemninguna með allt of miklum smáatriðum enda er fólk komið til að hafa gaman," segir hann og hlær. Hann segist vilja opna huga fólks fyrir heimi viskísins og gera því ljóst hversu stór hann er. „Margir þekkja Glenfiddich úr búðum og af börum en færri vita að tegundirnar eru mun fleiri. Á master class-inum munum við smakka sex gerðir af Glenfiddich-viskíi sem er misgamalt og með misjöfnum keimi. Fólk mun fá tilfinningu fyrir því hvaða áhrif aldur og mismunandi meðferð hefur á viskí, hvernig það eldist, verður mildara, léttara. Þetta verður skemmtilegt ferðalag."

### Félagsskapurinn skiptir öllu

Blaðamaður forvitnast um sögu viskís. „Saga viskís nær yfir fimm hundruð ár aftur í tímann en upphafið má rekja til Írlands. Það voru írskir munkar sem þróuðu viskíið, þetta vatn lífsins, og komu með það til Skotlands. Við lítum því þannig á að Írar hafi fundið viskíið upp en Skotarnir hafi fullkomnað það."

En hver er leyndardómurinn á bak við gott viskí? „Leyndarmálið snýst meira um félagsskapinn sem þú ert í þegar þú nýtur viskísins heldur en bragðið. Best er að njóta viskís með góðum vinum. Þetta snýst ekki um að drekka flöskuna heldur njóta hvers sopa hægt og rólega og hafa nægilega skynsemi til að mæta í vinnu daginn eftir," segir Skotinn og hlær.

***Master class-fyrirlestur Ians Millar fer fram á Center Hótel Plaza á laugardaginn klukkan 17. Þúsund króna gjald er á fyrirlesturinn.***

# *Viðburðir í boði Reyka Vodka um helgina*

„Reyka Vodka býður upp á skemmtilega dagskrá í tilefni af Reykjavík Cocktail Weekend," segir Gunnar Lár Gunnarsson hjá Vífilfelli, dreifingaraðila Reyka Vodka. Viðburðir verða bæði á föstudag og laugardag.

„Á Lavabarnum í Lækjargötu verður Reyka Vodka-kokteilakvöld á föstudagskvöldið frá klukkan 21 til 1 eftir miðnætti. Þar verður boðið upp á nýjustu og ferskustu kokteilana og fá fyrstu gestirnir smakk í boði hússins," lýsir Gunnar. Á laugardag verður hins vegar slegið upp partíi á skemmtistaðnum Austur í Austurstræti. „Fyrstu hundrað fá frían kokteil til að smakka og svo verður sérstakur Reykakokteill á þúsund krónur."

### Reyka í tíu ár

Reyka Vodka er framleitt í Borgarnesi




og kom fyrst á markað í ágúst 2005. Hreint íslenskt vatn, íslenskt eldfjallahraun og jarðhiti eru notuð til að framleiða vodkann. Hann er síaður í gegnum íslenskt hraun, en ekki kol eins og almennt er við framleiðslu vodka. Reyka Vodka er framleitt af skoska fjölskyldufyrirtækinu William Grant & Sons sem er einna þekktast fyrir viskíin Glenfiddich og Grant's. Það sem heillaði forsvarsmenn fyrirtækisins við Ísland var hreina loftið og tæra vatnið. Framleiðslan hefur gengið vel og Reyka Vodka hefur klifið metorðastigann í veröld sterkra drykkja hratt og unnið til ýmissa verðlauna.



Austur



Lavabarinn

# Kúbversk stemning í stormpartíi

Skemmtistaðurinn Austur mun bjóða landsmönnum skjól frá roki og myrkri á föstudaginn þegar Havana Club Stormpartí verður haldið. Erpur Eyvindarson stýrir partíinu og lofar miklu fjöri enda gjörþekkir hann Kúbu og þá stemningu sem ríkir meðal þarlendra.

Þegar hvirfilbyljir ganga yfir Kúbu koma heimamenn sér í gott skjól og gera sér glaðan dag með líflegri tónlist, sveittum dansi og eðalveigum. Þótt Íslendingar upplifi ekki reglulega hvirfilbylji grúfir myrkrið og kuldinn yfir landsmönnum stóran hluta vetrar og því meira en viðeigandi að slá upp góðu stormpartíi hér á landi.

Havana Club, Maradona Social Club og skemmtistaðurinn Austur bjóða skjól fyrir íslensku roki og myrkri í tilefni Reykjavík Cocktail Weekend föstudaginn 6. febrúar.

Það er Erpur Eyvindarson sem sér um skipulag Havana Club Stormpartísins á Austur og lofar hann miklu fjöri enda gjörþekkir hann Kúbu og fjöruga stemningu meðal landsmanna.

„Kúbumenn eru ekkert að mæta í vinnu eða skóla á meðan óveðrið stendur yfir heldur leita skjóls fyrir veðrinu. Á þessum tímum verða því oft til helvíti góð partí þar sem blandast iðulega saman lifandi tónlist, dans, romm, domino-spil og vindlar. Sannkölluð toppstemning. Okkur fannst því heldur betur viðeigandi að slá upp góðu stormpartíi hér á landi enda meira og minna vont veður hér allt árið. Því er upplagt að slá því saman við kokteilfestivalið sem eru jólin hjá þeim sem njóta þess að þefa af góðum drykk.“



### Óvæntar uppákomur

Boðið verður upp á ljúffenga kokteila, frábæra lifandi tónlist og skrautlegan mannskap sem kyndir upp í Kúbustemmaranum að sögn Erps. „Hið kynngimagnaða og stórkostlega Maradona Social Club-latínband fýrar upp í tónlistinni. Bandið inniheldur meðlimi úr öllum áttum; frá Fox Train Safari, Langa Sela og Skuggunum, Mafíubandi Tómasar R., Sóldögg og fleiri góðum böndum.“

Auðvitað verður boðið upp á frábæra drykki að hætti Kúbumanna. „Þeir fyrstu sem koma í var inn á Austur frá hvirfilbylnum fá frían drykk og svo verður kúbanskt verðlag á drykkjum eftir það. Við munum bjóða upp á Fidel sem er sjö ára gamalt Havana Club, blandað í engiferöl og með límónu. Virkilega hressandi drykkur. Einnig verður boðið upp á Havana Breezy sem er þriggja ára Havana Club blandað í Sprite. Ekki má gleyma Cuba Libre og svo auðvitað alvöru Mojito og þá meina ég ekkert Bónus-sull. Oft eru barþjónar hér á landi að bjóða upp á Florida-romm úr dós með arfa, sykurskertum sítrónu-Svala, Sanitas-sódavatni og klökum úr flúorvatni ofan af Miðnesheiði. Við hins vegar bjóðum upp á þennan kúbanska drykk með kúbönsku rommi eftir hefðum eyjarskeggjanna sem gerðu hann frægan.“

Skemmtilegt lið úr dansheiminum og fólk sem á rætur að rekja til Kúbu og Karíbahafsins hafa boðað komu sína á föstudaginn. „Það verða óvæntar uppákomur í boði, sumar planaðar en aðrar bara gerast af sjálfu sér eins og í alvöru stormpartíi.“

Húsið verður opnað kl. 21 og ókeypis er inn. Allir Havana Club-drykkir verða á Kúbuverði til miðnættis.

### Saga rommsins

Daginn eftir mun Erpur vera með Havana Club master class í gamla Morgunblaðshúsinu við Ingólfstorg kl. 17. „Öll vínumboðin sem taka þátt í Reykjavík Cocktail Weekend verða þar með alls konar kynningar og ég mun doktorsmennta menn í rommi. Ég mun skauta í gegnum sögu Kúbu og rommsins en þessir tveir hlutir eru tengdir órjúfanlegum böndum. Boðið verður upp á smökkun á eðalrommi, þar á meðal Havana Club – Seleccion de Maestros. Það eru gullnir dropar sem fást eingöngu í fríhöfninni hér á landi, sérvalið og blandað af rommmeisturum Havana Club og er jafnframt uppáhaldsromm okkar félaganna.“





Auðvitað verður boðið upp á frábæra drykki að hætti Kúbverja.

Meðal ljúffengra drykkja sem Austur mun bjóða upp á eru Cuba Libre, Mojito og Havana Breezy.






**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, s. 512-5446, jonatan@365.is, s. 512-5446, Gunnhildur Geira, geira@365.is, s.512-5036
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.



**Don Draper** (Jon Hamm) er ósjaldan með kokteilinn ***Old Fashioned*** í hendi í sjónvarpsþáttunum ***Mad Men***. Í drykknum er viskí, ís, sykurmoli, vatn og Angostura bitter.



**The Dude** (Jeff Bridges) drekkur ótæpilega af kokteilnum ***White Russian*** í myndinni ***The Big Lebowski*** og hafa vinsældir drykkjarins aukist til muna vegna þess. Í drykknum er vodki, kaffilíkjör, rjómi og ís.



**Fredo Corleone** (John Cazale) pantar sér ***Banan Daiquiri*** í myndinni í ***The Godfather: Part II.***

# Stjörnur með drykk í hendi

Söguhetjur í hinum ýmsu kvikmyndum og sjónvarpsþáttum eiga sína uppáhaldsdrykki og kokteila eins og við hin. Hér má sjá nokkrar persónur og þá drykki sem tengjast þeim.





Stelpurnar í ***Sex and the City*** gerðu drykkinn ***Cosmopolitan*** heimsþekktan enda er hann vinsælasti kokteill heims í dag. Í honum er að finna vodka, triple sec, trönuberjasafa og súraldinsafa.

**Sonny Crockett** (Don Johnson) úr ***Miami Vice*** átti uppáhaldsdrykkinn ***Mojito.*** Í honum er romm, hrásykur, súraldinsafi, sódavatn, minta og ís.



**James Bond** er heimsþekktur fyrir setningu sína ***„Vodka martini, shaken, not stirred.“*** Í drykknum er vodki og vermút en blandan hefur verið kæld niður með ís en er borin fram án hans. Oft er drykkurinn skreyttur með ólívu.

# Snýst ekki bara um romm í kók

**Barþjónaklúbbur Íslands** stendur fyrir árlegri kokteilhátíð í samstarfi við helstu veitinga- og skemmtistaði í Reykjavík og helstu víninnflytjendur landsins. Hátíðin hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Tómas Kristjánsson, formaður Barþjónaklúbbsins, vill bæta drykkjarmenningu landans með fræðslu um áfenga drykki og hvetur áhugasama til að mæta á Master Class á laugardag.

Reykjavík Cocktail Weekend gekk vonum framar í fyrra og því ákváðum við að blása til hennar aftur í ár. Þetta er góður árstími til þess, það er kalt úti og við höfum öll gott af upplyftingu,“ segir Tómas Kristjánsson, forseti Barþjónaklúbbs Íslands, en klúbburinn stendur nú fyrir Reykjavík Cocktail Weekend annað árið í röð.

Alls taka þrjátíu barir, skemmti- og veitingastaðir víðs vegar um borgina þátt. Hver staður hefur sérhannað kokteilalista sem verður á lægra verði meðan hátíðin stendur yfir eða að hámarki 1.500 krónur drykkurinn. Hátíðin hefst í dag og stendur fram á sunnudag.

Tómas segir kjörið að skella sér á kokteilarölt í bænum og ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að komast heim.

„Við fengum BSR með okkur í lið og á þeim stöðum sem taka þátt geta gestir fengið sérstakt spjald með drykknum, sem gefur 400 króna afslátt af ferð með BSR. Okkar slagorð er nefnilega að áfengis skuli neytt af ábyrgð,“ segir Tómas.

## Fræðsla og drykkjarmenning

Samhliða hátíðinni fer fram Íslandsmót barþjóna og keppni milli veitingastaða í kokteilagerð sem áhugasamir geta fylgst með. Undankeppnin fer fram á fimmtudag í Gamla bíói og úrslitin á sunnudag. Sá aðili sem vinnur Íslandsmótið keppir fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti barþjóna í haust sem fram fer í Búlgaríu.

Þá stendur Barþjónaklúbburinn fyrir fræðslu um áfengi á laugardaginn sem Tómas segir lið í að auka þekkingu fólks á drykkjum og kokteilmenningu.

„Við verðum með sérstakan master class á Hótel Plaza þar sem þrír erlendir fyrirlesarar verða með fræðslu um áfengi, svo sem gin, viskí og romm. Fjöldi innlendra fyrirlesara kemur einnig fram og boðið verður upp á smakk af fjölda drykkja. Það er opið öllum áhugasömum og kostar einungis 1.000 krónur inn. Með fræðslu og kynningu á drykkjum langar okkur til að koma almennilegri kokteilmenningu á framfæri á Íslandi og því til skila að drykkur er ekki bara romm í kók.“



„Með fræðslu og kynningu á drykkjum langar okkur til að koma almennilegri kokteilmenningu á framfæri á Íslandi.“ Tómas Kristjánsson, forseti Barþjónaklúbbs Íslands, lofar frábærri stemmingu á Reykjavík Cocktail Weekend. MYND/VALLI

> **Við verðum með sérstakan Master Class á Hótel Plaza þar sem fjölmargir fyrirlesarar verða með fræðslu um ýmiskonar áfengi.**

# Flott veisla með Campari og Volcanic

Ásgeir Már Björnsson, yfirbarþjónn á Slippbarnum, hefur sett saman sérstakan CAMPARI-kokteilseðil í tilefni Cocktail Weekend.

Ásgeir býður spennandi kokteila í anda Slippbarsins sem og auðvitað þessa sígildu Campari-drykki eins og Negroni. Sannarlega fjölbreytt úrval og eitthvað fyrir alla. Kokteilarnir eiga það þó allir sameiginlegt að hafa Campari sem undirstöðu. Seðillinn verður í boði á meðan Reykjavík Cocktail Weekend fer fram, dagana 4.-8.febrúar.

Í tilefni hátíðarinnar býður Slippbarinn þér í CAMPARI CLUB-partí með DJ Margeiri miðvikudagskvöldið 4. febrúar. Þetta er tilvalið tækifæri til að hita upp fyrir skemmtilega komandi kokteilahelgi í Reykjavík. Allt hefst þetta á Slippbarnum kl. 21.00 með drykk í boði Campari.

**Dagskrá K. Karlssonar**

***4. febrúar – 8. febrúar***

- VOLCANIC-kokteilaseðill á ***Íslenska barnum***. Allir sem kaupa sér VOLCANIC um helgina á Íslenska barnum fara í pott sem dregið verður úr mánudaginn 9. febrúar. Verðlaunin eru glæsileg, flugferð fyrir tvo yfir eldstöðvarnar í Holuhrauni (svo lengi sem gosið verður ekki búið).

***4. febrúar***

- Campari Club-partí á ***Slippbarnum*** með DJ Margeiri frá kl 21.00. Slippbarinn hefur sett saman sérstakan Campari-kokteilaseðil í tilefni af Reykjavík Cocktail Weekend. Frír drykkur við komu fyrir þá fyrstu. Campari-drykkir á frábæru verði allt kvöldið.

***6. febrúar***

Bulldog Cold Gin á ***Vínsmakkaranum*** Laugavegi. Strákarnir í Four Leaves leika vel valda rokkslagara og fyrstu gestirnir fá Cold Gin frá Bulldog.

- ***7. febrúar***
- BACK IN BLACK á ***Vínsmakkaranum*** Laugavegi, í boði Captain Morgan Black. Fyrstu gestir fá drykk frá Kapteininum.
- Captain Morgan Black-partí á ***Brooklyn Bar*** Austurstræti. Kapteinninn og morganetturnar fögru mæta í gjafastuði og kynna Captain Morgan Black nýjan til leiks. Stuðið hefst með fríum drykkjum fyrir fyrstu gestina kl. 23.00.
- Patrón happy hour á ***Kalda Bar***. 2 fyrir 1 af Patrónkokteilum til miðnættis.




Allir sem kaupa sér VOLCANIC um helgina á Íslenska barnum fara í pott sem dregið verður úr mánudaginn 9. febrúar.




Spennandi Campari-kokteilar verða í boði á Slippbarnum.



**SLIPPBARINN BÝÐUR Í CAMPARI CLUB PARTÍ MEÐ DJ MARGEIRI**

**MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 4. FEBRÚAR.**

Stoltur þáttakandi af Reykjavík Cocktail Weekend
4-8 febrúar.

b5

BANKASTRÆTI 5

# Upplifunin skiptir miklu máli

Í tilefni Reykjavík Cocktail Weekend mun Ölgerðin flytja til landsins einn fremsta barþjón Rússlands, Mikhail Karachev. Hann mun fræða íslenska barþjóna um World Class-barþjónakeppnina, halda fyrirlestur um hágæðaginið, Tanqueray no. TEN og starfa sem gestabarþjónn á Slippbarnum.



Mikhail Karachev, einn fremsti barþjónn Rússlands, verður gestur Reykjavík Cocktail Weekend. MYND/ÚR EINKASAFNI

Kokteilmenningin hefur blómstrað á Íslandi síðustu þrjú árin og íslenskir barþjónar eru margir komnir á stall með þeim bestu í heiminum. Í tilefni Reykjavík Cocktail Weekend mun Ölgerðin flytja til landsins einn fremsta barþjón Rússlands, Mikhail Karachev. Að sögn Sóleyjar Kristjánsdóttur, vörumerkjastjóra hjá Ölgerðinni, mun hann bæði fræða íslenska barþjóna um World Class-barþjónakeppnina og halda fyrirlestur um hágæðaginið Tanqueray no. TEN, sem er eina ginið í „Hall of Fame“ í hinni þekktu keppni White Spirit í San Francisco. „Tanqueray no. TEN er fjóreimað lúxusgin og eina ginið sem notar ferska sítrusávexti í framleiðslunni. Nafnið TEN kemur frá eiminum sem heitir Tiny Ten.“



Tanqueray no. TEN er fjóreimað lúxusgin og eina ginið sem notar ferska sítrusávexti í framleiðslunni.

Að sögn Sóleyjar er Mikhail Karachev einn fremsti sérfræðingur Rússa í lúxusspírum (e. Luxury Spirits) og starfar hjá stórfyrirtækinu Diageo sem þjálfari og leiðbeinandi í World Class-kokteilprógramminu. „Ferill hans er glæsilegur en hann hefur unnið marga rússneska og alþjóðlega titla í barstörfum sínum ásamt því að hafa verið yfirbarþjónn á Moscow Ritz Carlton. Auk þess hefur hann rekið hinn þekkta kokteilbar Tommy D í Moskvu þar sem Sting og Jared Leto eru fastagestir.“

World Class-keppnin er ein virtasta kokteilkeppni heims. Þar keppa bestu barþjónar heims um sigur í úrvalstegundum á borð við Tanqueray no. TEN að viðstöddu margmenni og ýmsum stórstjörnum. „Í dag er barþjónninn jafn mikilvægur og meistarakokkurinn í eldhúsinu og kokteill er ekki bara drykkur gerður úr úrvalshráefnum heldur skiptir upplifun og framsetning miklu máli. Við stefnum á að senda íslenskan barþjón í þessa keppni von bráðar en í millitíðinni fá íslenskir barþjónar þjálfun og fræðslu sem mun lyfta kokteilmenningunni á Íslandi á enn hærri stall en áður.“

Fræðslan fer fram föstudag og laugardag að sögn Sóleyjar. „Föstudaginn 6. febrúar verður master class með Mikhail Karachev, einum fremsta sérfræðingi Rússlands í lúxus spírum. Hann fer fram í Forsetastofunni á Hótel Centrum milli kl. 14 og 16. Þar munu færustu barþjónar okkar fræðast um sögu World Class-barþjónakeppninnar sem er ein fremsta barþjónakeppni heims. Þar mun Mikhail kenna barþjónum hvað það er sem þarf til að vinna þessa keppni!“

Daginn eftir heldur hann fyrirlestur á Hótel Plaza um Tanqueray no. TEN og verður auk þess með leiðsögn og smakk á maltviskíi og Ron Zacapa frá kl. 14–17.30. „Sama kvöld verður Mikhail Karachev svo gestabarþjónn á Slippbarnum þar sem verður boðið upp á sérstakan lúxus kokteilaseðill sem hann hannaði.“

**MIKHAIL HEFUR UNNIÐ MARGVÍSLEGA TITLA SEM BARÞJÓNN Á FERLI SÍNUM**

- Maker's Mark „The most creative cocktails“ competition 2008.
- Cointreau Mix Master competition, árið 2009 („Perfect Serve“).
- The Most Beautiful Martini Drinks competition árið 2009.
- Diageo Bar Academy árið 2009 í Rússlandi.
- Angostura Cocktail Challenge árið 2010 í Rússlandi.

# Bandarísk stemning í miðbænum

Frábær kokteilalisti og bandarískar veitingar verða aðalsmerki American Bar sem verður opnaður síðar í mánuðinum. Staðurinn býr yfir sérstökum Grand Marnier-kokteilvélum sem framleiða hinn geysivinsæla og ljúffenga kokteil Frozen Margarita.

Síðar í febrúarmánuði verður American Bar opnaður í Austurstræti í miðborg Reykjavíkur. Eins og nafnið gefur til kynna verða bandarískar veitingar og menning í hávegum höfð þar og mun staðurinn meðal annars bjóða upp á sérstakar Grand Marnier-kokteilvélar. Þar með gefst Íslendingum kostur á að gæða sér á hinum ljúffenga kokteil Frozen Margarita sem er einmitt einn vinsælasti kokteillinn í Bandaríkjunum undanfarin ár að sögn Hermanns Svendsen, sem er annar eigenda American Bar.

„Við munum fyrst og fremst keyra á stórum og góðum kokteilalista með miklu úrvali þekktra og ljúffengra kokteila, þar á meðal hinum vinsæla Frozen Margarita. Það ríkir mikil og sterk kokteilhefð í Bandaríkjunum frá fyrri hluta síðustu aldar og þar sem Ísland er milli tveggja heimsálfa höfum við tekið það besta úr báðum heimum og sett saman frábæran kokteilalista fyrir gesti okkar.“

Staðurinn mun auk þess bjóða upp á léttan matseðil með bandarísku ívafi. „Gestir okkar geta meðal annars pantað sér bbq-rif, ljúffenga kjúklingavængi og frábæra hamborgara svo eitthvað sé nefnt. Auk frábærra kokteila munum við einnig bjóða upp á bandarískan bjór af krana og gott úrval af bandarísku viskíi.“

Tónlistin á American Bar verður spiluð í sjónvörpum sem verða á víð og dreif um staðinn auk þess sem bandarískar númeraplötur af bifreiðum hanga á veggjum barsins og setja skemmtilegan svip á umhverfið. „Við munum einnig sýna reglulega frá bandarísku atvinnumannadeildunum í ýmsum íþróttagreinum og um helgar mun plötusnúður spila nýjustu og ferskustu danstónlistina. Það er því óhætt að lofa miklu fjöri hér sjö daga vikunnar.“



„Við munum fyrst og fremst keyra á stórum og góðum kokteilalista með miklu úrvali þekktra og ljúffengra kokteila,“ segir Hermann Svendsen hjá American Bar. MYND/STEFÁN

**MANGO MARGARITA:**

- 4,5 cl Tequila
- 1,5 cl Grand Marnier
- 3 cl Mango puree
- 3 cl appelsínusafi
- 3 cl limesafi
- 3 cl sykursíróp

**BASIL SMASH MARGARITA:**

- 4,5 cl tequila
- 3 cl Grand Mariner
- 3 cl ananassafi
- 3 cl limesafi
- 6 stór basillauf
- 3 cl sykursíróp

*Hristið drykkina vel með klaka. Vætið glasbarminn á kokteilglasi með lime og dýfið í salt áður en drykknum er hellt í glasið.*



# 10 vinsælustu kokteilarnir

Sumir kokteilar urðu til sem drykkir til lækninga á árum áður. Uppskriftir þeirra gætu þó hafa breyst en margir njóta þess að drekka litríkan drykk úr fallegu glasi. Jafnt konur sem karlar eiga sér uppáhaldsdrykk og fara alltaf á sama staðinn þar sem barþjónninn þekkir þau.

Á öllum virðulegum börum þarf alltaf að vera til Martini, Screwdriver, Bloody Mary og Tom Collins, jafnvel Mimosa og Bellini. Þetta eru gamalgrónir vinsælir drykkir. Eftirfarandi tíu kokteilar hafa þó á síðustu árum fylgt nýjustu tísku og straumum og orðið afar vinsælir. Þeir eru þó í mikilli samkeppni við léttvín og bjór.

### 10. Apple Martini



Þessi drykkur sem oftast er kallaður Appletini hefur orðið mjög vinsæll að undanförnu en hann er tilbrigði við hinn venjulega þurra Martini. Vodka er notað í þennan drykk, eplasnafs og sítrónusafi. Appletini er í miklu uppáhaldi hjá sjónvarpsmanninum Conan O'Brian.

### 9. Long Island Iced Tea

Það er ekkert te í þessum kokteil. Þetta er vinsæll drykkur hjá mörgum karlmönnum. Í drykknum er romm, vodka, tequila, kók og sítrónusafi. Uppruni drykkjarins er umdeildur. Talað er um að hann hafi verið fundinn upp á Long Island árið 1920. Nútíma útgáfan er þó sögð hafa verið fundin upp í barþjónakeppni í New York árið 1972.

### 8. Californication (California)

Þessi kokteill er ekkert mjög ólíkur Long Island Tea. Í honum er vodka, romm, tequila, gin og appelsínulíkjör. Hann er borinn fram í háu glasi og það er fyllt upp með appelsínu- og sítrónusafa. Vinsælir sjóvarpsþættir bera þetta nafn, Californication. Einnig söng hljómsveitin Red Hot Chili Peppers um Californication.

### 7. Pina Colada

Klassískur, suðrænn og svalandi drykkur. Blanda af rommi, kókosmjólk og ananassafa. Þessi blanda er ákaflega vinsæl í heitum löndum þar sem fólk flatmagar á strönd eða við sundlaug. Drykkurinn er borinn fram í stóru glasi með ýmsu skrauti. Talið er að Pina Colada hafi verið fundin upp í Púertó Ríkó árið 1952. Sérstakur Pina Colada-dagur er þar í landi 10. júlí ár hvert.



Litríkur kokteill í sól og hita. Það minnir óneitanlega á sumarið. MYND/GETTY

### 6. Margarita

Margarita er einn vinsælasti kokteill í Bandaríkjunum. Í honum er tequila, triple sec-líkjör og límónusafi. Drykkurinn er alltaf borinn fram í víðu glasi og er salt sett á barmana. Uppruna drykkjarins má rekja til Mexíkós á fjórða áratugnum en hann er afar vinsæll þar í landi svo og í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Til eru nokkur afbrigði af Margarita, til dæmis með jarðarberjum eða hindberjum.

### 5. Caipirinha

Þessi drykkur kemur frá Brasilíu og heimamenn kynntu hann vel á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu á síðasta ári. Í drykknum er romm, púðursykur og límónusafi. Heimamenn nota Cachaca, áfengan drykk sem er unninn úr sykurreyr, en þar sem erfitt er að fá þann drykk í öðrum löndum hefur romm verið notað. Fyrst var þessi drykkur gerður árið 1918 til að lækna spænsku veikina.

### 4. Mint Julep

Kokteillinn er drykkur Derby-kappreiðanna í Kentucky í Bandaríkjunum. Í honum er bourbon, smávegis vatn, sykur og mikil fersk minta. Drykkurinn hefur verið þekktur frá því á nítjándu öld, fyrst var notað gin, koníak eða viskí í hann. Bourbon-útgáfan er frá árinu 1938.

### 3. Mai Tai



Þessi kokteill er sagður hafa verið fundinn upp í Oakland í Bandaríkjunum. Drykkurinn var mjög vinsæll á sjötta áratugnum og kom fyrir í frægri bíómynd, Blue Hawaii, þar sem aðalleikarinn var enginn annar en Elvis Presley. Drykkurinn hefur suðrænt og ávaxtaríkt bragð. Í honum er dökkt romm, Curacao-appelsínulíkjör, síróp og límónusafi. Uppfinningamaður er sagður hafa boðið vinum sínum upp á þennan drykk í heimsókn til Tahítí. Síðan er drykkurinn talinn eiga rætur að rekja þangað.

### 2. Mojito



Mojito er einn vinsælasti kokteill í heiminum í dag. Ferskt mintubragðið er hressandi á heitum sumardögum. Romm, límónusafi, sykur, sódavatn og fersk minta er uppistaðan í drykknum. Stundum er sprite notað í staðinn fyrir sódavatn. Í ekta Mojito þarf að merja mintuna, það má alls ekki skera hana en með því næst hið rétta bragð. Indíánar til forna notuðu ferska mintu í lækningaskyni, til dæmis til að lækna skyrbjúg og blóðkreppusótt. Mojito er þó rakinn til Kúbu. Talið er að rithöfundurinn Ernest Hemingway hafi gætt sér á hressandi kokteilum eins og Mojito þegar hann dvaldi á Kúbu.

### 1. Cosmopolitan

Hinn fallega rauði Cosmopolitan-kokteill hefur orðið afar vinsæll á síðustu 20-30 árum. Í drykknum er vodka, triple sec-líkjör, límónusafi og trönuberjadjús. Hann er heimsborgari en svolítið kvenlegur en kokteillinn varð sérstaklega vinsæll þegar þættirnir Sex and the City voru sýndir en skvísurnar þar drukku ótæpilega af honum. Þar var hann kallaður Cosmo. Barþjónn á strandbar í Flórída er sagður hafa fundið hann upp í kringum 1985. Aðrar heimildir herma að hann hafi fyrst verið gerður á bar í Minneapolis árið 1975.

# Með í fyrsta sinn

Forréttabarinn tekur þátt í Reykjavík Cocktail Weekend í fyrsta skipti í ár.

Þeir Hrafnkell Ingi Gissurarson og Sigurhans Óskar Sigurhansson hafa sett saman fimm kokteila seðil líkt og hinir þátttökustaðirnir þrjátíu í kokteilhátíðinni Reykjavík Cocktail Weekend. „Ég á St. Thomas og After Dinner, Sigurhans Nordic Comfort og Lava Lagoon og svo gerðum við drykkinn Aurora saman," segir Hrafnkell, sem er yfirbarþjónn staðarins. Drykkirnir eru ýmist úr rommi, tequila, gini, viskíi eða bourbon. Þeir verða allir á tilboði á meðan á hátíðinni stendur og mun enginn þeirra kosta yfir 1.500 krónum.

Forréttabarinn er vinsæll smáréttastaður og hefur Hrafnkell þróað nokkra kokteila sem til eru á seðli hússins. Hann segir kokteilamenninguna unga hér á landi. Að hans mati fer hún þó vaxandi. „Mér finnst fleiri vilja prófa sig áfram með kokteila í stað þess að fara á hefðbundna happy hour. Það er óneitanlega meiri fjölbreytni í því og alltaf gaman að smakka eitthvað nýtt."

Hátíðin hefst í dag og stendur til sunnudagsins 8. febrúar. Henni líkur með úrslitakeppni í Íslandsmóti barþjóna og keppni milli veitingastaða í kokteilgerð í Gamla bíói. Dómnefnd skipuð af Barþjónaklúbbi Íslands mun ganga á milli og smakka valda drykki af kokteilaseðlum þátttökustaðanna og velja þrjá bestu drykkina sem keppa svo til úrslita. Vinningsdrykkurinn hlýtur nafnbótina Reykjavík Cocktail Weekend drykkurinn 2015.



St. Thomas (til vinstri) og Aurora eru á meðal drykkja á kokteilaseðli Forréttabarsins. MYNDIR/GVA

Allir helstu umboðsaðilar áfengra drykkja verða með kynningu á sínum vörum á meðan á keppni stendur og á Hrafnkell von á góðri stemningu. „Við verðum með Bombay-partí hjá okkur á fimmtudag. Það byrjar klukkan 20 og verður hægt að smakka tilboðskokteilana sem og aðra kokteila hússins. Þar á meðal vinsælasta kokteilinn, Gamble.

Forréttabarinn er til húsa að Nýlendugötu 14. Sjá nánar á forrettabarinn.is



# Kokteilar undir asískum áhrifum



Kjartan Örn Kjartanson sést hér við kokteilstörf.

**K-Bar er metnaðarfullur kóreskur veitingastaður og kokteilbar á Laugavegi 74. Í tilefni af Reykjavík Cocktail Weekend hefur K-Bar búið til fimm nýja kokteila sem verða á sérstöku tilboði um helgina.**



**KIMCHI MARY**
Red Square Vodka, heimagerður tómatsafi, perilla-lauf, sriracha, sítrónusafi, soju



**WHITE ALE, COCK TAIL**
Plantation Rum, lime, engifer síróp, Einstök white ale



**KIM JONG COLLINS**
Bulldog gin, sítróna, appelsína, engifer, bjór



**MANGA, MANGÓ**
Finlandia vodka, mangó, epli, Cointreau, Disaronno Amaretto, bitter lemon






# REYKJAVÍK COCKTAIL WEEKEND 4.-8. FEBRÚAR

## ÍSLANDSMEISTARAMÓT BARÞJÓNA, FYRIRLESTRAR OG FLOTTIR KOKTEILAR

### Miðvikudagurinn 4. febrúar

- **Slippbarinn** Campari Club með DJ Margeiri frá kl. 21.00. Frábærir drykkir í boði frá Campari.
- **Barber bar** Grand Marnier kvöld. Ostabakki og pylsur á sérkjörum og frábær tónlist sem DJ Kári leikur ásamt Rósu Birgittu Ísfeld.

### Fimmtudagurinn 5. febrúar

- **Gamla bíó** Forkeppni Íslandsmóts og vinnustaðakeppni barþjóna - húsið opnað kl. 19.
- **Sushi Samba** Kahlua-upplifun með DJ Benna B Ruff.
- **Lavabarinn** Bacardi Mojito-kvöld.
- **Forréttabarinn** Bombay-kokteilar og blústónar með Ómari Guðjóns og Tonik tríóinu.
- **Frederiksen** Bacardi Mojito-kvöld með DJ Upplifun, auðvitað á veskisvænu verði.
- **Íslenski barinn** Björk- og Birkir-drykkir í hávegum hafðir eftir Íslandsmótið í Gamla bíói.

### Föstudagurinn 6. febrúar

- **Hótel Centrum** Master class með Mikhail Karachev á milli 14 og 16.
- **Brooklyn bar** Bombay 3rd floor opnunarpartí.
- **Vínsmakkarinn** Four Leaves leikur vel valda rokkslagara og fyrstu gestirnir fá Cold Gin frá Bulldog.
- **Austur** Havana Club Stormpartí með Maradona Social Club.
- **Frederiksen** Ballantines Blues með Hljómsveit Jóns Ólafssonar.
- **Lava barinn** Reyka kvöld frá kl. 21-01. 100 fyrstu fá fría Reykadrykki.
- **Kol** Cointreau-kvöld á Kol, allir matargestir fá Cointreau-kokteil eftir matinn.

### Laugardagurinn 7. febrúar

- **Hótel Plaza** Master Class Reykjavík Cocktail Weekend.
- 14.00 - Mekka.
- 15.00 - Mikhail Karachev heldur fyrirlestur um Tanqueray og Tanqueray TEN.
- 16.00 - ALEXANDRE GABRIEL President and Owner, Cognac Ferrand mun verða með fræðslu um Plantation-rommin.
- 17.00 - IAN MILLAR, Master Distiller hjá Glenfiddich verður með fræðslu og smakk.
- 17.00 - Havana Club-fróðleikur með Blaz Roca.
- **Brooklyn** Captain Morgan Black-partí. Kapteinninn og morganetturnar fögru mæta í gjafastuði og kynna Captain Morgan Black til leiks. Stuðið hefst með drykkjum kl. 23.00.
- **Lavabarinn** Finnsk upplifun, kokteilsérfræðingar munu bjóða upp á Finlandia-kokteila á sérstöku tilboðsverði.
- **Slippbarinn** Tanqueray TEN-kvöld þar sem Mikhail Karachev verður gestabarþjónn.
- **Vínsmakkarinn** BACK TO BLACK, í boði Captain Morgan Black. Fyrstu gestir fá drykk frá Kapteininum.
- **Austur** Reykapartí frá 22-00. 100 fyrstu fá fría drykki. Reykakokteilar á 1.000 kr.
- **Dillon** Jim Beam-kvöld, kokteillinn Jim Beam Old Fashioned á aðeins 1.000 kr. og lifandi blús með Stephensen & Smára frá kl. 20 – 23.
- **Frederiksen** „Visit Cuba-kvöld" með DJ Eyfjörð og Bacardi.
- **UNO** Bombay Lounge, Introbeats sér um tónlistina frá kl. 22. Sérfræðingar Uno hrista Bombay-kokteila að hætti húsins.

### Sunnudagurinn 8. febrúar

- **Gamla bíó** Úrslitakvöld Reykjavík Cocktail Weekend.
- Hátíðarkvöldverður og lokahóf.
- Dansleikur með Sigga Hlö.

## EFTIRTALDIR BARIR, SKEMMTI- OG VEITINGASTAÐIR TAKA ÞÁTT

1 **Hilton** Suðurlandsbraut 2
2 **Kbar** Laugavegi 74
3 **Vínsmakkarinn** Laugavegi 73
4 **Barberbar** Laugavegi 74
5 **Dillon** Laugavegi 30
6 **Bar Ananas** Klapparstíg 38
7 **Kaldi bar** Laugavegi 20b
8 **Lebowski bar** Laugavegi 20a
9 **Vegamót** Vegamótastíg 4
10 **Kol** Skólavörðustíg 40
11 **Le bistro** Laugavegi 12
12 **Sky bar** Ingólfsstræti 1
13 **Íslenski barinn** Ingólfsstræti 1a
14 **101 Hótel** Hverfisgötu 10
15 **Ísafold** Þingholtsstræti 3-5
16 **Sushi Samba** Þingholtsstræti 5
17 **B5** Bankastræti 5
18 **Lavabarinn** Lækjargötu 6a
19 **Apotek Restaurant** Austurstræti
20 **Nora Magasin** Pósthússtræti 9
21 **Klaustur** Kirkjutorgi 4
22 **Frederiksen** Hafnarstræti 5
23 **Austur** Austurstræti 7
24 **Brooklyn bar** Austurstræti 3
25 **Uno** Hafnarstræti 1-3
26 **Kopar** Geirsgötu 3
27 **Kjallarinn** Aðalstræti 2
28 **Hótel Saga** Hagatorgi 1
29 **Slippbarinn** Mýrargötu 2
30 **Forréttabarinn** Nýlendugötu 14



## SALT OG SÆTT MEÐ HANASTÉLINU

3 msk. púðursykur
2 tsk. ferskt timjan
¾ tsk. kosher salt eða sjávarsalt
½ tsk. kanill
½ tsk. rauður pipar, malaður
½ bolli pekanhnetur
½ bolli möndlur
1 ½ tsk. smjör
3 bollar litlar kringlur, ósaltar
1 bolli Rice Crispies-morgunkorn
1 msk. hlynsíróp

*Hitið ofninn í 180 gráður.*

*Blandið sykri, 1 tsk. timjan, salti, kanil og rauðum pipar í litla skál.*

*Bakið hneturnar og möndlurnar í tíu mínútur í ofni. Blandið svo hnetublöndunni við smjör í skál og hrærið kringlum, morgunkorni og sírópi saman við. Dreifið svo sykur- og kryddblöndunni yfir og veltið öllu vel saman svo blandan setjist utan á hneturnar. Dreifið úr á plötu og bakið aftur í tíu mínútur og hrærið einu sinni í. Takið út úr ofninum og dreifið þá 1 tsk. af timjan yfir og látið kólna.* www.myrecipes.com



## GÚRKUGIN

**Gúrkugin er skemmtilegt tilbrigði við hið hefðbundna gin og tonic. Hér er þægileg uppskrift.**

½ l gin
2 afhýddar gúrkur
Tonic
Sítrónusneið

*Hellið gininu í víða skál eða mæliglas. Afhýðið gúrkurnar og skerið í hæfilega bita. Bætið þeim út í skálina. Maukið með töfrasprota og geymið í ísskáp yfir nótt. Hellið vökvanum í gegnum sigti. Fyllið glas með klökum. Hellið gúrkugininu upp að miðju. Fyllið með tonic, skreytið með sítrónu- eða lime-sneið.*

*Það er gott að renna sítrónusneiðinni yfir glasröndina áður en hún er sett ofan í drykkinn. Eins getur verið flott að skreyta klakana með gúrkuhýði. Þá er eitt fínskorið hýði sett í hvert hólf í klakaboxinu og fryst. Mikilvægt er að fylla glasið af klökum. Ef of lítið er af klökum í glasinu er ginið fljótt að bræða þá sem verður til þess að drykkurinn þynnist út.*

## DÝRASTI KOKTEILLINN

Þegar eigendur veitingastaðarins Gigi's í London opnuðu í september á síðasta ári fannst þeim tilvalið að bjóða upp á dýrasta kokteil sögunnar enda er staðurinn til húsa í Mayfair, einu dýrasta hverfi borgarinnar.

Íbúar hverfisins og þeir sem gista á fjölmörgum fimm stjörnu hótelum sama hverfis ættu að hafa efni á einu glasi en kokteillinn, sem ber nafn veitingastaðarins, kostar tæp 9.000 pund sem samsvarar um 1,8 milljónum íslenska króna. Það er sama verð og lítill fjölskyldubíll kostar í Englandi og svipað og það kostar fyrir enska fjölskyldu að leigja einkaþotu fram og til baka til Miðjarðarhafsins. Drykkurinn var sérstaklega útbúinn fyrir leik- og söngkonuna frægu Grace Jones en hún og aðrir heimsfrægir gestir sóttu opnun staðarins. Framkvæmdastjóri veitingastaðarins sagði við fjölmiðla að hann hefði viljað sýna Grace Jones sérstakt þakklæti fyrir að vera viðstödd opnunina.

Kokteillinn dýri inniheldur meðal annars sérvalið hágæða kampavín og afar sjaldgæft koníak sem framleitt er í Armagnac-héraði í Suður-Frakklandi. Auk þess er glasið einnig skreytt gullflögum.

Áður hafði kokteillinn Winston borið titilinn dýrasti kokteill heims en hann er seldur á Melbourne Crown Casino's Club 23 í ástrálsku borginni Melbourne.








# BÍLL DAGSINS

**HONDA ACCORD EXECUTIVE 2.4i**
Nýskráður 4/2006, ekinn 39 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.590.000**
**Ekinn aðeins 39 þús km.**



PEUGEOT
**Boxer L1H1**
Nýskráður 5/2005, ekinn 138 þús.km., dísil, 5 gírar.
**Verð kr. 1.280.000**



TOYOTA
**RAV4 GX**
Nýskráður 9/2006, ekinn 163 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**



PEUGEOT
**308 Active 1,2**
Nýskráður 4/2014, sýningarbíll, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 3.490.000**



HONDA
**Accord Lifestyle**
Nýskráður 6/2014, sýningarbíll, bensín, 6 gírar.
**Tilboð kr. 3.990.000**



TOYOTA
**Yaris Hybrid**
Nýskráður 5/2013, ekinn 24 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000**



PEUGEOT
**208 Active Navi**
Nýskráður 12/2014, ekinn 0 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Tilboð kr. 2.550.000**



NISSAN
**Qashqai+2**
Nýskráður 2/2012, ekinn 79 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.150.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 6/2012, ekinn 55 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.490.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Er - Hreint
S. 788 5888

Tökum að okkur að þrífa f. húsfélög, flutningsþrif, fyrirtæki og heimili. Notum aðeins vistvænar hreinsivörur. Tilboð/tímavinna. Góð þjónusta.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
S. 777-8100

Nú er besti tíminn til að klippa. Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir sumarið.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í

flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Skemmtanir

Skemmtidagskrá um gamlan íslenskan mat á þorrablótið. Íslenska, enska og sænska. Upplýsingar í síma 8917074.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.




## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

NÝTT NUDD! Höfum opnað nýja og glæsilega nuddstofu í 101. Opið frá 10-22. S.7877481

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Námskeið í bólstrun fyrir byrjendur er að hefjast nánari upplýsingar í 5682211

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT




PIPAR\TBWA • SÍA • 142986

INKASSO **INNHEIMTA**

Það geta allir lent í því að ná ekki að greiða á réttum tíma. Það er alls enginn heimsendir þótt það gerist. Þá þarf einfaldlega að semja um greiðslur og leysa málin.

Inkasso leggur áherslu á eðlileg og jákvæð samskipti við greiðendur og farsæla lausn á hverju máli. Þannig náum við öll betri árangri.

INKASSO

– setur nýjan svip á innheimtu

www.inkasso.is

Vaxtaákvörðun kynnt í dag:

## Allir spá lækkun vaxta

Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri mun kynna ákvörðun Seðlabanka Íslands um vexti í dag. Þá kynnir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans, efni Peningamála.

Hagdeild Landsbankans, Greiningadeild Arion banka, Greining Íslandsbanka og IFS spá allar að vextir verði lækkaðir um 0,25 prósentustig.

Greining Íslandsbanka telur að rökin verði þau að ný verðbólguspá bankans bendi til þess að verðbólgan verði talsvert undir síðustu spá Greiningar sem birt var í nóvember

- jhh

Marel ríður á vaðið í febrúar:

## Fjórir birta ársreikninga

Nú í febrúar munu fjölmörg fyrirtæki, bæði skráð og óskráð, birta uppgjör sín. Marel ríður á vaðið og birtir uppgjör í dag og mun svo kynna uppgjörið betur fyrir fjárfestum á morgun.

Bæði Össur og Icelandair Group birta síðan uppgjör sín á fimmtudaginn og FÍ fasteignafélag birtir uppgjör sitt á föstudag.

Í síðustu viku birti Nýherji uppgjör, en algjör viðsnúningur varð á rekstri félagsins. - jhh

# Framkvæmdastjóri Payroll fer í badminton og bootcamp

***Elísabet Ósk Guðjónsdóttir tekur við stjórnartaumunum hjá Payroll. Fyrirtækið sérhæfir sig í þjónustu við önnur fyrirtæki sem vilja útvista verkefnum í starfsmannahaldi.***

**SVIPMYND**

Jón Hákon Halldórsson | jonhakon@frettabladid.is

Elísabet Ósk Guðjónsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri PayRoll. Það er nýtt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að þjónusta fyrirtæki sem vilja útvista verkefnum varðandi laun og starfsmannamál. „Markmiðið er bara að þetta sé fyrsti kostur allra sem eru að leita sér að launaþjónustu. Við erum að koma að útreikningi launa og líka að greiða laun. Það er líka ráðgjöf varðandi vinnutengda samninga, ef fólk vantar ráðgjöf við að búa til samninga, ráðningasamninga og starfslokasamninga og svoleiðis,“ segir Elísabet.

Aðspurð segist Elísabet telja að það sé aukinn áhugi á meðal atvinnurekenda að útvista verkefnum eins og þessum. „Laun eru viðkvæmt mál og við bjóðum upp á það líka að fólk getur útvistað fyrir ákveðna starfsmenn, það þarf ekki að vera fyrir allt fyrirtækið, kannski stjórnendur eða þá sem eru með bónusa eða því um líkt,“ segir hún.

Elísabet segir að PayRoll sé að þróa reiknivél sem fyrirtækið leggi áherslu á og sé um þessar mundir að kynna fyrir mögulegum viðskiptavinum. „Þessi reiknivél er bæði fyrir launagreiðendur og launþega og þeir eiga að geta séð nákvæmlega hvað þeir eru að fá í laun. Ef þeir eru að semja um 600 þúsund, þá geta þeir séð hvað þeir eru að fá útborgað,“ segir Elísabet.

Áður en Elísabet hóf störf hjá PayRoll var hún fjármálastjóri hjá Sóley Orcanics „Við vorum tvær, ég og Sóley, þannig að það var heilmikil reynsla í því,“ segir Elísabet. Þar áður var hún hjá Auði Capital og Landsbankanum.

Þegar Sóley er ekki að vinna kýs hún að hreyfa sig og ferðast sem mest erlendis. „Ég var að byrja í badminton, en annars eru það þessar týpísku: spinning og bootcamp og svoleiðis,“ segir Sóley, aðspurð um uppáhaldshreyfinguna.

Elísabet er í sambúð með manni sem heitir Dennis Sla. „En það eru hvorki börn né brúðkaup enn þá,“ segir hún aðspurð út í einkahagi.



**STÝRIR NÝJU FYRIRTÆKI** Elísabet Ósk Guðjónsdóttir segist telja að það sé aukinn áhugi meðal atvinnurekenda að útvista launavinnslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### MÆTTI RÍFA KJAFT



Hún er rosalega skipulögð kona, mjög skemmtileg og hress stelpa sem hefur gaman af lífinu. Ég vinn stundum með henni og þess vegna tek ég svolítið eftir því hvað hún er skipulögð. Hún er lífleg og opin manneskja sem á auðvelt með að falla inn í hóp.

**Atli Rafn Viðarsson,**
framkvæmdastjóri hjá Nótu ehf.



„Hún er yndisleg, ég held að það sé ekki hægt að hugsa sér traustari manneskju. Hún er dugleg og mjög samviskusöm, klár og samkvæm sjálfri sér. Eini gallinn er sá að það mætti heyrast aðeins meira í henni ef henni finnst eitthvað. Hún mætti rífa kjaft og hún er svolítið feimin.“

**Sóley Elíasdóttir,**
eigandi Sóley Organics

KIA Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




Kia Rio LX
Árgerð 5/2013, ekinn 76 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,1 l/100 km.
2.190.000 kr.

Hagstæð fjármögnun hjá Landsbankanum

Afborgun aðeins 33.847 kr. á mánuði m.v. 399.000 kr. útborgun og 80% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,33% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.



Kia Sportage EX
Árgerð 7/2013, ekinn 32 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.990.000 kr.



Kia Carens
Árgerð 9/2013, ekinn 32 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,1 l/100 km.
4.290.000 kr.



Kia cee'd EX
Árgerð 6/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,5 l/100 km.
3.690.000 kr.



Kia Sorento EX Luxury
Árgerð 6/2012, ekinn 76 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
5.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16


JOE & THE JUICE
COFFEE, JUICE AND MUCH MORE
ALVÖRU SAMLOKUR OG DJÚS!
Næst þegar þú heldur fund eða partí geturðu boðið upp á girnilegar samlokur og frískandi djús frá JOE & THE JUICE. Hóaðu í okkur og við mætum á svæðið með allar græjur.
EF VINNUSTAÐURINN ER STÓR
GETUM VIÐ LÍKA KOMIÐ Á BÍLNUM OKKAR.
Kíktu inn á JOEANDTHEJUICE.IS eða hringdu í 585 0800 til að fá frekari upplýsingar.
JOE & THE JUICE
Á FERÐINNI
joeandthejuice.is
#joeandthejuiceis
SMÁRALIND | KRINGLUNNI | WORLD CLASS LAUGUM | LEIFSSTÖÐ
PIPAR\TBWA • SÍA

Íslenska ríkið eyðir í dag nær engu til starfsendurhæfingar:

# Fólki hjálpað til sjálfshjálpar

Tæplega tíundi hluti fólks á vinnualdri hér á landi er öryrkjar. Þetta hlutfall, 9 prósent, er með því allra hæsta sem þekkist. Ísland er efst á lista yfir kostnað ríkja af örorku innan OECD. Árlegur kostnaður ríkis og lífeyrissjóða vegna örorkubyrðar á þessu ári er 55 milljarðar króna.

Á fundi Samtaka atvinnulífsins (SA) í janúar sagði Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri að ef fram héldi sem horfði í þessum efnum yrði erfitt að að manna hér ný störf innan fárra ára sem myndi hamla hagvexti. Þorsteinn sagði ljóst að verulegur þjóðhagslegur sparnaður væri í því fólginn að hjálpa þessu fólki að komast aftur út á vinnumarkaðinn.



**Markaðshornið**

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

**Markmið endurhæfingar hjá þeim sem einhverra hluta vegna hafa dottið út af vinnumarkaði er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Íslenska ríkið eyðir í dag nær engu til starfsendurhæfingar. Það er skammarlegt.**

Þeir sem hjálpa þessu fólki eru meðal annarra starfsmenn starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK. Í frétt Fréttablaðsins frá því í gær er greint frá því að frá stofnun sjóðsins hafi 7.700 einstaklingar leitað sér aðstoðar þar. Þar af hafa 3.800 manns „útskrifast“ eða lokið þjónustu frá sjóðnum. Þessir tæplega þrír fjórðu útskrifaðra hafa ýmist farið beint í launað starf, virka atvinnuleit eða í lánshæft nám. Á síðasta ári einu saman útskrifuðust 1.066 manns.

Þrátt fyrir þetta hefur ríkið ekki lagt fjármagn í VIRK fyrir þetta ár og hið sama á við um árið 2014. Þetta er gert þrátt fyrir að í lögum sem sett voru árið 2012 sé mælt fyrir um að ríkið setji þriðjung í starfsemi sjóðsins á móti framlagi frá lífeyrissjóðum og Samtökum atvinnulífsins.

Formaður stjórnar VIRK, Hannes G. Sigurðsson, sagði í samtali við Fréttablaðið í september að ef ríkið tæki ekki þátt í fjármögnuninni þá falli niður sú forsenda og markmið sjóðsins að allir eigi rétt á þessari þjónustu. „Ef fram heldur sem horfir mun starfsemin þurfa að byggjast á því að þeir einir eigi rétt á þjónustunni sem standa að fjármögnun,“ sagði Hannes. Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins, sagði einnig í samtali við Fréttablaðið að ónógu fjármagni væri varið til starfsendurhæfingar. Mestu máli skipti að allir fái endurhæfingu við hæfi og að ekki sé bið eftir endurhæfingu þegar fólk er tilbúið að hefja hana. Dæmi séu um að fólk sem koma hefði átt aftur á vinnumarkað með úrræðum við hæfi hafi í staðinn fengið mat um örorku.

Ráðherra málaflokksins, Eygló Harðardóttir, hefur lítið komið inn í þessa umræðu. Í samtali við Fréttablaðið í september ræddi hún um starfshóp til að endurskoða lögin. Hún sagði alla þurfa að leggja sitt af mörkum. En samkvæmt lögunum eiga einmitt allir að leggja sitt af mörkum. Ríkið borgar á móti lífeyrissjóðum og atvinnurekendum. Ákveðinn hluti af gjaldstofni tryggingargjalds skal renna til starfsendurhæfingarsjóða og skal framlagið greitt í október hvert ár. Samkvæmt þessu átti framlag ríkisins til VIRK að vera 1.100 milljónir í fyrra, en í fjárlögunum voru þeim ætlaðar 200 milljónir. Svo lágt framlag er þvert á lög og reglur og svo skammarlegt að stjórn VIRK afþakkaði pent.

Markmið endurhæfingar hjá þeim sem einhverra hluta vegna hafa dottið út af vinnumarkaði er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Líkt og framkvæmdastjóri SA sagði er þjóðhagslegur sparnaður af því verulegur og ætti að vera öllum ljós. Við búum yfir mikilli þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í gegnum árin, meðal annars í herbúðum VIRK. Íslenska ríkið eyðir í dag nær engu til starfsendurhæfingar. Það er skammarlegt.

## Bankamenn kepptu í knattspyrnu




**LIÐ H.F. VERÐBRÉFA SIGRAÐI** Fótboltamót fjármálafyrirtækja var haldið laugardaginn 31. janúar. Íslensk verðbréf á Akureyri voru gestgjafar mótsins en það voru starfsmenn HF verðbréfa sem unnu í karlaflokki. Í kvennaflokki vann lið Arion banka.

# Gagnið af gagnsæinu

**Skoðun**

Páll Harðarson
forstjóri Nasdaq OMX



Sennilega stuðlar fátt jafn vel að vernd almannahagsmuna og gagnsæið. Gildir það á flestum sviðum þjóðlífsins. Það er óumdeilt að gagnsæi leiðir til vandaðri starfshátta og aukins jafnræðis, hvort sem aðhald þess beinist að einkaaðilum eða opinberum aðilum. Gagnsæi er hornsteinn verðbréfamarkaðar. Leikreglum verðbréfamarkaðar um gagnsæi er ætlað að gera stöðu allra þátttakenda á verðbréfamarkaði jafna. Það þjónar þeim best sem eiga að öðrum kosti erfiðast með að nálgast upplýsingar. Að baki býr hugmyndin um fjárfestavernd. Fjárfestar, smáir sem stórir, eiga ekki að þurfa að velkjast í vafa um hvort sá sem er á hinum enda viðskiptanna hafi aðgang að öðrum og fyllri upplýsingum, hvorki varðandi fyrirtækið sjálft eða viðskipti á markaði.

Gagnsæið er krefjandi, en það er líka gefandi. Rannsóknir sýna að fjárfestar verðlauna þau fyrirtæki sem eru undir gagnsæiskröfum, vanda sig við upplýsingagjöf og fylgja góðum stjórnarháttum. Þau búa að öðru jöfnu við lægri fjármagnskostnað, oft svo um munar. Stjórnendur fyrirtækja þekkja þetta, ekki síst þeir sem hafa unnið í umhverfi verðbréfamarkaðar. Því ganga sum fyrirtæki enn lengra en lög og reglur og segja til um. Dæmi um þetta er ósk fyrirtækja um að fá stjórnarhætti sína vottaða. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur boðið upp á slíka vottun í samstarfi við Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllina. Hvorki lög né reglur reka fyrirtækin í slíka vottun. Metnaður fyrir vönduðum stjórnarháttum og sterk ásýnd gagnvart fjárfestum og ytra umhverfi eru drifkraftarnir.

Meginstefið í viðbrögðum Evrópusambandsins við fjármálakreppunni hefur verið að færa viðskipti upp á yfirborðið sem áður voru hulin. Langvarandi markaðssvik á mörkuðum sem hafa verið undir takmörkuðu eftirliti, svo sem gjaldeyrismarkaði og millibankamarkaði, hafa einnig vakið yfirvöld til umhugsunar. Stórir alþjóðlegir bankar hafa verið sektaðir um fjárhæðir sem nema á annað þúsund milljarða króna fyrir athæfi sitt á þessum mörkuðum. Sums staðar hafa verið stigin skref til aukins gagnsæis í verðmyndun og eftirlits á millibankamarkaði. Ekki kæmi á óvart að viðbrögðin yrðu á svipaða lund á gjaldeyrismarkaði. Full ástæða er til að fylgjast vel með ákvörðunum um umgjörð þessara markaða erlendis og jafnframt huga að því hvort stíga megi skref til aukins gagnsæis hérlendis.

Með hliðsjón af óumdeildum ávinningi gagnsæis er það áhyggjuefni hversu lítið gagnsæi er í kringum afgreiðslu beiðna um undanþágur frá gjaldeyrishöftum, einkum ef haft er í huga hversu mikilvægar ákvarðanir er um að ræða sem geta haft veruleg áhrif á umsækjendur og íslenskt efnahagslíf, eins og nýleg dæmi sanna. Seðlabankinn telur gagnsæi takmörkunum háð vegna þagnarskyldu gagnvart umsækjendum en hefur reynt að koma til móts við kröfu um aukið gagnsæi með birtingu upplýsinga um almenna framkvæmd undanþágubeiðna á heimasíðu sinni. Umsækjendum er engu að síður nokkur vandi á höndum við mat á því hvort jafnræðis sé gætt í ákvörðunum bankans. Einfalt væri að draga úr tortryggni, t.d. með því að bjóða upp á fljótvirka kæruleið eins og Viðskiptaráð hefur lagt til. Einnig mætti hugsa sér að óháðum aðila á vegum stjórnvalda væri falið að fara kerfisbundið yfir ákvarðanir er varða stærri hagsmuni og aðrar ákvarðanir valdar af handahófi til að leggja mat á hvort gætt væri jafnræðis í afgreiðslu undanþágubeiðna. Á þessu sviði sem öðrum er gagnsæið krefjandi, en ávinningurinn ótvíræður.

# Í velsæld í vestrænum velferðarkerfum?

**Hin hliðin**

Bjarnveig Eiríksdóttir
HDL. LL.M. Evrópulög ehf./
Vík lögmannsstofa ehf.



Tveir breskir ráðherrar hafa nýverið sagt að breyta þurfi reglum um frjálsa för ESB-borgara til að stöðva velferðartúrisma. Verði reglunum ekki breytt geti reynst nauðsynlegt fyrir Bretland að yfirgefa evrópska samstarfið. Þeir vilja m.a. hafa möguleika á að senda ESB/EES-borgara úr landi og að takmarka félagsleg réttindi þeirra.

ESB-borgarar mega dvelja í öðrum ESB ríkjum á grundvelli reglna um sambandsborgara sem eiga sér ekki samsvörun í EES. Þeir eiga líka rétt á frjálsri för á grundvelli launþegareglnanna sem einnig hafa verið teknar upp í ESS. En eru launþegareglurnar þannig að raunveruleg hætta sé á að ríkisborgarar annarra Evrópuríkja komi hingað til lands til að misnota velferðarkerfið?

### Launþegareglur EES ávísun á velferðarkerfi?

Samkvæmt launþegareglunum fá þeir sem koma hingað til lands, án þess að hafa hug á að vinna, ekki dvalarleyfi nema sýna fram á að þeir hafi framfærslueyri.

Réttindi vinnandi EES-borgara til að dvelja hér ráðast af dvalartíma. Eftir fimm ár við störf fá þeir búsetuleyfi og verða ekki sendir úr landi þótt þeir missi vinnuna.

Fjölskyldum þeirra er líka heimilt að vera hér á landi. Hafi EES-borgari unnið hérlendis skemur en fimm ár þegar hann missir vinnu er áframhaldandi dvalarleyfi bundið virkri atvinnuleit. Fjárhæð bóta er tengd tíma á vinnumarkaði. Torvelt er að sjá verulega hættu á misnotkun velferðarkerfis.

### Er til bóta að breyta reglunum?

Sumar þeirra takmarkana sem bresku ráðherrarnir vilja eru til staðar í reglum ESB og spurning hvort þær nægi ekki til að vinna gegn misnotkun velferðarkerfa. Kröfur um mismunun í aðgangi að félagslegum réttindum yrði að telja andstæðar grunnreglum ESB. Þingkosningar eru í Bretlandi á þessu ári. Vera má að ráðherrarnir telji harðlínu líklega til að vinna atkvæði.

Nú hefur dagblaðið Guardian upplýst að fjöldi þeirra bresku borgara er þiggja atvinnuleysisbætur í öðrum ESB-ríkjum sé sami og fjöldi ESB-borgara er þiggja slíkar bætur í Bretlandi.

Bretar sæki einkum til Írlands og Þýskalands þar sem bótakerfi sé betra.

Austur-Evrópubúar sæki í sama skyni til Bretlands. Það á líka við um okkur sem njótum góðs af sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði og sækjum á önnur mið þegar þrengingar eru heima fyrir. Þá njótum við þess öryggis að geta haft áframhaldandi dvalarleyfi í EES ríki þótt við missum vinnu. Það verður ekki bæði haldið og sleppt í þessum efnum.




KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI
UPPLIFÐU EINSTAKA HÖNNUN OG SKANDINAVÍSKAN LÚXUS

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo V40 D2 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. $CO_2$ 88 g/km.
Volvo V40 Cross Country D2 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Volvo V40 dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 131,49 | DKK 20,22 | NOK 17,40 | CHF 142,28 |
| GBP 198,73 | EUR 150,55 | SEK 15,96 | JPY 1,12 |

**FTSE 100**
6869,81 +86,26 (1,29%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 11 FÆRRI SKIP

### Flest skip á Vestfjörðum.

Fiskiskipum fækkaði um 11 milli áranna 2014 og 2013. Í árslok 2014 voru 1.685 fiskiskip á skrá hjá Samgöngustofu. Alls voru 773 vélskip á skrá og samanlögð stærð þeirra var um 85.653 brúttótonn. Flest fiskiskip voru með skráða heimahöfn á Vestfjörðum í árslok 2014, alls 400 skip, en það eru tæp 23,7% fiskiskipaflotans.

## 42 MILLJARÐAR

### Gjaldeyrisvaraforðinn eykst

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands jókst um 42,5 milljarða króna árið 2014 og var 530 milljarðar króna í árslok. Seðlabankinn segir stöðugleika hafa einkennt gjaldeyrismarkaðinn á síðasta ári miðað við árin þar á undan. Gengi krónunnar hækkaði um tæplega 2% á árinu 2014 miðað við 11% hækkun árið þar á undan.



**02.02.2015** Það er sannarlega þannig að misskipting er mun meiri núna en hún var allan tíunda áratuginn hvar sem maður ber niður. Hvort sem er um eignir að ræða eða tekjur. Það þarf skattastefnu sem styður við meðaltekju- og látekjufólk og gerir þeim best stæðu að leggja af mörkum í samræmi við getu. Mér finnst víðtækur skilningur á því, líka meðal þeirra best settu.

*Árni Páll Árnason formaður Samfylkingarinnar*

## 18% HÆKKUN

### Hlutabréf í Össuri hækka

Hlutabréf í Össuri í Kauphöll Ísland hafa hækkað um 18% frá áramótum. Síðasta árið hafa hlutabréf bréf í Össuri hækkað um 73 prósent. Gengi bréfanna er nú 425 og hefur aldrei verið hærra.



## STJÓRNARMAÐURINN

### Engar undanþágur, eða fyrirsjáanlegar undanþágur?

Pétur Blöndal sagðist á dögunum þeirrar skoðunar að varhugavert væri að veita undanþágur frá gjaldeyrishöftunum.

**STJÓRNARMAÐURINN** hefur fengið að reyna gjaldeyrishöftin á eigin skinni. Hans reynsla er sú að höftin hafi minni áhrif á daglegan rekstur íslenskra fyrirtækja en gjarnan er látið að liggja. Staðreyndin er nefnilega sú að þótt höftin leggi bann við t.d. kaupum á erlendum verðbréfum, og lánum milli innlendra og erlendra aðila, þá er í þeim að finna undanþágur fyrir þjónustu- og vörukaup. Þetta veldur því að mörg innlend fyrirtæki reka sig sáralítið á gjaldeyrishöftin í daglegu amstri þótt vissulega sé skriffinnskan í meira lagi.

**ANNAÐ** gildir um erlenda fjárfesta. Fólk sem stundar viðskipti sækir í umhverfi sem það skilur og treystir. Skaðsemi haftanna er því fólgin í því að erlendir aðilar eru skiljanlega tregir til að eyða tíma og peningum í að kynna sér þau og því virka þau fælandi á erlenda fjárfestingu.

**EF VALIÐ** stendur milli þess að fjárfesta á Íslandi, eða í landi þar sem frjálst flæði fjármagns er tryggt, hvers vegna ætti fólk að öllu jöfnu að velja haftalandið Ísland? Á meðan verður íslenskt þjóðarbú af mikilvægum gjaldeyri. En víkjum aftur að orðum Péturs Blöndal í kjölfar fregna af því að Prómens íhugaði nú að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi eftir að hafa fengið synjun á undanþáguumsókn.

**STJÓRNARMAÐURINN** er ósammála Pétri og telur svigrúm til að veita undanþágur nauðsynlegt ef fyrir liggja gildar ástæður. Í þeim efnum er mikilvægast að sambærileg mál hljóti sambærilega úrlausn. Nokkrum dögum áður en út kvisaðist að umsókn Prómens hefði verið synjað, voru fréttir um þátttöku Eimskips í svokölluðu Joint Venture-félagi í Hamburg – en til þess hefur væntanlega þurft undanþágu frá Seðlabankanum.

**STJÓRNARMAÐURINN** þekkir ekki forsendur að baki undanþágu til Eimskips, ekki frekar en hann þekkir til smáatriða í umsókn Prómens. Mergurinn málsins er hins vegar sá að engin leið er að bera málin saman enda liggja forsendur ekki fyrir opinberlega. Á meðan málum er svo háttað er alltaf hætta á kerfislægu vantrausti.

**HVAÐ** mælir annars því í mót að ákvarðanir um undanþágur frá gjaldeyrishöftum séu birtar opinberlega rétt eins og margar aðrar stjórnvaldsákvarðanir, dómar eða úrskurðir? Gjaldeyrishöftin eru „nauðsynleg óþægindi" ef svo má að orði komast. Hins vegar er engin ástæða til að auka á flækjustigið og ógagnsæið að óþörfu.

@stjornarmadur


# Muna að drekka nóg af vatni

**Frábær vatnsvél fyrir fyrirtæki**





Með **Chiller+** vatnsvélinni frá Bravilor er hægt að fá sér frískandi, kalt vatn allan daginn - bæði venjulegt en einnig sódavatn. Allt í einni vél. Aðeins þarf að ýta á einn takka og þú færð eins mikið vatn og þú vilt - hvort sem er til að fylla eitt vatnsglas eða heila flösku. Vatnsvélin er tengd beint við vatnslögn.

Þægileg, umhverfisvæn og aðgengilegt vél.
Falleg og fáguð hönnun á vélinni sem er úr hvítu plasti.

- Kalt og frískandi vatn hvenær sem hentar
- Venjulegt vatn + sódavatn
- Tengist beint við vatnslögn
- Sparar pláss þar sem ekki þarf að hafa vatnsdunk tengdan vél
- Hægt að stilla hitastig vatns frá 5-20°C
- Ljós kemur þegar þrífa þarf vél eða skipta um filter

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_28.08.13

**Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**SAGA FILM ÓSKAR EFTIR STÓRUM FLOTTUM EINBÝLISHÚSUM Í HÁLFAN TIL EINN DAG TIL AFNOTA Í AUGLÝSINGU.**

**SANNGJÖRN GREIÐSLA Í BOÐI.**

**Uppl í síma 847-6892**
**sveinnvidar@hive.is**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBÝLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)**
150 - 300 fm m / innkeyrsludyrum, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu falleg 3ja herb. 90fm íbúð á Kirkjuvöllum. aðeins reglusamir og traustir leigjendur koma til greina. Eignin er laus og leigist frá 10. feb. Uppl. í s. 696 4950

**ÍBÚÐ TIL LEIGU Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR**
Leigist reglusömu pari/einstakling. Meðmæla óskað. 52 fm, 2 herb. á 2 hæð í lítilli blokk suðursvalir, góð sameign og stór geymsla fylgir. Gæludýr og reykingar bannaðar. Uppgefin langtímaleiga (húsnæðisbætur), Kr. 130,000- á mán. + rafmagn + fyrirframgreiðsla/trygging. Upplýsingar í síma 861 9741.

## Húsnæði óskast

**SAGA FILM ÓSKAR EFTIR STÓRUM FLOTTUM EINBÝLISHÚSUM Í HÁLFAN TIL EINN DAG TIL AFNOTA Í AUGLÝSINGU.**

**SANNGJÖRN GREIÐSLA Í BOÐI.**

**Uppl í síma 847-6892**
**sveinnvidar@hive.is**

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 175 fm á Smiðjuvegi, 70 fm Kæli/frystiklefi. Góð innkeyrsludyr. Uppl. í s. 660 5600

40 fm atvinnuhúsnæði til leigu frá 1 feb í bláau húsunum við Fákafen upp í síma 8204947

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskaraftur óskast í bakarí, með reynslu af smurbrauðs og súpugerð. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 25 ára. Framtíðarstarf.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**




Starfsfólk óskast í hlutastarf, dag- og helgarvaktir. Æskilegur aldur 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum.

**HANDLAGINN PÍPULAGNINGAMAÐUR**
Rótgróin kjötvinnsla á höfuðborgarsvæðinu leitar að pípulagningamanni í fullt starf. Þarf að vera sérstaklega handlaginn og geta gengið í önnur störf sem snúa að viðhaldi á tækjum og og fleiri viðhaldsverkefnum.
**Umsóknir sendist á:**
**atvinna116@gmail.com**

**MÓTA OG GIBSMENN**
Óskum eftir vönum móta og gibsmönnum. Mikil vinna framundan. áhugasamir hafi samband í s. 771 8141 / 869 8558

## fasteignir

**Til sölu blómlegt innrömmunarfyrirtæki á besta stað í RVK**

Gott tækifæri fyrir laghenta og áhugasama einstaklinga sem hafa áhuga á innrömmun og hönnun.

Einstakt viðskiptatækifæri fyrir þá sem vilja hefja eigin atvinnurekstur. **Allar upplýsingar í s: 693-3873**

---

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Hljómalindarreitur

Tillaga að breytingu á skilmálum reits 1.171.1, Hljómalindarreits. Í breytingunni felst færsla á staðsetningu íbúða innan reitsins sem er eftirfarandi. Gert er ráð fyrir að lágmarki 20 íbúðum í nýbyggingum á reitnum sem dreifast á efri hæðir Laugavegs 17 og 18 ásamt Klapparstíg 28 og 30.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bleikargróf 6

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 6 við Bleikargróf. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða, nýtingarhlutfall breytist úr 0,4 í 0,5 með eða án bílskúrs, eitt bílastæði á hverja íbúð innan lóðar, lágmarksþakhalli skal vera 15° og lögun á byggingarreit breytist lítillega.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 4. febrúar 2015 til og með 18. mars 2015. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 18. mars 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 4. febrúar 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## fasteignir



# Mánatún 7 - 17

**Sölusýning**
fimmtudaginn 5. febrúar á milli kl. 17:00 - 18:30

Verð : **33,7 millj. - 89,9 millj.**

Íbúðir í Mánatúni 7-9-11 geta verið afhentar við kaupsamning.









Vandaðar 2ja-4ra herbergja íbúðir. Lyftuhús.

Glæsilegar innréttingar og mikil lofthæð.
Sólpallur og svalir til suðurs. Tvennar svalir með flestum íbúðum.

Stæði í lokuðum bílakjallara.

F A S T E I G N A S A L A N
**MIKLABORG**
Lágmúla 4 108 Reykjavík



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson**, sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515



Nánari upplýsingar veitir:
**Páll Þórólfsson**, sölufulltrúi
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

**569 7000** - með þér alla leið - **www.miklaborg.is**



19:20
**UM LAND ALLT**
Stykkishólmur heimsóttur í fylgd Haraldar Sigurðssonar eldfjallafræðings, sem sýnir æskuslóðirnar og Eldfjallasafnið og ræðir um viðburðaríka ævi.

SKEMMTILEGT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



19:55
**CHERRY HEALY – THE SECRETS OF SALES**
Skemmtilegur heimildarþáttur þar sem útsölur eru skoðaðar frá öllum hliðum.




21:05
**STALKER**
Magnaðir spennuþættir um sérstaka deild innan lögreglunnar sem rannsakar mál tengd eltihrellum.



20:10
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn í Bretlandi.



20:10
**WHAT TO EXPECT WHEN YOU ARE EXPECTING**
Skemmtileg gamanmynd með úrvals leikurum um fimm pör sem tengjast og eiga öll von á barni.



21:45
**THE BLACKLIST**
Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstastasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



Krakkastöðin 19:00
**SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ**
Í þessari frábæru mynd sláumst við í för með vinkonunum í heimsókn til Lúsíar.

365.is

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 4 | | | | | 8 | |
| | | | 1 | 7 | | 2 | 9 | |
| 1 | | 8 | | | | | | 6 |
| 9 | | 7 | 5 | 8 | | 6 | | 3 |
| 4 | | | | | 3 | | | |
| 5 | | | | 9 | | | 1 | 7 |
| 6 | | 9 | | 4 | | 5 | | 8 |
| | | | 3 | 5 | 7 | | | |
| | 5 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 6 | 2 | | | | | 1 | | |
| | 8 | | 4 | | | | | |
| 1 | | | 8 | | | 7 | | 6 |
| 7 | 9 | | | | 4 | | | 2 |
| 8 | | | 9 | | 3 | | | |
| 9 | 7 | | | | | | | 4 |
| | | 6 | | | | | 3 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 2 | 6 | | 9 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | 6 | |
| 7 | 6 | | | | | 8 | | |
| | | 1 | | | | 9 | 3 | |
| 5 | 9 | 8 | | 2 | | | 7 | 3 |
| | | | | | 3 | 4 | | 5 |
| | | | | | 1 | 6 | 9 | |
| 9 | | | | | | 5 | | |
| | 4 | 7 | 9 | 1 | | | | 8 |
| | | | 4 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 9 | 4 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 8 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 3 | 8 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 5 |
| 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 5 | 1 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 9 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Stundum sér hjartað það sem augað sér ekki.“

*H. Jackson Brown, Jr.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** í röð, **8.** lyftist, **9.** þunnur vökvi, **11.** átt, **12.** gefa eftir, **14.** hroki, **16.** í röð, **17.** kvk. nafn, **18.** til viðbótar, **20.** tveir eins, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** rún, **4.** rafall, **5.** rjúka, **7.** ódæll, **10.** samstæða, **13.** óvild, **15.** bakki, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** júdó, **6.** áb, **8.** rís, **9.** lap, **11.** na, **12.** slaka, **14.** dramb, **16.** hí, **17.** lóa, **18.** enn, **20.** rr, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** úr, **4.** dínamór, **5.** ósa, **7.** baldinn, **10.** par, **13.** kál, **15.** barð, **16.** hes, **19.** nú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Christopher Vogel (2010), Taflfélagi Reykjavíkur, hafði hvítt gegn Jakobi Sævari Sigurðssyni (1808), Skákfélaginu Hugin á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**32. Hxg7+! Kxg7** (32.…Ke8 33. He7 og 34. Re6+) **33. Re6+ Kf6 34. Bxa3 Kxe6 35. d5+ Kd7 36. Bb4** og svartur gafst upp.
**www.skak.is** Nýtt fréttabréf SÍ.

# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR !

## ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR




| | | |
|---|---|---|
| 69.990 | 29.990 | 49.990 |
| ~~VERÐ 89.990~~ | ~~VERÐ 49.990~~ | ~~VERÐ 69.990~~ |

EPSON
WorkForce Pro

**LOSAÐU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA**

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

**Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is**

tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# Talandi ljóðskáld í vetrarmyrkrinu

Ljósið læðist inn er yfirskrift skáldlegs stefnumóts við Edmonton á Vetrarhátíð í Reykjavík og skáldið Mary Pinkoski er mætt til leiks með sín ljóðmæli. Hún vonast eftir því að sjá sem flesta í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á fimmtudagskvöldið.

Reykjavík er ein af bókmenntaborgum UNESCO og fagnar Vetrarhátíð með einstöku ljóðakvöldi í Tjarnarsal Ráðhússins. Þar eiga skáldlegt stefnumót kanadíska ljóðskáldið Mary Pinkoski, reykvísku skáldin Anton Helgi Jónsson og Elías Knörr ásamt tónlistarkonunni dj flugvél og geimskip. Skáldin flétta saman skáldskap hvert annars ásamt því að flytja eigið efni á sinn einstaka hátt. Öll leggja skáldin áherslu á munnlegan flutning ljóðlistar en með ólíkum áherslum. Mary Pinkoski skilgreinir sig sem „spoken word poet“ eins og hún segir sjálf.

„Ég hef alltaf verið svona skáld. Ég nýt þess að koma fram og flytja mitt efni og hef alltaf verið talandi ljóðskáld. Hef í raun alltaf verið mjög upptekin og hrifin af þessu formi að segja sögur og finnst það vera ákaflega mikilvægt. Þetta er færni og arfleifð sem er mikilvægt að viðhalda og endurnýja. Ég hef verið að fást við þetta í ellefu ár og það sem ég nýt hvað best er hvernig verkin koma aftur til mín frá fólkinu og umhverfinu sem ég er að flytja þetta inn í. Hið talaða ljóð er þannig ákaflega lifandi fyrirbæri.“

Mary Pinkoski er borgarskáld Edmonton og sem borgarskáld þá skrifar hún fyrir borgina og fjallar um ýmislegt sem henni tengist. En þvert á að finnast það vera hamlandi og takmarkandi þá er hún á því að það hafi frekar orðið til þess að opna fyrir ýmsa möguleika.

„Ég óttaðist kannski aðeins að ég þyrfti að fara inn í einhvern ákveðinn kassa við þetta en þvert á móti þá hefur þetta ýtt mér út ef svo má segja. Rekið mig til þess að takast á við viðfangsefni sem ég hefði kannski ekki verið að horfa til annars og leita nýrra leiða til þess að forma mín verk.“

Dagskráin á fimmtudagskvöldið er innblásin af ljósinu í vetrarmyrkrinu og hefst kl. 20.30 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Mary hefur ekki miklar áhyggjur af íslenska skammdeginu og kuldanum enda ýmsu vön frá heimalandinu. Hún tekur þó fram að hún hafi áður haft smávægileg en ánægjuleg kynni af íslenskri ljóðlist.

„Ég kynntist verkum Stephans G. þegar ég kom fram í Alberta á sínum tíma og mér finnst skemmtilegt að finna þessi tengsl. Annars er nú efst í huga mér sem stendur að ég ætla að njóta dvalarinnar á Íslandi fyrir tilstilli ljóða og listar og vonast auðvitað eftir því að sjá sem flesta mæta á fimmtudagskvöldið.“ -md

**„Ég nýt þess að koma fram og flytja mitt efni og hef alltaf verið talandi ljóðskáld.**



**LJÓÐMÆLI** „Að mæla ljóðin af munni fram er mitt form og hefur í raun alltaf verið,“ segir kanadíska ljóðskáldið Mary Pinkoski. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EDDA OG FÉLAGAR** Edda Björgvinsdóttir ásamt meðleikurum sínum þeim Bergþóri Pálssyni og Gunnari Hanssyni.

## Ómarkviss Edda en með sprettum

LEIKLIST ★★★☆☆

**PERSÓNUR OG LEIKENDUR:** Edda Björgvinsdóttir, Bergþór Pálsson og Gunnar Hansson. **LEIKSTJÓRN:** Gunnar Helgason. **HANDRIT:** Edda Björgvinsdóttir og Björk Jakobsdóttir. **SVIÐSHREYFINGAR:** Selma Björnsdóttir. **TÓNLISTARSTJÓRN:** Kristjana Stefánsdóttir. **SVIÐSMYND OG BÚNINGAR:** Ylfa Geirsdóttir. **LJÓSAHÖNNUN:** Freyr Vilhjálmsson.

Gamla bíó hefur loksins verið tekið í gegn og umbreytt í virkilega skemmtilegan sýningarsal. Þó örlítil eftirsjá sé að gömlu sætunum sem settu svo fallegan svip á rýmið er nýi salurinn virkilega vel heppnaður. Vonandi fær húsið nú þá endurnýjun lífdaga sem það á skilið. Fyrsta sýning þar eftir endurnýjun er Eddan með hinni þjóðþekktu Eddu Björgvinsdóttur í fararbroddi.

Edda er ein ástsælasta leikkona þjóðarinnar og sýningin byrjar eiginlega áður en nokkur kemur á svið þar sem brotum úr ferli hennar er varpað á skjá aftast á sviðinu. Líkamstjáning hennar er algjörlega einstök og tímasetningarnar óviðjafnanlegar, þrátt fyrir að ekkert hljóð væri á brotunum þá voru áhorfendur byrjaðir að tísta úr hlátri áður en ljósin voru slökkt.

Sviðsetningin er einhvers konar sambland af spjallþætti og kabarett þar sem Edda ræðir feril sinn, bæði sigra og vonbrigði. Töluverðu púðri er eytt í byrjun í að afbyggja hennar frægasta hlutverk, Stellu í Stellu í orlofi sem auðvitað verður að afgreiða. Hugmyndin er góð en framkvæmdin heppnast ekki nægilega vel þar sem aldrei er glímt nægilega við efniviðinn en af nægu er að taka. Einnig tekur hún fyrir draumahlutverkin sem hún fékk aldrei tækifæri til að leika, til dæmis Bernhörðu Alba, og ýmsar fígúrur úr söngleiknum Cats og Lína Langsokkur mæta þannig á svæðið.

Handritið, sem er skrifað af Eddu og Björk Jakobsdóttur, er því miður ekki nægilega sterkt og leikstjórn Gunnars Helgasonar ómarkviss sem veikir sýninguna enn frekar. Í raun kristallast sýningin í óreiðu þar sem útkoman er hvorki fugl né fiskur. Mikið er gert úr því að stöðugt var verið að breyta handritinu í æfingarferlinu, ný útgáfa birtist undir teppi á einum tímapunkti. Svo virðist þó sem ekki sé nein lokaútgáfa til og að engar skýrar ákvarðanir hafi verið teknar af handritshöfundunum tveimur.

Sviðshreyfingar Selmu Björnsdóttur, sem er mikil hæfileikamanneskja, gera ekki mikið fyrir framvinduna þar sem danssenurnar virðast vera uppfyllingarefni frekar en sjálfstæð atriði. Diskóserían sem lokar sýningunni fyrir hlé er eiginlega algjörlega óskiljanleg, alltof löng og erfitt er að sjá tilganginn með öllu prjálinu þar sem grínið er löngu hætt að vera fyndið áður en atriðið er búið. Bergþór Pálsson og Gunnar Hansson eru Eddu til halds og trausts en fá í raun og veru frekar lítið haldbært að gera nema nokkur búningaskipti og að fylla upp í eyðurnar, annaðhvort með vandræðalegum þögnum, einhvers konar reddingum eða tónlistaratriðum. Allar persónurnar sem birtast virðast vera hálfkláraðar og senurnar ekki nægilega vel úthugsaðar, sýningin nær þannig ekki takti fyrr en í seinni hlutanum.

Eftir hlé eru þó nokkrir góðir sprettir. Þar má sérstaklega nefna bleikklæddu búningadömuna sem mögulega er búin að fá sér aðeins of mikið í litlu tána og lætur Viggu systur sína, mögulega þekkta stjórnmálakonu, bíða eftir sér á barnum. Einnig er lágstemmd endurgerð á frægri senu með Eddu í aðalhlutverki virkilega skemmtileg og hefði þess verið óskandi að fleiri atriði á borð við þessi tvö hefði verið að finna.

Eddan rambar stundum á flottar útfærslur og hugmyndirnar sem sýningin byggist á eru ágætar en það heppnast ekki nægilega vel að finna þeim reglulega fyndinn eða heildstæðan farveg sem keyri sýninguna áfram. Sigríður Jónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Edda Björgvinsdóttir á nokkra kostulega spretti en slakt handrit og fálmkennd framkvæmd dregur sýninguna niður.

## Fetti sig og bretti

TÓNLIST ★☆☆☆☆

Tinna Þorsteinsdóttir lék á píanó og dótapíanó í Norðurljósum í Hörpu á Myrkum músíkdögum sunnudaginn 1. febrúar.

Leikfangapíanó, eða dótapíanó, eru ekki algeng í tónlistarlífinu. Skyldi engan undra, nóturnar í því eru afar fáar. Slíkt hljóðfæri hefur samt sjarmerandi hljóm, ef maður heldur sig við þá möguleika sem það býður upp á. Því miður var ekki svo á tónleikum Tinnu Þorsteinsdóttur á Myrkum músíkdögum á sunnudaginn, nema í undantekningartilvikum.

Á sviðinu voru þrjú dótapíanó í mismunandi stærðum auk venjulegs flygils. Fyrst á dagskrá var svokölluð Útvarpssaga eftir Ingibjörgu Friðriksdóttur. Þar heyrðist þulur úr hátölurum lesa hvað píanóleikarinn átti að gera við dótapíanóið. Það voru ekki raunhæfar leiðbeiningar. Tinna fór langt út fyrir það sem hægt er að gera, spilaði of margar nótur, alltof hratt.

Næst var verk eftir sama tónskáld sem var ekki mikið áheyrilegra. Þar voru forritunarskipanir vélritaðar á skjá sem var varpað á tjald fyrir ofan sviðið. Þetta kveikti á ýmsum síendurteknum raftónahendingum úr tölvu. Þær voru frekar aumingjalegar. Inn á milli spilaði píanóleikarinn mismunandi einingar sem hún hafði á nótum fyrir framan sig. Heildarmyndin var einn hrærigrautur af ómstríðum hljómum sem áttu illa saman.

Ekki tók betra við. Negative Dynamics II: entangled strata og Theory-Fiction: non-corresponding variance eftir Einar Torfa Einarsson voru verk sem báru virðulega titla. En það var ekkert virðulegt við tónlistina. Hún var skrípaleikur þar sem píanóleikarinn geiflaði sig í framan, fetti sig og bretti og baðaði út öllum öngum.

Flest annað á dagskránni var á svipuðum nótum. Best voru verk eftir Hallvarð Ásgeirsson, en þar var loksins einhverja alvöru músík að finna. Þetta voru tvö verk, hið fyrra bar nafnið Miniatures, það seinna Toccata. Miniatures samanstóð af áhugaverðum blæbrigðum og sótti sífellt í sig veðrið. Það var orðið býsna kraftmikið undir það síðasta. Tinna hefði þó mátt spila skýrar, hröðustu tónahlaupin voru fremur loðin. Toccatan var hins vegar fín hjá henni, það var eina tónsmíðin fyrir dótapíanó sem tók mið af möguleikum hljóðfærisins. Hún var snyrtileg og vel fram sett. Þarna var ljós í myrkrinu. Reyndar mátti einnig hafa gaman af eins konar leikhúsverki eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur. Það samanstóð af ýktum hreyfingum sem sumir tilgerðarlegir píanóleikarar gera sig seka um. Tónlistin sjálf var bara eitthvert bull, en hún átti líka að vera það. Hér var Tinna fyrst og fremst að þykjast spila eitthvað ógurlega dramatískt, án þess að gera það. Það vakti nokkra kátínu í salnum. Ég vildi óska þess að annað á tónleikunum hefði verið jafn fyndið. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Tinna Þorsteinsdóttir er dugleg að bera á borð tilraunakennda tónlist. Hún á lof skilið fyrir það. En hér heppnuðust tilraunirnar sjaldnast.



**VIÐ DÓTAPÍANÓ** „Tinna Þorsteinsdóttir er dugleg að bera á borð tilraunakennda tónlist. Hún á lof skilið fyrir það,“ segir meðal annars í dómnum.


Showmenn
íslenskir erum við
Ragnar Bjarnason og Ómar Ragnarsson
ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni
Brandenburg
Ekki missa af ógleymanlegri kvöldstund með helstu skemmtikröftum þjóðarinnar
Stórskemmtilegir sögutónleikar í Salnum með félögunum Ragga Bjarna, Ómari Ragnarssyni og Þorgeiri Ástvaldssyni. Þeir syngja öll sín vinsælustu lög og segja sögurnar á bak við þau – og þær eru þó nokkrar!
Miðasala á midi.is, salurinn.is, í miðasölu Salarins og í síma 441 7500.
Föstudagur, 20. febrúar kl. 20
Laugardagur, 21. febrúar kl. 20
Sunnudagur, 22. febrúar kl. 16
DÆGURFLUGAN



**NÓG AF SNJÓ** Eitt tonn af snjó var flutt úr Bláfjöllum og sturtað á Arnarhól í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tonni af snjó bætt við

## Snjóbrettakappar landsins sameinast á Arnarhóli.

„Það var verið að dömpa helling af snjó niður þannig að aðstæðurnar eru orðnar góðar á Arnarhóli,“ segir Davíð Arnar Oddgeirsson, einn af skipuleggjendum Snjóbrettapartísins á Arnarhóli.

Partíið er skipulagt af fyrirtæki Davíðs Arnars, Mintsnow, Höfuðborgarstofu og Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

„Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, kom með hugmyndina að þessu til mín fyrir sex vikum og fékk hún svo samþykki fyrir þremur vikum. Við ætlum að gera eins vel og við getum þó að fyrirvarinn hafi verið lítill.“

Viðburðurinn verður tekinn upp af framleiðslufyrirtækinu Mint Production, sem er í eigu Davíðs en fyrirtækið hefur vakið mikla lukku fyrir netþætti sína á Vísi, Illa farnir.

„Það er öllum boðið að vera með. Ég hef dreift orðinu í brettaheiminum og geri ráð fyrir að allavega 30 til 40 strákar mæti til að sýna listir sínar,“ bætir Davíð við.

Viðburðurinn er hluti af opnunarhátíð Vetrarhátíðar í Reykjavík. „Þetta er í fyrsta sinn sem við höldum þennan viðburð og vonum að hann eigi bara eftir að stækka ár frá ári.“ Partíið byrjar klukkan 20.00 á fimmtudagskvöld. - glp

# Vonarstræti og París norðursins með tólf

## Tilnefningar til Eddu-verðlaunanna voru tilkynntar í Bíói Paradís í gær.

Kvikmyndirnar Vonarstræti og París norðursins hlutu flestar tilnefningar til Edduverðlaunanna 2015, eða tólf talsins hvor. Tilkynnt var um tilnefningarnar á blaðamannafundi Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar í Bíói Paradís í gær.

Kvikmyndin Borgríki: Blóð hraustra manna hlaut fjórar tilnefningar

Alls sáu 28 manns í fjórum valnefndum um að velja tilnefningar úr innsendum verkum en 108 verk voru send inn í Edduna í ár.

Rafræn kosning Akademíumeðlima hefst 5. febrúar og stendur til 16. febrúar. Edduverðlaunahátíðin sjálf fer svo fram í Silfurbergi í Hörpu 21. febrúar og er sjónvarpað beint og í opinni dagskrá á Stöð 2. Þar verða veittar 25 Eddustyttur til þeirra sem þykja skara fram úr í íslenska kvikmynda- og sjónvarpsbransanum.



**TILNEFNINGAR** Frá blaðamannafundinum í Bíói Paradís þar sem tilkynnt var um tilnefningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hluti tilnefninganna til Eddunnar

**Kvikmynd**
*Borgríki 2: Blóð hraustra manna* · Poppoli
*París norðursins* · Kjartansson og Zik Zak
*Vonarstræti* · Kvikmyndafélag Íslands

**Leikið sjónvarpsefni**
*Hraunið* · Pegasus
*Hreinn Skjöldur* · Hláturskast og Bentlehem
*Stelpurnar* · Sagafilm

**Leikari í aðalhlutverki**
*Björn Thors* · París norðursins
*Sigurður Sigurjónsson* · Afinn
*Þorsteinn Bachmann* · Vonarstræti

**Leikkona í aðalhlutverki**
*Hera Hilmarsdóttir* · Vonarstræti
*Nína Dögg Filippusdóttir* · Grafir & bein
*Ólafía Hrönn Jónsdóttir* · Ó, blessuð vertu sumarsól

**Sjónvarpsmaður**
*Bogi Ágústsson*
*Brynja Þorgeirsdóttir*
*Hilda Jana Gísladóttir*
*Logi Bergmann*
*Unnsteinn Manúel Stefánsson*

**Skemmtiþáttur**
*Andri á Færeyjaflandri* · Stórveldið
*Hraðfréttir* · RÚV
*Ísland got talent* · RVK Studios og Stöð 2
*Logi* · Stöð 2
*Orðbragð* · RÚV

**Frétta- eða viðtalsþáttur**
*Brautryðjendur* · RÚV
*Brestir* · Stöð 2
*Kastljós* · RÚV
*Landinn* · RÚV
*Málið* · Majestic Productions

KIA | Ábyrgð fylgir!
Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




Kia Rio LX
Árgerð 5/2013, ekinn 76 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,1 l/100 km.
2.190.000 kr.

Hagstæð fjármögnun hjá Landsbankanum
Afborgun aðeins 33.847 kr. á mánuði m.v. 399.000 kr. útborgun og 80% bilalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,33% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.




Kia Sportage EX
Árgerð 7/2013, ekinn 32 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.990.000 kr.




Kia Carens
Árgerð 9/2013, ekinn 32 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,1 l/100 km.
4.290.000 kr.




Kia cee'd EX
Árgerð 6/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,5 l/100 km.
3.690.000 kr.




Kia Sorento EX Luxury
Árgerð 6/2012, ekinn 76 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
5.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16




## Gamli góði — 20 BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð.
Rækjusalat og fínt brauð.



**3.680 kr.**

## Eðalbakki — 20 BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi paprika, salatmix og kornbrauð.



**3.680 kr.**

## Lúxusbakki — 20 BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



**3.680 kr.**

## Tortilla partýbakki — 30 BITAR

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur og spínat. Fetaostur, rauðlaukur og spínat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat og lauksósa.




**4.100 kr.**

## Tortilla veislubakki — 30 BITAR

Reykt skinka, egg og jöklasalat. Tikka masala kjúklingur og jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar og salatmix.



**4.100 kr.**

## Tortilla heilsubakki — 30 BITAR

Heilhveititortilla, hummus, paprika og salatmix. Heilhveititortilla, reyktur lax, salatmix og rjómaostur. Tómattortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, og lauksósa.



**4.100 kr.**

## Pítubakki — 24 BITAR

Tikka masala kjúklingur og íssalat. Reykt skinka, eggja- og íssalat.



**3.680 kr.**

## Ávaxtabakki — 10 MANNS

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



**2.800 kr.**

## Kökubakki — 24 BITAR

Eplakaka, súkkulaðikaka, gulrótarkaka.



**3.300 kr.**

**Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.**

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi? Viltu hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum upp á ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum og kökum og jafnvel ávöxtum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru **4** bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en **kl. 15:30** daginn fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI
Ferskt á hverjum degi

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola


| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MORTDECAI | 10 | 12 |
| TAKEN 3 | 10 | 16 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN

SÝND MEÐ ÍSL. OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
8 ÓSKARSTILNEFNINGAR
6 ÓSKARSTILNEFNINGAR
AMERICAN SNIPER
THE IMITATION GAME

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 3D | KL. 6:20 | L |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 | L |
| WILD CARD | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WILD CARD VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| THE IMITATION GAME | KL. 9 | 12 |
| SEARCH PARTY | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 | L |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKT TAL 2D | KL. 6 - 8 - 10:10 | L |
| WILD CARD | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI HOFFMANNS ÓPERA | KL. 6 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| WILD CARD | KL. 10:30 | 16 |
| THE IMITATION GAME | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 9 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WILD CARD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| WILD CARD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 | 12 |
| SEARCH PARTY | KL. 10:10 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

ÖMURLEG BRÚÐKAUP
BÉLIER FJÖLSKYLDAN
SVAMP SVEINSSON 3D

SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SVAMPUR SVEINSSON 3D | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| MORTDECAI | KL. 8 | 12 |
| MORTDECAI LÚXUS | KL. 10.25 | 12 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 8 - 10.25 | 12 |
| BLACKHAT | KL. 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 LÚXUS | KL. 8 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 5 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.45 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MR. TURNER | KL. 8 | 10 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL. 5.30 | L |
| TAKEN 3 | KL. 10.20 | 16 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | KL. 5.30 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 5.30 - 8 - 10.20 ÍSL TEXTI | L |
| BÉLIER FJÖLSKYLDAN | KL. 5.30 - 8 ENS. TEXTI | L |




# Æskuheimili bítils til sölu

Eitt af æskuheimilum bítilsins fyrrverandi, Pauls McCartney, fer á uppboð síðar í mánuðnum.

Húsið, sem er á Western Avenue í Liverpool, er að sögn tónlistarmannsins fyrsta húsið sem hann man eftir að hafa búið í og upphafsboð er 100.000 pund.

Annað af æskuheimilum tónlistarmannsins, sem er á Forthlin Road númer 20, er nú í eigu The National Trust en McCartney á að hafa verið búsettur þar ásamt foreldrum sínum þegar tónlistarferill hans hófst.

Uppboðið fer fram þann 26. febrúar og verður haldið á barnum Cavern Club þar sem Bítlarnir spiluðu áður en þeir risu til frægðar og frama.

# Að kyssa eða ekki kyssa?

**BAKÞANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Í því góða og oftast vinalega landi sem við búum í, þar sem reglur og viðmið eru í hávegum höfð, hefur alveg gleymst að ræða eitt. Og það eru kossavenjur landans.

**ÞAÐ** hefur algjörlega farist fyrir að skapa almennt regluverk fyrir kossa. „Kossa?" Kann einhver að spyrja og já, þá á ég ekki við eldheit ástaratlot para (sem fólk ætti bara að stunda heima hjá sér, það er ekkert meira óþolandi en fólk sem er alltaf í sleik á almannafæri, en þetta var útúrdúr), heldur það þegar fólk heilsar manni með koss á kinn.

**ÉG HELD** að þessi siður, það er að heilsa fólki með koss á kinn, sé tiltölulega ungur hér á landi og kann það að skýra að einhverju leyti ólíkar aðferðir fólks til iðkunar hans.

**EFTIR** því sem ég kemst næst þá eru engar tilteknar reglur um það hvernig þessi athöfn á að fara fram og þetta er oft uppspretta afar vandræðalegra augnablika. „Kyssa eða ekki kyssa?" er nefnilega spurning sem fólk lendir í, í alltof mörgum aðstæðum.

**HVER** kannast ekki við það að einhver kunningi kemur á móti þér og gerir sig líklegan til þess að kyssa þig á kinn. Jú, gott og vel. Þú kyssir á móti til að vera kurteis en alltof oft lendir maður í því að kyssa eyrað eða hárið á einhverjum í vandræðagangi af því að aðilinn kyssir ekki heldur leggur vanga við vanga. Og svo öfugt. Sumir kyssa líka báða vanga og stundum oftar en tvisvar.

**ÞAÐ ER** algjörlega ómögulegt að vita hvenær fólk tekur upp á þessu því að aðferðirnar eru svo misjafnar. Í löndum eins og Frakklandi eru til óskráðar reglur um þessar kossavenjur sem geta verið misjafnar eftir landshlutum. Hér á landi er ekkert kerfi til og því engin leið að vita hvernig á að bera sig að.

**HVERNIG** væri nú að við myndum sameinast sem þjóð í að útrýma óþarfa vandræðalegum eyrnakossum og finnum á þessu lausn. Hvernig væri að gefa bara gott knús í staðinn?

# ÓSKARSTILNEFNDIR HITTUST Í STJÖRNUHÓFI

Tímaritið Hollywood Reporter hélt á mánudag hóf til heiðurs þeim sem eru tilnefndir til Óskarsverðlaunanna í ár. Athöfnin fór fram á Beverly Hilton-hótelinu í Los Angeles og að sjálfsögðu var Jóhann Jóhannsson þar á meðal. Hann er tilnefndur til Óskarsins fyrir tónlist sína í The Theory of Everything.



**JÓHANN JÓHANNSSON** Tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson var að sjálfsögðu á meðal gesta. NORDICPHOTOS/GETTY



**SJÖUNDA TILNEFNINGIN** Robert Duvall er tilnefndur í sjöunda sinn til Óskarsins fyrir aukahlutverk í The Judge.




**MICHAEL KEATON** TIlnefndur sem besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Birdman.



**COMMON** Rapparinn er tilnefndur fyrir lag í myndinni Selma. Með honum er leikstjórinn Ava DuVernay.



**AMERICA FERRERA** Á meðal viðstaddra var leikkonan sem er þekktust fyrir sjónvarpsþættina Ugly Betty.



**LAURA DERN** Leikkonan er tilnefnd fyrir aukahlutverk sitt í Wild. Hún var síðast tilnefnd fyrir þrettán árum fyrir Rambling Rose.



**MARION COTILLARD** tilnefnd sem besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Deux jours, une nuit.



**RACHEL ZOE** Bandaríski stílistinn er þekktur fyrir að störf sín í Hollywood.



BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Whiplash ............ 18.00, 22.20
Hross í oss ENG SUB ............ 18.00
A most wanted man ..... 20.00
Girlhood ............ 20.00, 22.15

SÍÐUSTU SÝNINGAR:
Winter sleep ................ 18.00
Mommy .................. 22.00



# ÞVOTTADAGAR

## FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

*Afsláttur af öllum **AEG** þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum.*




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 87.920,-**
Verð áður kr. 109.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 95.920,-**
Verð áður kr. 119.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 127.920,-**
Verð áður kr. 159.900



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 95.920.-**
Verð áður kr. 119.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 39db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 103.920,-**
Verð áður kr. 129.900,-

STÁL **Nú kr. 111.920,-**
Verð áður kr. 139.900



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu. Hljóðlát 43db með 5 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 119.920,-**
Verð áður kr. 149.900,-

STÁL **Nú kr. 127.920,-**
Verð áður kr. 159.900



**ZANUSSI**

**ÞVOTTAVÉL**
ZWGB6120K
Tekur 6 kg af þvotti, 1200 snúninga vinda og sjálfvirk vatnsskömmtun.

**Nú kr. 69.900,-**

**0% VEXTIR**
Vaxtalausar raðgreiðslur í 12 mánuði.
3,5% lántökugjald.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is**

**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Alltaf verið draumur

Arna Sif Ásgrímsdóttir æfir með stórliði í Svíþjóð í eina viku og spilar einn æfingaleik með því.



**FÓTBOLTI** Arna Sif Ásgrímsdóttir, fyrirliði Þórs/Ka í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu, er mætt til Gautaborg FC í samnefndri borg í Svíþjóð og mun hún æfa með liðinu í eina viku og spila æfingaleik á sunnudaginn. Gautaborgarliðið hafnaði í þriðja sæti sænsku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð, en um er að ræða eina sterkustu deild Evrópu.

„Ég fékk tölvupóst frá umboðsmanni sem sagðist vera að leita að miðverði fyrir lið í Svíþjóð og spurði mig hvort ég væri samningslaus og hefði áhuga,“ segir Arna Sif við Fréttablaðið um aðdragandann.

„Ég er samningslaus og sagði þetta vera mjög spennandi fyrir mig því stefnan hefur alltaf verið að fara út. Þjálfari Gautaborgar hefur verið að hringja í mig og við ákváðum að ég myndi fara út og skoða aðstæður, æfa með liðinu og sjá svo hvernig fer.“

Þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára gömul hefur Arna Sif spilað með Þór/KA síðan hún var 15 ára og er fyrirliði liðsins. Hún leiddi sitt lið til sigurs á Íslandsmótinu 2012 og á að baki tvo landsleiki fyrir Íslands. Hún vill að þeir verði fleiri í framtíðinni og telur að þetta skref gæti hjálpað sér.

„Ég fer með opnum hug og geri mitt besta. Þetta hefur alltaf verið markmiðið og hjálpar mér algjörlega hvað varðar landsliðið,“ segir Arna Sif Ásgrímsdóttir.

- tom




VALUR – FRAM
Mfl. karla
Í Vodafonehöllinni
í kvöld kl. 19.30
Komdu að styðja strákana okkar!
Áfram Valur!


# Sigfús ætlar að áfrýja til íþróttadómstólsins

Kraftlyftingamaðurinn Sigfús Fossdal er ekki sáttur við tveggja ára keppnisbann. Hann fékk 300 þúsund króna afreksstyrk frá ÍSÍ á svipuðum tíma og dómur féll.



**ALLA LEIÐ MEÐ MÁLIÐ** Sigfús sættir sig ekki við bannið en vill lítið tjá sig. Sigurjón formaður er á minni myndinni. MYNDIR/SIGURJÓN PÉTURSSON OG VALLI

**KRAFTLYFTINGAR** „Þessari niðurstöðu verður áfrýjað til íþróttadómstólsins í Sviss. Það hefur ekki verið neinn vafi á því síðan fjölmiðlar fóru að fjalla um þetta mál,“ segir kraftlyftingamaðurinn Sigfús Fossdal.

Hann féll á lyfjaprófi sem var tekið í heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum en það fór fram í Denver í nóvember á síðasta ári.

Sigfús var settur í bráðabirgðabann 3. desember og bannið var staðfest þann 25. janúar. Sigfúsi er gert að greiða 300 þúsund krónur í sekt og hann fer einnig í tveggja ára keppnisbann frá íþróttinni.

Við þetta unir Sigfús ekki og því ætlar hann að áfrýja til Sviss.

„Ég á von á annarri niðurstöðu hjá þessum dómstóli. Ég var ekki með neinn ásetning að nota ólögleg efni. Ég hef ekki meira um málið að segja að svo stöddu,“ segir Sigfús.

### Bundinn trúnaði

Kraftlyftingasamband Íslands var í vikunni harkalega gagnrýnt af Kraftlyftingafélagi Gróttu fyrir að veita Sigfúsi styrk úr afrekssjóði ÍSÍ upp á 300 þúsund krónur. Tilkynnt var um úthlutun úr sjóðnum 22. janúar. Þrem dögum áður en staðfest var að Sigfús væri á leið í bann.

Grótta segir að það veki furðu að sambandið hafi veitt Sigfúsi styrk þar sem legið hafi fyrir að hann hefði fallið á lyfjaprófi.

„Það ríkti trúnaður með mál Sigfúsar þar til niðurstaða hefur verið birt opinberlega. Ég og stjórnin vorum því bundin trúnaði og þann trúnað ber að virða. Þetta var því eðlilegt verkferli hjá okkur,“ segir Sigurjón Pétursson, formaður Kraftlyftingasambandsins, en hvað með umsókn þeirra um afreksstyrk til handa Sigfúsi?

„Við þurftum að skila inn umsóknum til afrekssjóðs fyrir 30. nóvember en það er ekki fyrr en 3. desember sem við fáum tilkynningu um að Sigfús sé fallinn á lyfjaprófi.“

### Ekki okkar að dæma fólk

Sigurjón segir að ferlið þar til dómur fellur endanlega sé nokkuð langt.

„Sigfús trúir ekki niðurstöðu A-sýnis og óskar eftir því að B-sýni sé opnað og verði greint. Það kostar hann yfir 100 þúsund krónur. Sama niðurstaða kom úr því prófi. Hann fær síðan frest til þess að efnagreina fæðubótarefni sem hann hafði verið að taka. Sigfús grunar að efnið sem fannst í honum sé í því fæðubótarefni þó svo það komi ekki fram í innihaldslýsingu. Þar fer hann í meiri tilkostnað,“ segir Sigurjón en ekkert kom út úr því. Þá sé boðað til málsvarnar sem síðan er lögð fyrir lyfjadómstólinn. Dómstóllinn kveður síðan upp sinn dóm og sá dómur kemur seint í janúar.

„Í millitíðinni vinnur afrekssjóður sín mál og hann vinnur út frá því að menn séu saklausir þar til sekt er sönnuð.“

Þó svo búið hafi verið að tilkynna um úthlutun úr afrekssjóði til Sigfúsar þá er hann ekki búinn að fá peningana. Hann fær þá peninga heldur ekki strax.

„Ekki meðan málið er enn í ferli. Þá fær hann ekki úr sjóðnum. Við gátum heldur ekki afturkallað umsóknina um styrkinn meðan ekki var búið að dæma í því. Þá erum við að taka okkur dómsvald í hendur. Er það okkar að dæma fólk? Hver vill komast í þá stöðu að sakfella fólk og síðan brjóta trúnað?“

henry@frettabladid.is








**TVÖ STÖRF** Óskar Bjarni þjálfar bæði lið Vals út tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Það mun reyna á mig

Valur og Fram mætast í fyrsta leik ársins í Olís-deild karla í kvöld. Mikið mun mæða á Óskari Bjarna.

**HANDBOLTI** „Það er alltaf gaman að byrja á ný. Það ríkir mikil eftirvænting hjá okkur,“ segir Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna í Olís-deild karla í handbolta, en deildin hefst á ný eftir 48 daga HM-frí í kvöld. Reykjavíkurliðin Valur og Fram mætast í fyrsta leik 17. umferðar í Vodafone-höllinni klukkan 19.30.

„Mér líst vel á þetta. Það eru allir heilir og ferskir. Við vorum á góðum skriði fyrir fríið áður en við töpuðum síðasta leiknum. Þessi deild er samt jöfn og tilfinningin er að allir geti reytt stig af öllum,“ segir Óskar Bjarni.

Hann hóf tímabilið sem aðstoðarmaður Jóns Kristjánssonar sem var ráðinn þegar Ólafur Stefánsson ákvað óvænt að fara í frí. Óskar stýrir nú bæði karla- og kvennaliðum félagsins út tímabilið, en Alfreð Örn Finnsson er kominn heim úr atvinnumennsku og aðstoðar hann hjá konunum.

„Það mun reyna á mig. Það gekk frábærlega hjá strákunum að kúpla sig í gegnum breytingarnar sem voru „sjokk“ fyrir þá. Jón var mjög góður og strákarnir gerðu þetta mjög vel. Nú er undir mér og okkur komið að viðhalda því,“ segir Óskar Bjarni.

Deildin heldur svo áfram á morgun með fjórum leikjum. Þeir eru: ÍBV-Haukar, Akureyri-ÍR, Stjarnan-FH og HK-Afturelding.

Valsmenn eru á toppnum ásamt ÍR með 24 stig.

- tom



**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis**
**26. febrúar**

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2015

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

Heimilistæki ht.is

365

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

# DAGSKRÁ



**STÖÐ 2 kl. 20.05**

**Á uppleið**

Nýr vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Sindra Sindrasonar. Í hverjum þætti kynnumst við íslenskum konum, vel menntuðum, metnaðargjörnum og frábærum fyrirmyndum sem lifa drauminn í London.

## Í KVÖLD



**Hart of Dixie**

**STÖÐ 3 KL. 19.00** Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.



**Grey's Anatomy**

**STÖÐ 2 KL. 20.55** Ellefta þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



**The Following**

**GULLSTÖÐIN KL. 21.00** Önnur röðin af þessum spennandi þáttum en síðasta þáttaröð endaði í mikilli óvissu um afdrif fjöldamorðingjans Carrolls og einnig hvað varðar söguhetjuna Ryan Hardy. Eitt er víst að nýtt illmenni verður kynnt til leiks í þessari þáttaröð.



**Bylgjan kl. 10.00**

**Ívar Guðmunds**

Ívar Guðmunds með góða tónlist á Bylgjunni.






## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Victorious
**08.05** The Wonder Years
**08.30** I Hate My Teenage Daughter
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** Gatan mín
**14.10** Fairly Legal
**14.55** Veistu hver ég var?
**15.40** Victorious
**16.05** Raising Hope
**16.25** The Goldbergs
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.05** Á uppleið
**20.30** A to Z
**20.55** Grey's Anatomy
**21.40** Bones
**22.25** Getting On
**22.55** NCIS
**23.40** NCIS
**00.25** Crimes That Shook Britain
**01.15** Major Crimes
**02.00** Red Dawn
**03.30** Stand By Me
**04.55** How I Met Your Mother
**05.20** The Middle
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Man. Utd. - Cambridge
**11.10** Barcelona - Villarreal
**12.50** Sheffield Utd. - Tottenham
**14.30** Spænsku mörkin 14/15
**15.00** Fjórgangur
**18.00** Man. Utd. - Cambridge
**19.40** Bolton - Liverpool BEINT
**21.45** Super BOWL XLIX - New England vs Seattle
**00.15** Real Madrid - Sevilla

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** WBA - Tottenham
**13.40** Premier League Review
**14.35** Man. Utd. - Leicester
**16.15** Football League Show
**16.45** Crystal Palace - Everton
**18.25** Arsenal - Aston Villa
**20.05** Chelsea - Man. City
**21.45** Messan
**23.00** Southampton - Swansea
**00.40** Premier League World 2014

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Hot in Cleveland
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**20.35** Baby Daddy
**20.55** Flash
**21.40** Arrow
**22.20** Sleepy Hollow
**23.05** Supernatural
**23.45** Hart of Dixie
**00.30** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**01.20** Baby Daddy
**01.40** Flash
**02.25** Arrow
**03.05** Sleepy Hollow
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Latibær **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Kalli á þakinu **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Mamma Mu **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Latibær **12.46** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Kalli á þakinu **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Mamma Mu **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Latibær **16.46** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Kalli á þakinu **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Mamma Mu **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Ferðin til tunglsins **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.50** Friends
**19.15** Mom
**19.40** Modern Family
**20.00** Two and a Half Men
**20.25** Heimsókn
**20.45** Sælkeraferðin
**21.00** The Following
**21.45** Cold Case
**22.30** Chuck
**23.15** Ally McBeal
**23.55** Vice
**00.25** Heimsókn
**00.40** Sælkeraferðin
**00.55** The Following
**01.40** Cold Case
**02.25** Chuck

## BÍÓSTÖÐIN

**11.35** Mary and Martha
**13.05** Underground: The Julian Assange Story
**14.40** Mrs. Doubtfire
**16.45** Mary and Martha
**18.20** Underground: The Julian Assange Story
**19.55** Mrs. Doubtfire
**22.00** Haywire
**23.35** The Bourne Legacy
**01.50** The Expendables 2
**03.30** Haywire

## RÚV

**16.35** Mánudagsmorgnar
**17.20** Disneystundin
**17.21** Gló magnaða
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Fínni kostur
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** **Ekki gera þetta heima** Norsk fræðsluþáttaröð um hressandi tilraunir. Þeir Rune Nilson og Per Olav Alvestad láta sér detta ýmislegt misgáfulegt í hug og hrinda því yfirleitt í framkvæmd.
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Gettu betur
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** **Flótti Edwards Snowden** Heimildarmynd um það hvernig Edward Snowden komst frá Hong Kong til Moskvu, eftir að hafa lekið upplýsingum um starfsemi Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna til WikiLeaks. Snowden er eftirlýstur í Bandaríkjunum og á yfir höfði sér þungan dóm ef hann verður handtekinn.
**23.20** Scott og Bailey
**00.05** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.10** Cheers
**14.35** Jane the Virgin
**15.15** Parenthood
**15.55** Minute to Win It
**16.40** The Biggest Loser - Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** **The Millers** Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu. Í hverfinu býr hræðileg norn sem hefur skelft íbúana í áratugi.
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Benched
**21.05** Madam Secretary
**21.50** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Scandal
**00.00** How to Get Away with Murder
**00.45** Madam Secretary
**01.30** Blue Bloods
**02.15** The Tonight Show

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2015
**08.50** PGA Tour 2015
**13.50** Golfing World 2015
**14.40** PGA Tour 2015 - Highlights
**15.35** European Tour 2015
**18.00** Golfing World 2015
**18.50** European Tour 2015
**22.50** Golfing World 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


MIÐASALA HEFST Í DAG KL.10!
SÖNGVARAR
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
EGILL ÓLAFSSON
EYÞÓR INGI
PÁLL ÓSKAR
SIGRÍÐUR THORLACIUS
STEFÁN JAKOBSSON
UNA STEF
ÞÚ OG ÉG
HELGA MÖLLER
JÓHANN HELGASON
SÉRSTAKIR GESTIR
BERGÞÓR PÁLSSON
ELMAR GILBERTSSON
ÞÓRA EINARSDÓTTIR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ÞÓRIR ÚLFARSSON
KYNNIR
JÓNAS R JÓNSSON
LEIKSTJÓRI
EGILL EÐVARÐSSON
HEIÐURSGESTUR
GUNNAR ÞÓRÐARSON
HEIÐURSTÓNLEIKAR Í TILEFNI AF
70 ÁRA AFMÆLI GUNNARS ÞÓRÐARSONAR
HIMINN & JÖRÐ
ÖLL ÞEKKTUSTU LÖGIN FLUTT AF LANDSLIÐI ÍSLENSKRA TÓNLISTARMANNA
HRYNSVEIT, STRENGJASVEIT, GOSPEL- OG BARNAKÓR
HARPA 29. MARS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
RÚV
MIÐASALA Á MIÐI.IS, HARPA.IS, Í MIÐASÖLU HÖRPU OG SÍMA 528-5050.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/GUNNI70
sena

## DRYKKURINN



**„Ég er svolítill kaffipervert. Uppáhaldsdrykkurinn minn kallast cortado og er tvöfaldur espresso með örlitlum dreitli af heitri mjólk.“**

Salka Sól Eyfeld, dagskrárgerðarmaður og söngkona

# Myndlistarkonur sem túlka martraðir

Sýningin Mara verður opnuð í Galleríi SÍM í dag og fjallar um túlkun á martröðum. Stendur til 25. febrúar.

Myndlistarsýningin Mara verður opnuð í Galleríi SÍM klukkan 17 í dag. Á bak við sýninguna stendur hópur ungra myndlistarkvenna. „Það var Auður Ómarsdóttir myndlistarkona sem smalaði okkur saman í að halda sýningu,“ segir Freyja Eilíf Logadóttir, ein þeirra sem sýna.

Þemað er hugtakið Mara, oft notað yfir eitthvað sem hvílir þungt eða traðkar á manni, líkt og þungar áhyggjur. Orðið er einnig notað yfir þær verur sem setjast á bringu dreymanda og láta hann fá martröð.

„Við nálgumst viðfangsefnið á okkar forsendum, en erum allar að horfast í augu við raunveruleikann. Það er mismunandi hvernig við túlkum hann, hvort sem það er persónulega, samfélagslega eða draumkennt,“ segir Freyja. Verkin á sýningunni eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg. „Verkin eru mjög opin og eru frásagnir af alls konar martraðarkenndum hugmyndum eða upplifunum,“ segir hún. Sýningin er opin til 25. febrúar. - asi



**MÖRU-KONUR** Auður Ómarsdóttir, Ragnhildur Lára Weisshappel, Sunneva Ása, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Halla Birgisdóttir, Freyja Eilíf Logadóttir og Guðrún Jara.




útsölulok
4.-7. febrúar

50-70%
afsláttur

10% af nýjum vörum



HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS


# Ásgeir í tónleikaferð með alt-J um Ástralíu

Ásgeir sér fyrir sér annasamt ár en stefnir þó á að hefja upptökur á nýrri plötu.

„Mér líst mjög vel á þetta og er mjög spenntur fyrir þessu,“ segir tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti Einarsson en hann er á leið í tónleikaferð með ensku indí-hljómsveitinni alt-J. Hún vann hin virtu Mercury-verðlaun árið 2012 fyrir sína fyrstu plötu, An Awesome Wave.

Um er að ræða tónleikaferð um Ástralíu í maí en fyrstu tónleikarnir fara fram í Brisbane 8. maí og verða helstu borgir heimsálfunnar heimsóttar. „Þetta eru líklega með stærstu tónleikum sem við höfum tekið, þetta eru allt tíu til fimmtán þúsund manna tónleikastaðir,“ segir Ásgeir spurður út í ferðalagið. Hann er mjög vinsæll í Ástralíu og fór tvisvar sinnum þangað á síðasta ári. „Stærsti aðdáendahópurinn okkar er líklega í Ástralíu. Við höfum fengið góða spilun á stórri útvarpsstöð þar, Triple J, þannig að fólk fór að tengja við okkur.“

Spurður út í kynni sín af hljómsveitinni alt-J segist Ásgeir alltaf hafa verið mikill aðdáandi sveitarinnar. „Ég hef hlustað á alt-J síðan hún var stofnuð og hef alltaf fílað hana. Ég er mikill aðdáandi og hef verið frá þeirra fyrstu plötu. Við hittum meðlimi sveitarinnar fyrir ekki svo löngu í Ástralíu, við tókum nokkur festivöl með þeim. Þeir sögðust fíla tónlistina okkar, sem var mjög ánægjulegt,“ útskýrir Ásgeir.

Síðasta ár var mjög annasamt hjá Ásgeiri í tónleikahaldi og sér hann einnig fram á annasamt ár 2015. „Þetta ár verður samt annasamt að öðru leyti. Við tökum þennan Bandaríkjatúr með Hozier, komum svo heim í tvo mánuði og förum svo með alt-J.“

Ásgeir ætlar þó að einbeita sér að lagasmíðum þegar hann er ekki á tónleikaferðalagi og sér fyrir sér að hefja upptökur á nýrri plötu í haust en frumraun hans, Dýrð í dauðaþögn, kom út árið 2012. „Ég er byrjaður að semja og er kominn með góða aðstöðu. Ég hef ekki haft tíma til að semja en þetta er að koma inn núna. Ég hef verið að græja aðstöðu undanfarnar vikur og eftir Bandaríkjatúrinn ætla ég að byrja að vinna á fullu,“ segir hann.

gunnarleo@frettabladid.is



**AFTUR TIL ÁSTRALÍU** Ásgeir ætlar að vinna að nýju efni á árinu þegar hann er ekki á tónleikaferð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Drakk ekkert á síðasta túr

Ásgeir, var nýkominn úr ræktinni þegar blaðamaður náði tali af honum. Er ekki erfitt að halda sér í formi þegar maður er á stöðugu tónleikahaldi?
„Ég byrjaði í átaki á síðasta Ástralíutúr. Ég reyni að hreyfa mig á hverjum degi og hef gaman af því að lyfta. Það erfiðasta við það er að maður þarf að reikna út daginn, hvenær maður hefur tíma. Svo þarf maður að finna sér líkamsræktarstöð á þeim stað þar sem maður er.“
Hann segist reyna að lifa heilsusamlegu lífi þó svo að mikið partístand geti einkennt tónleikaferðir. „Á síðasta túr sleppti ég alveg að drekka og það var frábært. Þá er maður meira „on it“, sefur betur og hreyfir sig frekar. Annars er alltaf nóg af áfengi í boði þar sem maður kemur á þessum ferðalögum.“

# Dýrasta pókermót í sögu Íslands

Alls kostar 115 þúsund krónur að taka þátt og 100 þúsund að kaupa sig inn.

Dýrasta pókermót Íslandssögunnar verður haldið á Grand hóteli á laugardag. 115 þúsund krónur kostar að taka þátt og spilararnir sem detta út mega kaupa sig aftur inn fyrir 100 þúsund. Aldrei áður hefur Pókersamband Íslands haldið mót með svo háum fjárhæðum.

Mest geta 48 spilað í einu og í gær höfðu um 40 manns skráð sig. Keppt verður í Stórbokka, eða High Roller, og spilað verður fyrir luktum dyrum.

Davíð Þór Rúnarsson, formaður Pókersambands Íslands, segir að von sé á öflugum spilurum. „Það sem fólk kannski veit ekki er að fjölmargir íslenskir pókerspilarar eru í heimsklassa. Þarna eru því samankomnir alvöru stórbokkar, bestu spilararnir í bland við vel fjáða einstaklinga,“ segir hann.

Spilað verður á efri hæðum hótelsins við fyrsta flokks aðstæður og verður þríréttaður kvöldverður snæddur í hliðarsal.

Að sögn Davíðs Þórs er algjörlega farið að lögum. „Nýverið fékk ég sent bréf frá forseta Sport's Accord um að Alþjóða pókersambandið væri nýjasti meðlimur sambandsins. Sport's Accord heldur utan sambönd eins og FIFA og Alþjóðahandboltasambandið og í rauninni alþjóðleg sambönd allra löglegra íþróttagreina hérlendis. Svo svarið er já, mótapóker er löglegur á Íslandi.“ - fb



**DAVÍÐ ÞÓR RÚNARSSON** Davíð Þór er formaður Pókersambands Íslands sem stendur fyrir Íslandsmótinu í Stórbokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Borgarleikhúsið í samstarfi við Baltasar Kormák

# Billy Elliot

Höfundur Lee Hall | Tónlist Elton John | Leikstjórn Bergur Þór Ingólfsson | Upprunaleg leikstjórn Stephen Daldry

SÖNGLEIKURINN




## FORSALA HEFST Í DAG KL 10

## FRUMSÝNING 6. MARS

FORSÖLUTILBOÐ EINGÖNGU Í DAG 1000 KR. AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI

Frumsýning

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fös 6/3 kl.19 | Mið 11/3 kl.19 | Mið 18/3 kl.19 | Fim 26/3 kl.19 | Fim 9/4 kl.19 |
| Lau 7/3 kl.19 | Fim 12/3 kl.19 | Fim 19/3 kl.19 | Fös 27/3 kl.19 | Lau 11/4 kl.19 |
| Sun 8/3 kl.19 | Sun 15/3 kl.19 | Fös 20/3 kl.19 | Sun 29/3 kl.19 | Sun 12/4 kl.19 |
| Þri 10/3 kl.19 | Þri 17/3 kl.19 | Sun 22/3 kl.19 | Mið 8/4 kl.19 | Fim 16/4 kl.19 |

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

BORGARLEIKHÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177



LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óli Prik frumsýndur

Heimildarmyndin Óli Prik, þroskasaga þjóðhetju, var frumsýnd í gær. Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður fylgdi handboltahetjunni **Óla Stef** eins og skuggi í heilt ár. Mikill fjöldi fólks mætti á frumsýninguna til að fá innsýn í hugarheim Óla og lét vel af. Þeirra á meðal voru Eldar Ástþórsson, markaðsmaður hjá CCP, og Eva Einarsdóttir varaborgarfulltrúi, Hrönn Sveinsdóttir, systir leikstjórans og bíóstjóri Bíós Paradísar, Sigríður Thorlacius söngkona, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, menntafrömuður og frænka Óla, Björn Zoëga, fyrrverandi forstjóri Landspítalans og Silja Hauksdóttir leikstjóri. - hkh



### Edda kynnir Edduna

Leikkonan og nafna Edduverðlaunahátíðarinnar, **Edda Björg Eyjólfsdóttir**, verður kynnir á hátíðinni sem fer fram í Silfurbergi í Hörpu þann 21. febrúar næstkomandi.

Á hátíðinni verða veittar alls 28 Eddustyttur og eru verðlaunin veitt til þeirra sem þykja hafa skarað fram úr í íslenska kvikmynda- og sjónvarpsbransanum en tilnefningarnar voru kynntar í Bíói Paradís í gær.

Kynnir hátíðarinnar í fyrra var leikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir, en eftirminnilegt þótti þegar Ólafía hrasaði á sviðinu undir lok kvöldsins er leið hennar lá að trommusetti sem ætlað var að slá botninn í kvöldið. - gló



## Mest lesið Vísir

1 Sex ára strákur rambaði inn á grófa klámsíðu: „Það er þessi píkusíða“
2 Eigendur Kron ósáttir: „Myndir þú kaupa þessa skó með 20 prósenta afslætti?“
3 Húðskammaði mann sem káfaði á henni í flugvél
4 Biggi lögga sagður brengla umræðuna vísvitandi
5 Good Morning America á Íslandi: Ginger Zee gapandi yfir fegurð landsins








KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunar- og töskugjald ekki innifalið.